Áhrifamestu augnablikin
ljósmyndir 34

H&M
í stöðugri sókn
viðskipti 42

LINflúensufaraldur
körfubolti 40

spottið 16

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Helgarblað
18. febrúar 2012
42. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

Húmorinn bjargar
Kristín Ósk Óskarsdóttir þjáist af óbærilegum verkjum vegna endómetríósu.
fólk 32

Splunkuný systir
Emilíana, Jakob og Rebekka eru fallegur systkinahópur.
krakkar 54

Ást og hatur í Biblíunni
Trúartextinn, boðskapurinn og samfélagsleg skírskotun.
trúmál 26

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Handverksbakarí | Allt | Allt atvinna

MAMMA ANGÓLA Ana Maria Unnsteinsson er umfjöllunarefni Mama Angola, lagsins vinsæla með Retro Stefson, en Unnsteinn og Logi synir hennar eru meðlimir sveitarinnar. Ana Maria, sem hefur búið á Íslandi í sautján ár, missti allt samband við ættingja sína í Angóla í fimm ár og hélt að þeir væru látnir. Hún hefur gengist undir tvær nýrnaígræðslur og heldur sér í formi með dansi. **Sjá síðu 24.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nokkrar beiðnir um boranir

Nokkrar beiðnir um rannsóknarleyfi eru í meðferð hjá Orkustofnun. Ekki er beðið Rammaáætlunar sem hefur tafist. Óvíst er hvenær áætluninni lýkur. Frá áramótum fer stofnunin ein með leyfisveitingavaldið.

VIRKJANIR Nokkrar beiðnir um leyfi til rannsóknarborana eru í meðferð hjá Orkustofnun Íslands (OS). Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fór í júlí 2011 fram á frest á útgáfu slíkra leyfa. Hann rann út 1. febrúar og beiðnirnar fóru af stað í stjórnsýslulegt ferli.

Vegna lagabreytinga sem gerðar voru vegna fullgildingar Árósarsamningsins og samþykktar voru á Alþingi 17. september 2011, hefur Orkustofnun ein farið með leyfisveitingavaldið síðan 1. janúar. Stofnunin tekur því ákvörðun um hvort og þá hvaða leyfi eru gefin út, að undangengnu lögformlegu ferli um kynningu og umhverfismat.

Kristinn Einarsson, yfirverkefnastjóri auðlindanýtingar hjá OS, segir að nokkrar umsóknir liggi hjá stofnuninni. Lögformlegt mat um þær hafi farið af stað 1. febrúar, þegar frestur iðnaðarráðherra rann út.

Frestur iðnaðarráðherra miðaðist ekki síst við það að leggja átti rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma fram í febrúar, en það hefur tafist.

„Útgáfan hjá okkur fer bara eftir þeim lögum sem gilda hverju sinni. Það er því sama hvort það er rammaáætlun eða eitthvað annað sem menn bíða eftir að sé meðhöndlað, það gildir þegar þar að kemur," segir Kristinn. Á meðan gildi það sem stendur í lögum hverju sinni.

Stjórnarflokkarnir deila enn um rammaáætlun og óvíst er hvernig leysa á þá deilu. Tekist er á um einstaka virkjanakosti, en málið er á borði iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er allt í hnút í þeim viðræðum og óljóst hvernig og hvenær hann leysist.

Á meðan hefur Orkustofnun leyfi til að gefa út rannsóknarleyfi óháð atbeina ráðherra.

- kóp

SPURNING DAGSINS

Ragnar, hvað búa eiginlega margir í Mosfellsbæ?

„Nógu margir til að borða tuttugu þúsund bollur."

Ragnar Hafliðason er bakari í Mosfellsbakarí þar sem mannskapurinn er í óða önn að baka yfir 20 þúsund bollur fyrir bolludaginn.

Yfirlæknir Leitarstöðvar segir konur með aðrar silíkonfyllingar en PIP áhyggjufullar:

Trufla starfsemi Leitarstöðvar

HEILBRIGÐISMÁL Konur með aðrar silíkonfyllingar en hina umdeildu PIP púða leita nú í auknum mæli til Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins eftir ómskoðun, segir yfirlæknir á stöðinni.

„Umræðan í samfélaginu hefur gert þessar konur áhyggjufullar," segir Kristján Sigurðsson yfirlæknir. „Það er mikið álag á símanum hjá okkur alla daga þar sem beðið er um tíma í ómskoðun, þó svo ekki sé um PIP brjóstafyllingar að ræða. Og það truflar starfsemi Leitarstöðvarinnar."

Kristján sendi öllum læknum bréf í vikunni þar sem hann benti á að hægt sé að fá ómskoðun á fleiri stöðum en á Leitarstöðinni. Dæmi eru um að læknar skrifi út beiðni um ómskoðun fyrir konur með silíkon án þess að nokkur einkenni séu fyrir hendi sem bendi til þess að púðar séu sprungnir.

147 konur með PIP brjóstapúða hafa nú verið skoðaðar af þeim 393 sem fengu boð um ósmskoðun frá velferðarráðuneytinu.

Alls voru 42 konur með PIP brjóstafyllingar ómskoðaðar síðustu tvo daga. Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu er þó ekki búið að taka saman nýjustu tölur um lekatíðni, en þær verða birtar á mánudag. 68 prósent af þeim 105 konum sem skoðaðar voru á síðustu tveimur vikum voru með leka púða. Alls hafa nú 147 konur með PIP púða verið skoðaðar á Leitarstöðinni. - sv

Sitja enn í varðhaldi:

Þrír ákærðir fyrir skotárás

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið ákæru á hendur þremur mönnum vegna skotárásar í Bryggjuhverfinu í nóvember.

Skotið var í gegnum afturrúðu bíls með afsagaðri haglabyssu en enginn særðist í árásinni. Mennirnir hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Mennirnir eru taldir tengjast vélhjólasamtökunum Outlaws og ljóst þykir að árásin tengist uppgjöri vegna fíkniefnaviðskipta. Ekki var búið að birta öllum sakborningum ákæruna síðdegis í gær. - sh

HAFIST HANDA Þau Páll og Lilja Dögg byrjuðu verkið í gærdag. Áætlað er að garðarnir rísi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Barnabækur rifnar úr hillum bókasafns

Fleira fólk leggur leið sína á Amtsbókasafnið á Akureyri en áður. Starfsfólkið tengir fjölgunina við umræðu um lestur barna. Mjög ánægjulegt að fólk skuli bregðast við og lesa fyrir börnin, segir Hólmsteinn Hreinsson amtsbókavörður.

FÓLK Aðsókn og útlán á Amtsbókasafninu á Akureyri hafa aukist mikið á síðustu vikum. Bókasafnið hefur opnað sýningu um yndislestur og einnig barnabókasetur, en amtsbókavörðurinn segir almenna umræðu um lestur barna einnig hafa ýtt við fólki.

„Við tókum eftir því að barnabókunum í barnadeildinni hjá okkur fækkaði, þær bara hurfu," segir Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður. Hann segir að til hafi verið aukaeintök af bókum í geymslu og því hafi verið hægt að bæta við bókum.

„Þá fórum við að gefa því gaum að það væri mikið af fólki að koma með börnin sín." Í kjölfarið hafi starfsfólkið veitt því athygli að fólk hafi komið til að fá ný bókasafnsskírteini, margir hafi framvísað gömlum skírteinum sem eru ekki lengur í notkun og margir sögðust ekki hafa komið á bókasafnið í langan tíma fyrr en nú.

„Okkur fannst þetta afskaplega gleðilegt og ánægjulegt og rekjum þetta beint til þessarar umræðu. Það er mjög ánægjulegt að fólk skuli bregðast við, það vísar til þess að menn séu að vakna, segir Hólmkell. Hann segir umræðu í samfélaginu og fréttir af dvínandi áhuga og lestrargetu barna hafa náð til fólks.

„Og það sem mér finnst ekki síður mikilvægt er upplifunin af því ef fólk er farið að lesa fyrir börnin sín. Það er gott fyrir foreldrana og börnin."

Fyrir hálfum mánuði var opnað Barnabókasetur á bókasafninu í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Minjasafnið. Samhliða því var opnuð sýningin Yndislestur ækju minnar, þar sem þekkt fólk var fengið til að birta hugleiðingar um minnisstæða barnabók.

BARNABÓKASETRIÐ Líflegt hefur verið um að litast á Barnabókasetrinu, sem hefur verið opið í tvær vikur í dag. MYND/AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

> Við tókum eftir því að barnabókunum í barnadeildinni hjá okkur fækkaði, þær bara hurfu.
>
> **HÓLMKELL HREINSSON**
> AMTSBÓKAVÖRÐUR

„Í kringum opnunina varð mikil umræða á Akureyri, sem kemur í framhaldi af umræðunni á landsvísu. Ég held að þetta sé allt að hjálpast að. Það er ekki bara af því að við gerðum þetta hér. Fólk sér líka að þarna er eitthvað sem það getur gert í málunum, sem er bæði gott og einstaklega ódýrt."

thorunn@frettabladid.is

Á SELTJARNARNESI Sífellt fleiri hjóla til vinnu og í tómstundum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

39% fólks hjólar aldrei:

Mun fleiri nota hjól eingöngu

SAMGÖNGUR Mikil aukning hefur orðið á hjólreiðum í Reykjavík, samkvæmt nýrri og viðamikilli ferðavenjukönnun. 3,8% aðspurðra fara allra ferða sinna á reiðhjóli, en aðeins 0,8% svöruðu á þennan veg árið 2002 þegar sambærileg könnun var gerð.

Flestar ferðir voru farnar á reiðhjóli í miðborginni, Vesturbæ, Laugardal og Árbæ eða 6-7%. 61% aðspurðra segjast hjóla allt árið um kring eða hluta úr ári, en 39% aldrei.

Könnunin var unnin af Capacent-Gallup. Í úrtaki voru 10.140 og var svarhlutfall tæplega 35%. - shá

Athöfn við Háskóla Íslands:

Hófu byggingu stúdentagarða

IÐNAÐUR Framkvæmdir hófust í gær við byggingu nýrra stúdentagarða á lóð Háskóla Íslands. Framkvæmdirnar eru stærstu byggingaframkvæmdir á Íslandi frá haustinu 2008, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, og Lilja Dögg Jónsdóttir, fulltrúi stúdenta, hófu framkvæmdirnar í gær. Fjögur hús munu rísa á svæðinu, og í þeim verða 297 íbúðir. Gert er ráð fyrir því að fyrri áfanga ljúki í lok júlí á næsta ári en þeim ljúki í heild í lok ársins 2013. Kostnaðurinn við verkið verður um þrír milljarðar. - þeb

Leyfilegt að veiða meiri loðnu:

Kvótinn aukinn um 38.000 tonn

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknarstofnun ákvað í gær að auka loðnukvóta ársins um tæp 38 þúsund tonn. Verður kvóti ársins því um 591 þúsund tonn í stað 553 þúsund tonna eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Kemur aukningin til þar sem kvóti, sem úthlutaður hafði verið erlendum skipum, hefur ekki verið nýttur. Rennur hann því í staðinn til íslenskra skipa.

Samkvæmt yfirliti Fiskistofu er rúmur helmingur kvótans þegar kominn á land eða um 307 þúsund tonn. - mþl

Aðalfundur Félags Leiðsögumanna verður haldinn mánudaginn 27. Febrúar kl. 20:00 á Kaffi Reykjavík

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
3. Tillögur um lagabreytingar
4. Drög að fjárhagsáætlun lögð fram og tillaga um stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald
5. Kosning formanns eða lýsing formannskjörs
6. Kosning til stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs, sem og í aðrar nefndir (ritnefnd, skólanefnd, fræðslunefnd og kjaranefnd) og trúnaðarstöður.
7. Kosning eins félagskjörins skoðunarmanns reikninga og varamanns til tveggja ára.
8. Önnur mál.

Stjórn Félags Leiðsögumanna

Kínverskir fjárfestar ætluðu að kaupa sextán bújarðir í Nýja-Sjálandi:

Jarðakaup Kínverja dæmd ólögmæt

NÝJA-SJÁLAND Dómstóll á Nýja-Sjálandi hefur komist að þeirri niðurstöðu að kínverskum fjárfestum sé óheimilt að kaupa þarlendar bújarðir í stórum stíl.

Kínverska félagið Shanghai Pangxin stefndi að því að festa kaup á sextán slíkum jörðum á átta þúsund hektara svæði á norðureyju Nýja-Sjálands. Þar sem um var að ræða meira en fimm hektara lands sem metið var á meira en sem nemur tíu milljörðum króna þörfnuðust viðskiptin samþykkis frá Skrifstofu um erlendar fjárfestingar.

Samþykkið var veitt með þeim rökum að fjárfestingin myndi skila sér út í hagkerfið með bættum afköstum býlanna.

Nýsjálensk bændasamtök höfðu mótmælt sölunni og boðist til að kaupa bújarðirnar sjálf.

Nú hefur dómstóll úrskurðað kaup Kínverjanna ólögmæt, meðal annars á grundvelli þess að í félaginu væri ekki næg þekking á mjólkuriðnaði, sem væri forsenda fyrir samþykki erlendrar fjárfestingar í geiranum. Þá taldi dómarinn enn fremur að bílin á jörðunum væru svo illa stödd að litlu skipti hver keypti þau – samfélagslegur ávinningur af slíkum viðskiptum yrði alltaf mikill.

NÝJA-SJÁLAND Það er víðar en á Íslandi sem deilt er um landakaup kínverskra fjárfesta.

Talsmaður Shanghai Pangxin sagðist þrátt fyrir dóminn bjartsýnn á að af sölunni yrði. - sh

Dularfull mannshvörf:

405 er saknað í Danmörku

DANMÖRK Alls eru 405 einstaklingar á lista dönsku ríkislögreglunnar yfir fólk sem er saknað. Lýst er eftir um 1.600 manns á ári hverju.

Þetta kemur fram á Politiken, en undanfarið hefur staðið yfir leit um allt land að Jeanett Rask Thomas, miðaldra konu sem hvarf á föstudag í síðustu viku.

Umtalsvert fleiri karlar en konur eru í hópi þeirra sem saknað er, en karlarnir eru alls 345.

Talsmaður ríkislögreglunnar segir við Politiken að í sumum tilfellum sé um að ræða sjálfsmorð, en afar sjaldgæft sé að fólk flýi og hefji nýtt líf undir nýju nafni innan Danmerkur. - þj

www.ob.is

Fastur afsláttur hjá ÓB hækkar í 3 kr. með ÓB-lyklinum!

Nú hækkum við fastan 2 kr. afslátt hjá ÓB í 3 kr. með ÓB-lyklinum.

1. Sérafslættir (-10 kr. í fyrsta skipti og -10 kr. á afmælisdaginn) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör.
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykilinn Viðskiptakorti Olís og safna Vildarpunktum. Punktasöfnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 3,40 króna afslátt í formi Vildarpunkta Icelandair.

PIPARTBWA - SÍA

GENGIÐ 17.02.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,1	123,68
Sterlingspund	195,08	196,02
Evra	161,86	162,76
Dönsk króna	21,771	21,899
Norsk króna	21,574	21,702
Sænsk króna	18,325	18,433
Japanskt jen	1,5566	1,5658
SDR	190,12	191,26

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,2186
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lánshæfismat skuldbindinga ríkissjóðs Íslands hækkað hjá matsfyrirtækinu Fitch:

Fitch lyftir lánshæfi Íslandi úr ruslflokki

EFNAHAGSMÁL Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch hefur hækkað lánshæfiseinkunn ríkissjóðs úr BBB- í BB+. Langtímaskuldabréf ríkissjóðs eru því á ný komin í fjárfestingaflokk og teljast þar með ekki lengur til svokallaðra ruslskuldabréfa, að mati Fitch.

Fitch var hið eina af hinum þremur stóru matsfyrirtækjum sem lækkaði lánshæfiseinkunn Íslands niður í ruslflokk í kjölfar þess að Ólafur Ragnar Grímsson forseti vísaði fyrri Icesave-lögunum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í tilkynningu sem Fitch sendi frá sér af þessu tilefni segir að hækkunin endurspegli þann árangur sem náðst hefur frá bankahruni við að endurheimta stöðugleika í hagkerfinu, framfylgja kerfisumbótum og endurbyggja lánstraust ríkissjóðs.

Þá telur Fitch að vergar skuldir hins opinbera hafi líklega náð hámarki á síðasta ári í kringum 100 prósent af landsframleiðslu. Hrein skuldastaða sé hins vegar umtalsvert lægri eða um 65 prósent af landsframleiðslu. Þá metur Fitch það sem svo að verði komist hjá frekari áföllum ætti skuldahlutfall hins opinbera að lækka stöðugt á næstu árum.

Loks kemur fram í tilkynningu Fitch að úrskurði EFTA-dómstóllinn Íslendingum í óhag í Icesave-málinu gætu skuldir hins opinbera hækkað um 6 til 13 prósent af landsframleiðslu. Þá telur Fitch að afnám gjaldeyrishafta gæti tekið langan tíma. - mþl

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Fitch telur skuldbindingar ríkissjóðs nú traustari en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vegaframkvæmdir:

Bílum beint um bráðabirgðaveg

SAMGÖNGUR Umferð um Reykjanesbraut við Straumsvík verður frá og með deginum í dag beint um bráðabirgðarveg.

Framkvæmdir standa yfir gegnt álverinu þar sem verið er að byggja göng undir Reykjanesbrautina. Verður bráðabirgðavegurinn notaður á meðan framkvæmdirnar standa yfir. en verklok eru fyrirhuguð í júlí. Í tilkynningu frá Vegagerðinni eru ökumenn beðnir um að aka varlega um framkvæmdasvæðið. - þj

Grænt ljós frá borgarrráði:

Reiðubúin að opna Skálafell

ÍÞRÓTTIR Borgarráð hefur samþykkt að verja 2,5 milljónum króna til að unnt sé að opna skíðasvæðið í Skálafelli út veturinn. Tilskilið er þó að hin sveitarfélögin, sem hlut eiga að máli, setji einnig fé í verkefnið.

Miðað við afstöðu fulltrúa Kópavogsbæjar í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er óljóst hvort samstaða náist meðal sveitarfélaganna. „Vinnubrögð sem byggja á skyndiaðgerðum og fela í sér ófyrirséð fjárútlát fyrir sveitarfélögin eru í takt við þau vinnubrögð sem ollu hruninu á Íslandi 2008 og ég get ekki tekið þátt í slíku," bókaði Kristín Sævarsdóttir úr Kópavogi. Skíðadeild KR hyggst opna í Skálafelli 25. febrúar. - gar

MENNTAMÁL

Skólameistarastöður í boði

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur auglýst tvær stöður skólameistara lausar til umsóknar. Það er hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Suðurlands. Umsóknarfrestur er til 20. mars.

Dómur yfir Baldri staðfestur

Hæstiréttur staðfesti tveggja ára fangelsisdóm yfir Baldri Guðlaugssyni. Einn dómari skilaði sératkvæði og vildi vísa málinu frá eða sýkna. Baldur er mjög vonsvikinn. Skapar fordæmi fyrir önnur innherjasvikamál.

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja ára óskilorðsbundinn fangelsisdóm yfir Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu. Baldur gerðist sekur um innherjasvik í opinberu starfi þegar hann seldi hlutabréf sín í Landsbankanum um miðjan september 2008 fyrir 192 milljónir króna.

Baldur sat sem fulltrúi fjármálaráðuneytisins í samráðshópi um fjármálastöðugleika sem fundaði reglulega um ástand fjármálakerfisins árið 2008, fram að hruninu í október byrjun. Meirihluti Hæstaréttar fellst á það með héraðsdómara að upplýsingar sem Baldur öðlaðist á þessum fundum, og eru tilgreindar í fimm liðum í ákæru, hefðu verið viðkvæm trúnaðarmál og teldust innherjaupplýsingar í skilningi laga.

Í dómnum segir að fallast megi á það með Baldri að málsmeðferðin hjá Fjármálaeftirlitinu hafi dregist úr hömlu og jafnframt að hann hafi að nokkru leyti sýnt fram á að fjölmiðlaumfjöllun um mál hans hafi verið afar óvægin. Hvorugt geti þó verið metið honum til refsilækkunar.

Einn dómari af fimm, Ólafur Börkur Þorvaldsson, skilar sératkvæði og telur að vísa hefði átt málinu frá ellegar sýkna Baldur.

Frávísunina rökstyður Ólafur Börkur með því að Fjármálaeftirlitinu hafi verið óheimilt að taka rannsókn málsins upp að nýju eftir að hafa tilkynnt Baldri um að henni hefði verið hætt. Engar nýjar upplýsingar hefðu komið fram sem réttlættu það. Sýknunina rökstyður hann þannig að Baldur hafi einfaldlega ekki búið yfir neinum innherjaupplýsingum.

Ágóðinn af brotinu er gerður upptækur í ríkissjóð en Hæstiréttur lækkar upphæðina þó um átján milljónir sem Baldur hefur þegar greitt af fénu í söluþóknun og fjármagnstekjuskatt.

Dómurinn yfir Baldri er fyrsti dómur Hæstaréttar í máli sérstaks saksóknara og auk þess fyrsti sektardómur sem fellur á Íslandi vegna innherjasvika. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir embættið nú hafa til rannsóknar allnokkurn fjölda innherjasvikamála.

„Þessi dómur gefur ákveðnar vísbendingar og skapar fordæmi sem mun létta okkur róðurinn í þeim málum," segir Ólafur. „Engin þeirra hafa verið beint í biðstöðu en menn geta þá handleikið ákæruvaldið af meira öryggi þegar þarf að taka ákvörðun um saksókn."

stigur@frettabladid.is

SEKUR „Baldur var mjög valdamikill maður í þessari ríkisstjórn, kannski valdamesti maðurinn af okkur öllum," sagði Björgvin G. Sigurðsson við rannsóknarnefnd Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍTARLEGT Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari kynnir sér 34 blaðsíðna hæstaréttardóminn í gær. Í tilkynningu segir hún að niðurstaðan sé í takti við það sem ákæruvaldið lagði upp með og gefi einnig mikilvægt fordæmi á sviði innherjasvikamála.

Lögmaður Baldurs segir ekki ákveðið hvort málið fari lengra

„Ég er búinn að tala við Baldur. Viðbrögð hans eru sömu og mín, mikil vonbrigði," sagði Karl Axelsson, verjandi Baldurs, við fjölmiðla að lokinni dómsuppkvaðningunni í Hæstarétti í gær. „Það er sératkvæði og það gerir vonbrigðin ekki minni að í dómi þar sem verið er að refsa fólki skuli dómurinn klofna," sagði Karl.

Karl hefur haldið því sjónarmiði Baldurs á lofti frá upphafi að á honum hafi verið brotin mannréttindi þegar Fjármálaeftirlitið hóf rannsókn á máli hans á nýjan leik vorið 2009. Hann sagði í gær að ekki hefði verið ákveðið hvort farið yrði með málið lengra.

Málþing um tækifæri í hjólaferðamennsku á Íslandi

Föstudaginn 24. 02. 2012 kl. 10.30 – 15.30 í Sal Eflu Höfðabakka 9

- Opportunities for Iceland with the Eurovelo network, Jens Erik Larsen DK, Eurovelo sérfræðingur frá Frie Fugle
- Cycle Tourism: Iceland's time has come Tom Burnham UK, sérfræðingur í hjólaferðamennsku í dreifbýli

Innlendir fyrirlesarar flytja eftirfarandi erindi:

- Reiðhjólaferðir fyrir erlenda ferðamenn - Bísness eða hobbý?
- Erlendir hjólaferðamenn á Íslandi
- Græni stígurinn – draumur eða veruleiki
- Hvað er hjólavænn (bicycle friendly) ferðaþjónustuaðili?
- Staða hjólreiðamála í sveitarfélögum landsins
- Hjólaleiðir í Mývatnssveit
- Hjólabókin
- Fram í heiðanna ró – að hjóla um Ísland
- Málstofur - umræður

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, ávarpar málþingið

Fundarstjóri: Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

Skráning á www.lhm.is – málþingið er einnig sent út á Netinu. Opið er fyrir skráningu til hádegis fimmtudaginn 23. febrúar

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

HLÝNAR
Það dregur úr frosti þegar líður á daginn og á morgun fer hitinn yfir frostmark með ströndum sunnan- og vestanlands. Það þykknar upp vestan til síðdegis í dag og á morgun má búast við snjókomu eða slyddu víða en þó ekki allra austast.



Á MORGUN
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

MÁNUDAGUR
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	8°
Berlín	6°
Billund	5°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	19°
London	10°
Mallorca	15°
New York	9°
Orlando	26°
Ósló	3°
París	10°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarom@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

RISA jeppasýning
í dag kl. 12.00 - 16.00

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Í dag milli klukkan 12 og 16 er árleg jeppasýning í sýningarsal Toyota Kópavogi. Stjörnur sýningarinnar eru Hilux og Land Cruiser 150 í öllum helstu útfærslum og litum. Breyttir jeppar á 33 - 44 tommu dekkjum verða sýndir bæði í sal og á útisvæði. Arctic Trucks kynnir jeppabreytingar, Málningarvörur kynna bón, Arnar Grant og Ívar Guðmundsson kynna Hreysti, Kraft, Styrk, Þrek og Hámark.

Jeppabreytingar á frábæru verði og söluráðgjafar okkar í Nýjum og Notuðum verða í samningagír.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is

Samstarfsaðilar:

MÁLNINGARVÖRUR EHF.

FREYJA

ARCTIC TRUCKS

Fitness POPP

KJÖRKASSINN

Hefur nýfallinn dómur Hæstaréttar um gengistryggð lán jákvæð áhrif á fjárhag þinn?

JÁ	34,8%
NEI	65,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Lætur þú þig komandi biskupskjör varða?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Aðalfundur Samorku lýsir yfir vonbrigðum sínum með stöðu rammaáætlunar:

Vinna verkefnisstjórnar gildi

UMHVERFISMÁL Samorka – samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, samþykkti ályktun á aðalfundi sínum í gær þar sem vonbrigðum er lýst af stöðu rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Samorka vill að stuðst verði við faglega röðun verkefnisstjórnar frá því í júní 2011.

Þá ítrekaði aðalfundurinn andstöðu samtakanna við hugmyndir um að færa auðlindarannsóknir og auðlindastýringu undir umhverfisráðuneytið. Samorka telur það óeðlilega stjórnsýslu að ráðuneytið hafi bæði yfir rannsóknum og nýtingu að segja ásamt umhverfismati og skipulagsmálum.

URRIÐAFOSS Virkjanir í neðri hluta Þjórsá eru og hafa verið bitbein ólíkra hagsmunaaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samtökin telja að í áralöngu starfi verkefnisstjórnarinnar hafi sjónarmið um náttúruvernd mikið vægi þar sem almenningur fékk ítrekuð tækifæri til að setja fram sín sjónarmið. Var það von Samorku að vinnan gæti orðið grundvöllur fyrir aukinni sátt um orkunýtingu og verndun.

„Í drögum að tillögu til þingsályktunar sem kynnt voru í ágúst hafði verið vikið frá faglegri forgangsröðun verkefnisstjórnar og niðurstöður hennar eru nú staddar öðru sinni í ógegnsæju samningaferli á vettvangi stjórnvalda," segir í ályktun fundarins. - shá

Sameiningar í grunnskólum:

Vilja að ráðherra hlutist til

MENNTUN Hópur foreldra barna í Hamra- og Húsaskóla í Grafarvogi óskaði eftir því við Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra á fimmtudag að hún skoði sameiningu skólanna. Unglingadeildir skólanna eiga að sameinast Foldaskóla í haust.

Hópurinn telur að ekki hafi verið hlustað á sjónarmið hans, en foreldrarnir í hópnum vilja ekki að af sameiningunni verði. Því óska þeir eftir því að ráðuneytið taki afstöðu og leitist við að svara lögfræðilegum álitamálum sem þeir telja til staðar. - þeb

Frábært tilboð!

Stökktu til

Kanarí

28. febrúar í viku

Frá kr. 69.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 28. febrúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 69.900
Netverð á mann. Flugsæti 28. febrúar – 6. mars

Verð kr. 89.900
Netverð á mann, m.v. 2 – 4 í studio / íbúð í 7 nætur.

Verð kr. 109.900 með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á Turbo Club í viku.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Bókmenntasjóður
The Icelandic Literature Fund

Bókmenntasjóður

Bókmenntasjóður auglýsir eftir umsóknum um útgáfu-, þýðinga-, ferða- og kynningaþýðingastyrki en næsti umsóknarfrestur fyrir þessa styrki rennur út 15. mars 2012.

Hlutverk Bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Bókmenntasjóður styrkir meðal annars útgáfu frumsaminna verka og þýðingar bókmennta á íslensku, en stuðlar einnig að kynningu íslenskra bókmennta heima og erlendis og sinnir öðrum verkefnum sem falla undir verksvið sjóðsins.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar fást á heimasíðu Bókmenntasjóðs, www.bok.is, en einnig á skrifstofu sjóðsins.

Bókmenntasjóður
Austurstræti 18
101 Reykjavík

Takmarkanir hafa lítil áhrif á RÚV

Meðallengd sjónvarpsauglýsinga hjá Ríkisútvarpinu er mun styttri en þær takmarkanir sem eru í nýju frumvarpi. Ráðherra segir frumvarpið geta breyst ef athugasemdir gefa tilefni til þess. Það verður lagt fram í byrjun mars.

SAMKEPPNISMÁL Meðallengd sjónvarpsauglýsinga í dagskrá Ríkisútvarpsins (RÚV) er rúmlega þriðjungur af því hlutfalli sem nýtt frumvarp um starfsemi fyrirtækisins takmarkar þær við. Þetta kemur fram í tölum sem teknar voru saman fyrir Fréttablaðið. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir frumvarpið geta tekið breytingum ef athugasemdir við það gefa tilefni til þess.

Meðallengd sjónvarpsauglýsingahólfa á kjörtíma, milli 18 og 23, hjá RÚV er 3,7 mínútur á klukkutíma, samkvæmt tölum sem teknar hafa verið saman fyrir Fréttablaðið. Nefnd mennta- og menningarmálaráðherra um endurskoðun laga um RÚV skilaði af sér drögum að frumvarpi til laga í síðustu viku. Samkvæmt því á RÚV að takmarka hlutfall auglýsinga í dagskrá sinni við tíu mínútur á klukkutíma.

Í tölunum kemur einnig fram að meðallengd auglýsingahólfa hjá RÚV á kjörtíma í desember, sem er helsti auglýsingamánuður ársins, var 5,2 mínútur á klukkutíma. Alls fór lengd auglýsinga hjá RÚV yfir tíu mínútur í tíu klukkutíma í mánuðinum. Lengsta auglýsingahólfið var 11,7 mínútur á milli klukkan 22 og 23 á gamlárskvöld, en útsending Áramótaskaupsins hófst klukkan 22.30 á þeim degi. Takmörkunin mun því ekki hafa teljandi áhrif á sölu RÚV á sjónvarpsauglýsingum nema nokkra klukkutíma á ári.

Til viðbótar við ofangreindar takmarkanir verður RÚV gert óheimilt að slíta í sundur dagskrárliði til að koma að auglýsingum, vöruinnsetning verður gerð óheimil í innlendri dagskrárgerð og fyrirtækið þarf að birta gjaldskrá sína opinberlega.

Katrín segist gjarnan vilja takmarka auglýsingaþátttöku RÚV. Hún vill þó gera það án þess að skerða heildartekjur fyrirtækisins.

„Nefndin teiknaði upp einhvers konar takmarkanir og vill láta RÚV birta gjaldskrá og öll afsláttarkjör. RÚV metur það sem svo að þessu fylgi skerðing á tekjum upp á 186 milljónir króna. Síðan á eftir að fara yfir þessar tillögur og ég reikna með að þingið eigi eftir að skoða þær. Það sem ég hef alltaf sagt er að ég vil gjarnan takmarka auglýsingaþátttöku RÚV, en ekki skerða tekjur fyrirtækisins. Við erum að auglýsa eftir athugasemdum við frumvarpið og þær kynnu að hafa áhrif á það."

Frestur til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin rennur út í dag. Katrín reiknar með að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi í byrjun marsmánaðar.

thordur@frettabladid.is

RÁÐHERRA Katrín Jakobsdóttir segir að hún vilji gjarnan takmarka auglýsingaþátttöku RÚV, en án þess að skerða heildartekjur fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

42% hlutdeild í sjónvarpsauglýsingum

RÚV var með 19% hlutdeild á auglýsingamarkaði árið 2010 ef allar auglýsingar eru tilteknar, samkvæmt tölum frá menntamálaráðuneytinu. Hlutdeild fyrirtækisins hafði þá aukist úr 13,9% árið 2008. Tekjur RÚV vegna auglýsinga á því tímabili jukust um 140 milljónir króna á sama tíma og samanlagðar tekjur annarra fjölmiðlafyrirtækja á auglýsingamarkaði drógust saman um tæpa 2,1 milljarð króna. Auglýsingamarkaðurinn minnkaði því um tæpa tvo milljarða króna næstu tvö árin eftir bankahrun á sama tíma og tekjur RÚV vegna auglýsinga jukust.

RÚV bætti mest við sig á sjónvarpsauglýsingamarkaði. Markaðshlutdeild fyrirtækisins á þeim markaði árið 2008 var tæp 33%. Árið 2010 var hún orðin 42% og tekjur vegna sölu sjónvarpsauglýsinga höfðu aukist um 116 milljónir króna. Hlutdeild 365 miðla, sem meðal annars gefa út Fréttablaðið og reka Stöð 2, á heildarauglýsingamarkaði var um 56% árið 2009. Þar af var 365 með um helming allra tekna af sjónvarpsauglýsingum það ár.

Sarkozy og Cameron fordæma framferði Sýrlandsstjórnar:

Vilja aðstoða uppreisnarmenn

SÝRLAND, AP Sýrlenski herinn hélt áfram þungum sprengjuárásum á íbúa borgarinnar Homs í gær, daginn eftir að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti harðorða ályktun þar sem krafist er afsagnar Bashars al-Assads Sýrlandsforseta.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sögðu nauðsynlegt að uppreisnaröfl í Sýrlandi sameini krafta sína og alþjóðasamfélagið þurfi að hjálpa þeim að verjast stjórnarhernum.

„Við getum ekki komið á byltingu í Sýrlandi," sagði Sarkozy á fundi sínum með Cameron í París í gær, „ef byltingaröflin í Sýrlandi vinna ekki að því að sameina krafta sína og skipuleggja sig svo við getum veitt þeim betri aðstoð."

Þeir hvetja Evrópusambandið til að samþykkja nýjar refsiaðgerðir gegn Sýrlandi fyrir næstu mánaðamót og lofa Sýrlendingum veglegri aðstoð ef Assad fer frá völdum.

SKRIÐDREKI Í DAMASKUS Sýrlenski herinn á götu eins úthverfa höfuðborgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Bæði Ban ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Nancy Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, segja „nánast öruggt" að framferði sýrlenskra stjórnvalda undanfarna mánuði megi kallast glæpir gegn mannkyni. - gb

bolla bolla..

BOLLUVENDIR
499 kr/stk.

50% AFSLÁTTUR

AF RJÓMABOLLUM UM HELGINA

Rjómabollur 195 kr. fullt verð 389 kr.

Gildir til 19. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað hafa margir gefið kost á sér sem biskup Íslands?*
2. *Í hverju fann Matvælastofnun virk efni gegn ristruflunum?*
3. *Hvað verða bakaðar margar bollur í Mosfellsbakaríi fyrir bolludag?*

SVÖR:
1. Átta manns. 2. Fæðubótarefnum. 3. Um 20 þúsund

Hugmyndir um Perluna sem náttúruminjasafn fá stuðning félagasamtaka:

Vilja láta meta hvort Perlan hentar

SAFNAMÁL Fimm félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar og fagfélög kennara hafa sent stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðherra áskorun vegna hugmynda um nýtingu Perlunnar undir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands.

Í áskoruninni felst annars vegar að ráðherra láti gera úttekt á því hversu vel húsnæðið henti starfsemi náttúruminjasafns og hvaða leiðir séu færar til að eignarhald Perlunnar færist til ríkisins. Hins vegar er skorað á stjórn OR að gaumgæfa hugmyndirnar í söluferlinu sem nú stendur yfir.

PERLAN Í ÖSKJUHLÍÐ Óneitanlega fallegt safnahús en hentar það sem safnrými fyrir náttúrugripi? FRÉTTABLAÐ/GVA

Félagasamtökin minna á að Náttúruminjasafn Íslands er lögum samkvæmt eitt þriggja höfuðsafna þjóðarinnar en hefur verið á hrakhólum um áratuga skeið.

„Veglegt höfuðsafn í náttúrufræðum er stolt hverrar velstæðrar þjóðar og dýrmætur fróðleiksbrunnur fyrir þegna og gesti viðkomandi lands. Í ljósi þess að Íslendingar byggja atvinnu sína og líf á náttúru landsins í mjög ríkum mæli, auk þess sem langflestir erlendir ferðamenn sækja landið heim vegna náttúrunnar, skiptir öllu máli að bjóða upp á vandað höfuðsafn um náttúru landsins sem vel er í sveit sett og sómi er að," segir í niðurlagi áskorunarinnar. - shá

Jacob Westergaard:

Skipaður fiskimálaráðherra

FÆREYJAR Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, hefur skipað Jacob Westergaard í embætti fiskimálaráðherra. Johannesen leysti Jákup Mikkelsen úr embættinu því að hann þótti of tengdur aðilum í sjávarútvegi. Til dæmis er mágur hans umsvifamikill útgerðarmaður.

Johannesen hafði sjálfur þurft að afgreiða einstök sjávarútvegsmál undanfarið vegna vanhæfi Mikkelsens. Mikkelsen var kjörinn þingflokksformaður Fólkaflokksins í gær. - þj

Sarkozy tilkynnir framboð:

Hollande segir fátt nýtt í því

FRAKKLAND, AP „Jú, ég er frambjóðandi til forsetakosninga," sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti í sjónvarpsávarpi á miðvikudagskvöld.

NICOLAS SARKOZY

Mótframbjóðandinn Francois Hollande, frá Sósíalistaflokknum, segir þetta ekki beint stórtíðindi: „Við höfum lengi vitað að þessi frétt væri á leiðinni. Við höfum alltaf vitað það."

Hollande hefur í skoðanakönnunum mælst með miklu meira fylgi en Sarkozy, sem er orðinn afar óvinsæll í Frakklandi eftir efnahagsþrengingar síðustu missera. - gb

Spænskur fræðimaður með fyrirlestur á Íslandi um ESB og eftirleik arabíska vorsins:

Þörf á breyttri stefnu gagnvart arabalöndunum

ALÞJÓÐAMÁL Áhrif Vesturlanda í arabalöndum eru sífellt að dvína að mati Jordi Vaquer i Fanes, forstöðumanns alþjóðamálastofnunar háskólans í Barcelona, sem hélt nýlega fyrirlestur í Háskóla Íslands um stefnu og stöðu Evrópusambandsins í heimshlutanum í kjölfar arabíska vorsins. Stefnubreytingar sé því þörf.

Vaquer sagði í samtali við Fréttablaðið að hingað til hafi Bandaríkin og Evrópa haft talsvert að segja um framgang mála, Bandaríkin í Mið-Austurlöndum og Evrópa í Norður-Afríku. Nýlegir atburðir eins og brotthvarf Bandaríkjanna frá Írak, byltingarnar í arabaheiminum og kreppan í Evrópu hafi þó orðið til þess að draga mjög hratt úr áhrifum þeirra á svæðinu.

„Evrópulöndin komu hvergi að upphafi arabíska vorsins þannig að þau eiga enga kröfu um að móta ferlið í framhaldinu."

Vaquer segir því ólíklegt að þau geti haft bein áhrif á framvinduna innan ríkja, til dæmis hvað varðar kosningaúrslit. Hann bætir því þó við að Evrópulönd hafi engu að síður þrjá valkosti í málinu.

„Í fyrsta lagi geta þau beitt efnahagshvötum sem þau lofa ríkjum sem fara í ákveðna átt. Í annað stað geta þau beitt þvingunum með því að segjast ekki munu sitja hjá aðgerðarlaus ef einhvers konar kúgun og ofbeldi á sér stað. Loks geta þau haft áhrif með því að leggja frekari áherslu á að vera mikilvægur markaður og viðskiptafélagi fyrir svæðið." - þj

Arabíska vorið er liðið

„Mér finnst ekki rétt að tala enn um „arabíska vorið" í sambandi við atburðina í arabaheiminum í dag," sagði Jordi Vaquer i Fanes.

„Það voru tíu vikur í kjölfar byltingarinnar í Túnis þar sem almenningur í mismunandi löndum barðist að nokkurn veginn sama marki þrátt fyrir margs konar aðstæður í löndunum. Yfirstandandi byltingar og átök halda hins vegar í ólíkar áttir þannig að það er best að tala um afleiðingar arabíska vorsins í því samhengi."

ÞÖRF Á NÝRRI NÁLGUN Spænski fræðimaðurinn Jordi Vaquer i Fanes hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands þar sem hann sagði ESB þurfa að endurskoða stefnu sína gagnvart arabaríkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TOYS"R"US

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

4.999
SPARIÐ 1.000

523187
STAR WARS DARTH MAUL GEISLASVERÐ
Venjulegt verð 5.999

6.999
SPARIÐ 3.000

154877
LEGO STAR WARS 9495 Y-VÆNGJA ORRUSTUFLAUG
8-14 ára.
Venjulegt verð 9.999

523002
STAR WARS FARARTÆKI MEÐ FÍGÚRU
Venjulegt verð 4.999

RUGLVERÐ
1.499
SPARIÐ 3.500

523195
STAR WARS GRÍMA MEÐ RAFMAGNI
Notar 1 C-rafhlöðu.
Venjulegt verð 6.999

4.999
SPARIÐ 2.000

Komið á Star Wars-daga í TOYS"R"US.

Frekari upplýsingar á www.toysrus.is/starwars

AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500
GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600
KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

STAR WARS

© 2012 LFL

Tilboðin gilda til og með 15.04.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

Fíton / SÍA

Félagsfundur VR

Félagsfundur VR verður haldinn á Hilton Nordica Hótel miðvikudaginn 22. febrúar nk. kl. 19:30.

Dagskrá:

1. Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa fyrir félagið.
2. Fyrirspurnir til frambjóðenda.

Félagsmenn hvattir til að mæta.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

Utanríkisráðherra tjáir sig um makríldeiluna:

Rök Íslands skynsamleg

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að Íslendingar hafi sett fram skynsamleg rök í nýafstöðnum viðræðum við Noreg og ESB um makrílveiðar.

Hann segir það miður að slitnað hafi upp úr samningaviðræðunum án þess að árangur hafi náðst en „það skiptir ekki síst máli að Íslendingar settu fram þá hugmynd að fyrst ekki náðust samningar að allir aðilar myndu skera niður sinn kvóta um 30% svo hann verði ekki ofveiddur.“ Þeirri hugmynd var hafnað af samninganefndum ESB og Noregs.

Össur segir að eftir standi sú staðreynd að inn í íslenska fiskveiðilögsögu komi yfir milljón tonn af makríl sem fitar sig um 60% áður en hann fer aftur.

„Af hverju eru okkar kröfur, eða óskir, um veiðar ósanngjarnar í þessu ljósi? Það má ekki gleyma því að makríllinn kemur ekki ókeypis hingað.

Hann étur mikið frá öðrum stofnum og dregur úr framleiðslugetu þeirra. Þetta hefur áhrif á aðrar tegundir.“ **- þj, shá**

MAKRÍLVEIÐAR Þorsteinn ÞH kemur til Vestmannaeyja með fullfermi sumarið 2010.
MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Buðu sama 7% kvótann í makríl aftur

Noregur og ESB komu ekki fram með neitt nýtt í viðræðum um skiptingu kvóta á makrílfundinum í Reykjavík. Því er blásið á yfirlýsingar ESB og Noregs um skort á samningsvilja Íslands og Færeyinga.

SJÁVARÚTVEGUR ESB og Noregur höfðu ekkert nýtt fram að færa í samningaviðræðum um makrílkvóta sem lauk í Reykjavík á fimmtudag. Heimildir blaðsins herma að Íslendingum hafi verið boðin sama hlutdeild og á síðasta fundi í Bergen sem Íslendingar svöruðu þá með gagntilboði. Þetta gengur þvert á fullyrðingar æðstu ráðamanna ESB og Noregs um að engan samningsvilja sé að finna á Íslandi og í Færeyjum.

MARÍA DAMANKI

TÓMAS H. HEIÐAR

Eins og komið hefur fram í fréttum sendu María Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, og Lisbeth Berg-Hansen, sjávarútvegsráðherra Noregs, frá sér yfirlýsingu á fimmtudag eftir að ljóst var að fundurinn í makríldeilunni var árangurslaus. Var þar lýst vonbrigðum yfir lyktum málsins og fullyrt að Íslendingar hefðu ekki tekið þátt í samningaviðræðunum. Þær fullyrða jafnframt að Noregur og ESB hafi boðið Íslendingum og Færeyingum umtalsverða aukna hlutdeild í kvótanum í undangengnum viðræðum.

Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að á síðasta samningafundi í Bergen á dögunum hafi ESB og Noregur lagt fram sameiginlega tillögu um 7% hlutdeild Íslands í makrílveiðunum með nokkrum aðgangi að lögsögum þeirra og að Ísland hafi lagt fram gagntillögu um 15% hlutdeild með aðgangi að lögsögum. Það sama var uppi á borðum í Reykjavík.

Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands, segir að Ísland hafi tekið virkan þátt í samningaviðræðum um makrílveiðar og lagt sig fram við að leita lausna til að tryggja sjálfbærar veiðar og koma í veg fyrir ofveiði úr stofninum. „Fullyrðingar um hið gagnstæða eru fráleitar.“

Spurður hvort hann geti staðfest að á síðasta samningafundi í Bergen á dögunum hafi ESB og Noregur lagt fram fyrrnefnda tillögu um 7% hlutdeild Íslands sem svarað var með gagntillögu um 15%, segist Tómas ekki getað tjáð sig um innihald einstakra tillagna.

„Hins vegar get ég staðfest að á fundinum í Bergen lögðu ESB og Noregur fram sameiginlega tillögu sem Ísland svaraði með gagntillögu. Í ljósi þess væntum við útspils frá ESB og Noregi á fundinum hér í Reykjavík en það leit því miður aldrei dagsins ljós,“ segir Tómas.

Tómas segir að þegar ljóst varð að ekki tækist að brúa bilið og ná samkomulagi hér í Reykjavík um skiptingu aflaheimilda hafi Ísland lagt til að allir aðilar drægju hlutfallslega jafnt úr veiðum sínum í ár. Þannig yrðu veiðarnar í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). „Því miður voru hinir aðilarnir ekki reiðubúnir til að fallast á tillöguna.“

Makrílveiðarnar á síðasta ári voru um 930.000 tonn en ráðgjöf ICES fyrir árið 2012 er 639.000 tonn. Því gerði tillaga Íslands ráð fyrir að hver aðili um sig myndi minnka makrílveiðar sínar á þessu ári um 30%. **svavar@frettabladid.is**

Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur er nýr skattur á fjármálafyrirtæki, aðila sem stunda vátryggingastarfsemi sem og aðra er starfa á þeim vettvangi, sbr. lög nr. 165/2011.

Stofn til fjársýsluskatts er allar tegundir launa og þóknana fyrir starf, sem og reiknað endurgjald.

Skatthlutfall er 5,45% af skattstofni.

Gjalddagi fjársýsluskatts er fyrsti dagur hvers mánaðar vegna launa næstliðins mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. **Fyrsti gjalddagi á árinu 2012 er 1. apríl vegna launa í janúar, febrúar og mars.**

Skattskyldum aðilum ber að skrá sig hjá ríkisskattstjóra. Skráningareyðublað RSK 5.07 og nánari upplýsingar er að finna á rsk.is.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

SUBARU

Confidence in Motion

FRUMSÝNING
Á SUBARU XV UM HELGINA

6,6 l
100 km
í blönduðum akstri

2,0 lítra vél
150 hö

SUBARU XV sjálfskiptur

Fjórhjóladrifinn
Vél 2,0 lítra 150 hestöfl
Eyðsla 6,6 lítrar á 100 km í blönduðum akstri
CO^2 153 g/km
Veghæð 22 cm
Bakkmyndavél

Verð 5.890.000 kr.

VEISLUKAFFI OG REYNSLUAKSTUR Í DAG!

Vertu velkomin(n) til okkar í kaffi og reynsluakstur og láttu sölumenn okkar reikna út hvernig þú getur eignast nýjan Subaru XV og komist leiðar þinnar við allar aðstæður.

BL

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM50442

TRÉ Í KLAKAPILSI Þessa sérstæðu klakamyndun gat að líta á tré í bænum Schwedt í norðaustanverðu Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Nýsköpunarfyrirtækið Northern Lights Energy á von á tugum rafbíla:

Grænir skyndibílar klárir fyrir sumarið

SAMGÖNGUR Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Northern Lights Energy (NLE) stefnir á að hefja rekstur skyndibílakerfis á höfuðborgarsvæðinu strax í sumar. Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um hugmyndir nokkurra fyrirtækja sem hafa áhuga á að koma slíku kerfi á, en Gísli Gíslason, stjórnarformaður NLE, segir í samtali við Fréttablaðið að fyrirtækið hafi unnið lengi að svipuðu verkefni og muni hefja skyndibílarekstur í sumar, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

„NLE hefur unnið að þessari hugmynd frá árinu 2009 og við komum þá fram með nafnið „Skyndibílar“ sem við eigum sem skrásett vörumerki. Við hefðum getað farið fyrr af stað en lögðum áherslu á að nota aðeins bíla sem ganga fyrir íslenskri orku. Nú eigum við von á rafbílum frá indverska fyrirtækinu Reva á næstunni og er því ekkert að vanbúnaði.“

Gísli bætir því við að NLE sé í samvinnu við danskan aðila sem sé að þróa sambærilega lausn í Kaupmannahöfn.

„Okkar notendum mun líka standa til boða þeirra þjónusta án þess að skrá sig sérstaklega til þess,“ segir Gísli. - þj

Skyndibílakerfið:

Skyndibílafyrirkomulag felur í sér að notendur skrá sig á vef fyrirtækisins. Þaðan geta þeir pantað sér bíl með litlum fyrirvara og til skamms tíma. Þeir sækja síðan bílinn á ákveðinn stað, opna með korti eða farsíma, og skila þangað aftur eftir notkun.

GÍSLI GÍSLASON Hann stefnir að því að taka græna skyndibíla í notkun fyrir sumarið.

ÁLITAMÁL Í ÞRÓUNARSAMVINNU OG HJÁLPARSTARFI Á VETTVANGI

Í samstarfi við Utanríkisráðuneytið, Rauða krossinn og Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Námskeið fyrir alla sem hafa áhuga á þróunarsamvinnu, neyðaraðstoð, mannúðarstörfum og friðaruppbyggingu. Veitt er innsýn í störf á vettvangi, stefnur og starfsemi ólíkra stofnana og þátttöku Íslands á þessu sviði.

Kennsla fer fram 9. og 10. mars og 23., 24. og 25. mars.

Skráningarfrestur til 29. febrúar.

Sjá nánari upplýsingar á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

Utanríkisráðuneytið · iceida · Rauði kross Íslands · Endurmenntun Háskóla Íslands

CHRISTIAN WULFF SEGIR AF SÉR Christian Wulf ásamt eiginkonu sinni Bettinu í forsetahöllinni í Berlín, þar sem hann les upp yfirlýsingu um afsögn sína. NORDICPHOTOS/AFP

Segist ekki njóta trausts

Christian Wulff, forseti Þýskalands, sagði af sér eftir að saksóknari fór fram á að hann yrði sviptur friðhelgi svo hægt verði að rannsaka grun um spillingarmál. Angela Merkel leitar nú að arftaka.

ÞÝSKALAND, AP Undanfarna tvo mánuði hefur Christian Wulff Þýskalandsforseti setið undir sívaxandi þrýstingi vegna frétta af því að hann hafi þegið ýmsa greiða af vinum sínum meðan hann var forsætisráðherra í Neðra-Saxlandi, einu hinna sextán landa sambandsríkisins Þýskalands.

Hann sagði loks af sér í gær þegar saksóknari í Hannover, höfuðstað Neðra-Saxlands, óskaði eftir því að þjóðþingið í Berlín svipti forsetann friðhelgi svo hægt verði að hefja rannsókn á málinu.

Wulff sagðist í ávarpi sínu í gærmorgun segja af sér vegna þess að Þýskaland þurfi á forseta að halda sem nýtur trausts yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar.

„Þróunin síðustu daga og mánuði hefur sýnt að þetta trúnaðartraust, og þar með möguleikar mínir til að sinna starfi mínu, hefur beðið varanlegan hnekki.“

Hann sagðist samt sannfærður um að rannsókn á málum hans leiði ekkert saknæmt í ljós: „Ég hef alltaf farið að lögum í embættisstörfum mínum. Ég hef gert mistök, en ég hef alltaf verið heiðarlegur.“

Nokkru fyrir jól bárust fyrst fréttir af því að Wulff hefði þegið óvenju hagstætt lán af vini sínum, sem hann notaði til að kaupa sér hús. Stuttu síðar fréttist að Wulff hefði reynt að hindra eða tefja birtingu frétta af þessari lánveitingu, og hefði meðal annars haft í hótunum við ritstjóra dagblaðsins Bild.

Síðar kom upp grunur um að þýskur kvikmyndaframleiðandi, David Grönewold, hafi greitt fyrir dvöl Wulffs á lúxushóteli árið 2007. Þá hafi Wulff þegið fleiri greiða af Grönewold og hugsanlega veitt honum einhverja greiða í staðinn.

Forseti Þýskalands er kosinn af þjóðþingi landsins, þannig að nú hefst leit að forsetaefni sem meirihluti þingmanna getur stutt.

Wulff var forsetaefni hægrimanna þegar hann var kosinn fyrir tveimur árum. Margvíslegt ósætti innan stjórnarflokkanna gerir það að verkum að Angela Merkel kanslari segist nú vilja forsetaefni sem nýtur stuðnings allra flokka á þingi – að undanskildum Vinstriflokknum sem er arftaki gamla Kommúnistaflokksins í Austur-Þýskalandi.

gudsteinn@frettabladid.is

ÉG ER Weetos®

OG INNIHELD ENNÞÁ MINNI SYKUR EN ANNAÐ SÚKKULAÐIMORGUNKORN

HEILKORNA

D-VÍTAMÍN

LÍTIÐ SALT

ÁN ALLRA LITAREFNA

Kynntu þér nánar tilboðin og dagskrána á smaralind.is

VETRARDAGATILBOÐ

15% afsláttur
af Bata flexible
með hælpúða,
stærð 35 -41

Bata
Skóverslun Smáralind

20% afsláttur
af glæsilegu
bollasetti

BJARKARBLÓM

40% afsláttur
af völdum úlpum
og öllum sokkum

30% afsláttur
af völdum peysum
og öllum barnafötum

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

20% afsláttur
af barna Crocs-skóm,
jökkum, úlpum,
ullarfatnaði og
kuldakremum

30% afsláttur
af Hummel barna-
útifatnaði

DEBENHAMS

Leðurhanskar
4.900 kr.
áður 8.900 kr.

Drangey

20% afsláttur
af hundafötum,
nagbeinum og
hunda-og kattanammi

DÝRABÆR

15% afsláttur
af vönduðu Delsey
ferðatöskunum

Eymundsson
Bóksali frá 1872

20% afsláttur
af öllum
toppum

evans.

30% afsláttur
af öllum barna-, dúnúlpum
og loðfóðruðum
kuldaskóm

30% afsláttur
af loðfóðruðum
gúmmístígvélum
- Hetjur Valhallar
áður 4.999 kr. nú **3.499 kr.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

20% afsláttur
af náttfötum

Ice in a bucket

20% afsláttur
af völdum vörum
og öllu skarti

KAREN MILLEN

Barnaúlpur
3.995 kr.
áður 8.995 -9.995 kr.

LINDEX

50% afsláttur
af úlpum og kápum

40% afsláttur
af Calvin Klein skóm

Bolur fylgir með öllum
Guess gallabuxum.

Monroe

20% afsláttur
af gallabuxum

oasis

20% afsláttur
af Oakley sportgleraugum

20% afsláttur
af Oakley styrkleika-
gleraugum, umgjörðum
og gleri

Optical Studio
SMÁRALIND

20% afsláttur
af kjólum

SAINTS

35% afsláttur
af öllum kuldafatnaði

snúðar & snældur

20% afsláttur
af öllum skíða- og
brettapökkum og
af öllum skíða- og
brettahjálmum

ÚTILÍF

20% afsláttur
af öllum töskum
og seðlaveskjum

ZAY ZAY

20% afsláttur
af öllum töskum
og seðlaveskjum

ZIKZAK

Konudagur

Glæsilegur kaupauki
fylgir öllum keyptum
gjafakortum um helgina!

Konfekt frá Nóa Síríus
og kaupaukamiði.

Samstarfsaðilar á Vetrardögum

ARCTIC TRUCKS
YAMAHA
Komdu norður!
SKÍÐASVÆÐIN
Skemmtigarðurinn SMÁRALIND
Svali
NÓI SÍRÍUS

ENNEMM / SÍA / NM50658

Ís og blöðrur fyrir börnin

Vetrar dagar

17.-19. febrúar

Opið til 18 í dag

Komdu í Smáralind og sjáðu hvað veturinn hefur upp á margt skemmtilegt að bjóða.

Alls konar vetrargræjur, kynningar á vetrarsporti, skemmtilegt happdrætti, Sirkus Ísland, Svalaís handa öllum börnum á meðan birgðir endast, frí andlitsmálning og blöðrur í Skemmtigarðinum.

Sjáumst, Smáralind.

Dagskrá

Laugardagur 18. febrúar

13.00	Leikhópurinn Lotta
15.00	Leikhópurinn Lotta
16.00	Sirkus Ísland
17.00	Blár Ópal

Sunnudagur 19. febrúar

14.00	Leikhópurinn Lotta
16.00	Leikhópurinn Lotta
16.00	Greta Salóme og Jónsi
17.00	Sirkus Ísland

Smáralind

skoðun

greinar@frettabladid.is

Mál sem dúkka ítrekað upp:

Prúgandi leiðindi

Stundum finnst manni eins og í fréttum komi vart annað en afturgöngur gamalla frétta og umræðu. Nú síðast í vikulokin gerðist það með dómi Hæstaréttar þar sem afturvirkir endurreiknaðir vextir á gjaldeyrislán voru sagðir ólöglegir.

SKOÐUN
Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Víst er að umræða um skuldavanda, gjaldeyrismál, Icesave og þar fram eftir götunum er fyrir löngu orðin bæði þrúgandi og leiðigjörn að margra mati, en heldur væntanlega áfram meðan mál eru ekki kláruð að fullu. Þannig getur fólk látið sig hlakka til nýrrar lotu Icesave-umræðna þegar boðaður málarekstur ESA hefst á hendur íslenska ríkinu.

Kannski eru það samt merki um einhverja örvæntingu í samfélaginu allar þær væntingar sem upp risu þegar vaxtadómur Hæstaréttar féll á miðvikudag. Virtust margir áætla um leið að hver sá sem hefði á einhverjum tímapunkti tekið erlent lán hefði dottið í lukkupott gjafavaxta og ætti væntanlega von á endurgreiðslum á stærð við meðallottóvinning, fleiri tugir milljarða væru á leiðinni til skuldara landsins.

Daginn eftir var þó komið aðeins annað hljóð á strokkinn. Ekki víst að von sé á öllum milljónunum og óljóst hversu fordæmisgefandi dómurinn sé, eða til hverra þeirra hann nái sem tekið höfðu lán í erlendri mynt. Líkast til bara þeirra sem alltaf höfðu staðið í skilum. Og hefur þá væntanlega farið um þá sem í skuldavanda sínum hlíttu misjöfnum ráðum um að hætta að borga af lánum sínum. Mikil er ábyrgð þeirra sem ráðleggja fólki þannig, að það fyrirgerir rétti sínum til leiðréttinga.

Lýðskrum virðist nefnilega vera óhjákvæmilegur fylgifiskur þessarar skuldavanda- og jafnvel efnahagsumræðu allrar, hvort sem það eru yfirlýsingar um töfralausnir á borð við einhliða upptöku erlendrar myntar, flata skuldaniðurfellingu, eða annað ámóta rugl sem með rökum er margbúið að slá út af borðinu.

Angi af slíku dúkkaði upp í umræðum um vaxtadóm Hæstaréttar þegar einstaka stjórnmálamenn fóru að tala um að ætti að rétta hlut einhverra þeirra sem tekið höfðu erlent lán, þá væri óhjákvæmilegt annað en að rétta hlut hinna sem pínast í verðtryggingarfangelsi krónulána.

Tilfellið er nefnilega að á endanum borgar alltaf einhver brúsann. Stjórnmálamenn sem vilja fella niður skuldir af íbúðalánum þurfa þá líka að svara þeirri spurningu hvaða áhrif slík aðgerð hefur á stöðu Íbúðalánasjóðs og hvaðan eigi að koma fjármunir til að styrkja hann enn frekar komi til slíkra aðgerða. Hver ætlar að mæla fyrir skattahækkunum vegna þessa?

Aðgerðin sem gagnast þeim sem skulda verðtryggð lán er að böndum sé komið á verðbólguna. Þar gætu stjórnmálamenn sem stuðla að aukinni verðbólgu með því að hækka neysluskatta strax lofað úrbótum. Þá hefur verið lýst leiðum til að koma böndum á sveiflur í gengi krónunnar með gjöldum á gjaldeyrisskiptasamninga. Hvað líður áætluninni um afnám gjaldeyrishafta? Er ekki ráð að fara að koma á þessari ábyrgu efnahagsstjórn sem þjóðin hefur, líkast til allt frá stofnun, beðið eftir?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Að snúast um vegprestinn

Á fjórða ári eftir hrun krónunnar og fall bankanna stendur þjóðin enn á vegamótum í þeim skilningi að hún hefur ekki valið ákveðna leið til þess að feta sig eftir við endurreisnina. Vegpresturinn stendur á sínum stað. Ætli menn að komast úr sporunum þarf að velja eina af leiðunum frá honum.

Frá því að efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins rann sitt skeið um mitt síðasta ár hafa stjórnvöld ýmist hallað sér upp að vegprestinum eða snúist í kringum hann. Ný efnahagsáætlun hefur ekki verið samin. Pólitíska málefnakreppan hefur komið í veg fyrir að menn gætu gert nýja áætlun og valið nýja leið. Þess sjást þegar merki í vaxandi verðbólgu og með veikari krónu.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Á þessum vettvangi var í síðustu viku vakin á því athygli að verulegt hætta væri á að lífeyrissjóðirnir myndu tapa sjálfstæði sínu á næstu árum. Ástæðan er sú að stefnuleysi í ríkisfjármálum og peningamálum er smám saman að leiða til þess að áhætta ríkissjóðs og lífeyrissjóðanna tvinnast saman eins og hjá gömlu bönkunum og stærstu eigendum þeirra. Afleiðingin getur orðið sambærileg.

Formaður velferðarnefndar Alþingis staðfesti í vikunni að fullt tilefni væri til þessa beygs með því að lýsa yfir því að huga ætti að því að steypa lífeyrisréttindum landsmanna í eitt kerfi. Á mæltu máli þýðir það að hverfa frá söfnunarkerfi og innleiða gegnumstreymiskerfi. Tilgangurinn er að eyða upplýsingum sparnaði.

Slíkar yfirlýsingar benda ótvírætt til að í ráðleysinu upp við vegprestinn sé sú freisting ofar í huga ríkisstjórnarinnar að halda áfram að nota lífeyrissjóðina til þess að ná öðrum pólitískum markmiðum en að tryggja sjóðsfélögum lífeyri á efri árum.

Þvingunarráð

Í vikunni var greint frá samkomulagi ríkisstjórnarinnar við lífeyrissjóðina um þátttöku í gjaldeyrisuppboðum Seðlabankans. Dæmið leit ekki illa út eins og það var kynnt. Lífeyrissjóðirnir flytja heim erlendan gjaldeyri. Það styrkir stöðu krónunnar og ætti eftir kenningunni að auðvelda Seðlabankanum að aflétta gjaldeyrishöftunum.

Hér þarf þó að horfa á fleiri hliðar. Í fyrsta lagi er þetta þvingunaraðgerð. Hún svarar því ekki þeirri spurningu sem öllu máli skiptir: Eru menn tilbúnir af fúsum og frjálsum vilja að breyta erlendum eignum í íslenskar krónur? Fyrir vikið hefur aðgerðin ekki þann trúverðugleika sem vera þyrfti.

Í annan stað er þetta enn eitt dæmið um hvernig stjórnvöld draga lífeyrissjóðina inn í sameiginlega áhættu vegna veikrar ríkisfjármálastefnu. Veiking lífeyrissjóðanna getur að sönnu styrkt ríkissjóð og Seðlabankann í bráð. Á hinn bóginn grefur hún undan langtímamarkmiðum um fjármálastöðugleika og einni meginstoð velferðarkerfisins.

Í þriðja lagi er með þvingunarráðum eins og þessum verið að hindra lífeyrissjóðina í að dreifa áhættu með fjárfestingum erlendis. Sú áhættudreifing er eitt af haldreipum sjóðanna. Verði gjaldeyrishöftunum aflétt er skylda sjóðanna að fara út aftur með peninga til að tryggja eðlilega áhættudreifingu.

Þá kunna menn að standa í þeim sporum að þurfa að hefta útstreymið með öðrum ráðum. Á endanum gæti þetta haft þá einu þýðingu að hjálpa Seðlabankanum að skipta um nafn eða form á höftunum. Er það markmiðið?

Veldur krónan nýju hruni?

Einn af yngri hagfræðingum landsins, Heiðar Már Guðjónsson, vakti í vikunni með athyglisverðum greinaflokki í þessu blaði athygli á hverjar afleiðingar það getur haft að fylgja áfram óbreyttri stefnu í peningamálum. Í raun hefur ekkert breyst í þeim efnum. Allt er eins og það var fyrir hrun að viðbættum höftunum. Hann sýnir með sterkum rökum fram á að þetta geti leitt til annars hruns innan fjögurra ára.

Heiðar Már Guðjónsson telur róttæka stefnubreytingu óhjákvæmilega með upptöku nýrrar myntar og leggur til að það verði gert einhliða og bendir einkum á Kanadadollar. Hann telur að samningar um aðild að evrópska myntbandalaginu taki of langan tíma og ný mynt yrði keypt of dýru verði ef fórna þyrfti fiskveiðiréttindum á móti. Hvort tveggja er í sjálfu sér rétt. Spurningin er bara hvort unnt er í samningum að tryggja fiskveiðihagsmunina og hraða ferlinum. Það er markmið aðildarviðræðnanna.

Kjarni málsins er þó sá að ekki er unnt að halda áfram án skýrrar stefnumörkunar. Hinn kosturinn, að hanga utan í vegprestinum og þora ekki að velja nýja leið, mun á endanum kalla yfir okkur nýtt hrun. Spurningin er bara hversu hratt. Vandinn er sá að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan fást til að taka ákvörðun um hvert á að halda og hvernig varða á veginn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

HÁSKÓLA DAGURINN

YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI

HÁSKÓLADAGURINN 18. FEBRÚAR KL. 12.00–16.00

Í Háskólabíó verður kynning á námi frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands, Keili og Listaháskóla Íslands. Einnig verður þar kynning á háskólanámi í Danmörku og Svíþjóð, sjá nánar á www.danmark.is.

Í Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíó verður kynning á námi við Háskóla Íslands.

Háskólinn á Bifröst kynnir námsframboð í Norræna húsinu.

Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands kynna námsframboð sitt í húsakynnum HR í Nauthólsvík.

Fríar rútuferðir á milli staða á tuttugu mínútna fresti! Ferðir frá HÍ, Háskólabíó og HR.

Háskóladagurinn um land allt:
Egilsstaðir: Kynning í ME 6. mars
Akureyri: Kynning í VMA 7. mars
Selfoss: Kynning í FSU 8. mars
Ísafjörður: Kynning í MÍ 14. mars

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar á **www.haskoladagurinn.is** og **á facebook.**

Laugardagur til lista

Í dag, kl. 13.30 heldur Guðni Tómasson listsagnfræðingur fyrirlestur í ráðstefnusal Arion banka, Borgartúni 19. Fyrirlesturinn ber heitið **Óróleikinn nær til Íslands**. Guðni mun fjalla um umbrot í þjóðlífi og myndlist um miðja 20. öld.

Sýnd verða verk úr safneign **Arion banka**.

Laugardagur til lista. Allir velkomnir.

Arion banki

Straumhvörf í stéttabaráttu

Fjármál

Andrea J. Ólafsdóttir
formaður H

Friðrik Óttar Friðriksson
fv. formaður HH

Þórður Björn Sigurðsson
fv. formaður HH

Nú hafa Hagsmunasamtök heimilanna (HH) talað fyrir réttlætiskröfum um almennar leiðréttingar á höfuðstól lána og afnám verðtryggingar í rúm þrjú ár. Þó að stjórnvöld hafi ekki enn orðið við meginkröfum samtakanna njóta þær fylgis 80% þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnunum. Þá hafa um 37.500 undirskriftir safnast kröfunum til stuðnings og ætla samtökin að afhenda þær forseta Íslands, sem er samkvæmt stjórnarskránni hluti af stjórnvöldum landsins.

ASÍ fulltrúi atvinnurekenda eða launþega?

Barátta HH hefur snúist um kjarabaráttu sem verkalýðshreyfingin hefur ekki viljað taka þátt í, nema með örfáum undantekningum. Sjálfsagt hefðu samtökin aldrei orðið til ef forseti ASÍ hefði ekki lagst gegn frystingu vísitölunnar haustið 2008. Forseti ASÍ er ekki kjörinn í allsherjarkosningu heldur hafa fulltrúar, handgengnir forystunni, atkvæðisrétt. Þá hefur ASÍ lagst gegn því að stjórnir lífeyrissjóða verði kosnar beint af sjóðsfélögum. Eins hefur ASÍ viljað halda fulltrúum Samtaka atvinnurekenda í stjórnum sjóðanna.

Afstaða ASÍ er óskiljanleg. Þangað til við komum að þversögn verkalýðshreyfingarinnar. Herdís Dröfn Baldvinsdóttir hefur gert doktorsverkefni um tengsl og samgróna innviði íslenska fjármálageirans og verkalýðssamtaka. Hún vill meina að fjármálaleg og raunverulega pólitísk völd hafi færst í ríkari mæli í hendur ASÍ og VSÍ og sameiginlega hafa þessi samtök verið ríkjandi í hagstjórn Íslands síðastliðinn áratug. Aðalleiðtogar ASÍ hafa myndað náin fjárhagsleg tengsl við fulltrúa atvinnurekanda innan stjórna almenna lífeyrissjóðskerfisins og ýmissa einkafyrirtækja. Sú þversögn virðist hafa myndast að ASÍ sé orðið mun sterkara félag fyrir atvinnurekendur en fyrir félagsmenn sína.

Straumhvörf í kjarabaráttu?

Ingólfur H. Ingólfsson félagsfræðingur hefur skrifað um hvernig hinn almenni launamaður skuldar nú lánardrottni sínum að meðaltali tvöfaldar til þrefaldar árstekjur sínar og að vaxtakjör séu farin að skipta meira eða jafnmiklu máli og launakjör. Hann vakti athygli á því að það þyrfti stéttarsamtök skuldara rétt eins og stéttarsamtök launþega. HH eru vísir að „stéttarsamtökum skuldara“ þó þau hafi ekki enn haft aðkomu að kjaraviðræðum, aðra en þá að skrifa forystu ASÍ og verkalýðsfélaganna hvatningu í síðustu kjaraviðræðum sem gekk út á það að huga að lánakjörum, almennum leiðréttingum og afnámi verðtryggingar – en við litlar undirtektir.

Stjórn HH hefur hug á að bjóða verkalýðsfélögum að ganga til liðs við HH og mynda saman ný regnhlífarsamtök verkalýðsfélaga sem ekki myndu skilja lánakjör útundan í baráttunni fyrir bættum hag félagsmanna. Þak yfir höfuðið er vissulega einn mikilvægasti þáttur í lífi hvers manns og telst til mannréttinda og því ekki úr vegi að leggja mikla áherslu á að það fáist á viðráðanlegu verði – en ekki þeim okurlánum sem hér hafa tíðkast. Stjórn HH ætlar sér að leggja könnun fyrir félagsmenn þar sem m.a. verður spurt út í afstöðu félagsmanna til framtíðar samtakanna. Um leið og félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í könnuninni segjum við umræðuna um stétta- og kjarabaráttu 21. aldarinnar hafna.

BYLGJAN 989 25 ÁRA

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

KPMG
cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDÖGUM

Vaxtadómur Hæstaréttar

23. febrúar | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Sérfræðingar KPMG munu fara yfir dóminn og þau álitaefni sem vakna í kjölfar hans bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Kynnt verða áhrif af endurútreikningi lána í samræmi við dómsniðurstöðuna.

Nýlegir dómar héraðsdóms um skattatengd efni verða einnig kynntir.

Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is



AF NETINU

Brengluð sýn dómara

Þrír dómarar við Hæstarétt virðast mér hafa kynferðisbrenglaða sýn. Telja frambærilegt, að starfskona sé látin fara í vinnuferð í sumarbústað, þar sem yfirmaður hennar hleypur um allsber og hegðar sér óviðurkvæmilega á ýmsan hátt. Þegar Hæstiréttur úrskurðar í svona máli, hafa dómarar ekki annað á bak við sig en persónulegt mat á aðstæðum. Engin lög segja, að fólk þurfi að þola þessa tilgreindu hegðun yfirmanna sinna. Mér finnst dómararnir Helgi I. Jónsson, Benedikt Bogason og Gréta Baldursdóttir sýna brenglaða dómgreind í úrskurði sínum. Þarna var um að ræða skýrt kynferðislegt áreiti yfirmanns.

http://jonas.is/

Jónas Kristjánsson

Áfram veginn 2012

CHEVROLET

NÝR AVEO

Sigurvegari í öryggi!

bílasamningur ergo

Mánaðargreiðsla*
32.158kr.
AVEO LTZ bsk.

Bíll á mynd: AVEO LTZ með aukabúnaði.

Best in Class

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

Euro NCAP er virtasta eftirlitsstofnun Evrópu um öryggismál í bílaiðnaðinum. Þegar sérfræðingar Euro NCAP kveða upp sinn árlega dóm, vekur það athygli um allan heim.
(sjá www.euroncap.com).

Nýlega var kunngert að nýr Aveo stæði uppi sem sigurvegari í sínum flokki, „Best in Class 2011“, eftir ítarlega úttekt á öryggisþáttum í 53 nýjum bílum á Evrópumarkaði.

Og við fullyrðum að ef dæmt hefði verið um hönnun bílsins í leiðinni væri annar bikar kominn í hús.

**Við gætum reynt að lýsa nýjum Aveo í löngu máli, en við viljum heldur að þú upplifir hann á eigin forsendum.
Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Aveo, - það er öruggast.**

Happdrætti og leiðarvísir um hagkvæmustu bílakaupin í dag.
Komdu í Kringluna eða í sýningarsal Chevrolet og fáðu þér eintak!

AVEO LTZ • 1.6l • bsk • kr. 2.790 þús.
AVEO LTZ • 1.6l • sjsk • kr. 2.990 þús.
Aveo kemur hlaðinn staðalbúnaði. Sjá benni.is

*AVEO LTZ beinskiptur - Miðað við Gullvildarkjör Ergo á óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða og 30% innborgun. Hlutfallstala kostnaðar: 10.25%.

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

Opið í dag frá kl. 12 - 16.

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000
Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
FAGLEG OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA
30 - 50% AFSLÁTTUR AF FLÍSUM
20% AFSLÁTTUR AF PARKETI
HEIMA HÚSIÐ
Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
Ondregi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 4242 www.heimahusid.is

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF HÚGSÖGNUM

LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR HEIMILIÐ?

Skatthol 80 x 96 x 55 cm
kr. 52.300,-

Glerskápur 120 x 192 x 35 cm
kr. 189.900,-

Kommóða 90 x 84 x 40 cm
kr. 79.800,-

Náttborð 38 x 64 x 40 cm
kr. 28.800,-

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ondvega mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET•FLÍSAR

Lækkun húsnæðisskulda

Fjármál

Júlíus Sólnes
fv. umhverfisráðherra

Umræðan um almenna lækkun húsnæðisskulda landsmanna heldur áfram. Stjórnvöld þykjast hafa lækkað húsnæðisskuldir heimilanna um 200 milljarða nú þegar og halda því fram að ekki sé hægt að gera meira. Þetta stenzt hins vegar ekki skoðun. Fyrir tilstilli stjórnvalda hafa húsnæðisskuldir landsmanna aðeins lækkað um einhverja 30–40 milljarða með ótrúlega flóknum, sértækum aðgerðum. Langmesti hluti 200 milljarðanna er kominn til vegna hæstaréttardóms um ólögmæti gengistryggðra lána.

Ef eitthvað reyndi ríkisvaldið að hindra, að slíkur úrskurður yrði felldur, lyfti a.m.k. ekki litla fingri til að flýta fyrir honum.

Dómurinn hefur hins vegar haft í för með sér, að höfuðstóll gengistryggðra húsnæðisskulda hefur lækkað umtalsvert. Á sama tíma hefur höfuðstóll verðtryggðra skulda hækkað stjórnlaust. Það er ekki mikill jöfnuður í því.

Forsætisráðherra og grátkór lífeyrissjóðanna eru óspör á að segja, að það sé óðs manns æði að fara í almenna 20% skuldaleiðréttingu. Stjórnvöld yrðu talin skaðabótaskyld nema samþykki allra kröfuhafa eða lánveitenda fengist, sem verður að teljast ólíklegt. Verðmiðinn sé um 200 milljarðar miðað við, að húsnæðisskuldirnar séu 1.000 milljarðar. Almenningi er svo talin trú um, að ríkissjóður/skattgreiðendur verði að greiða þennan kostnað, nánast sama dag og leiðrétting eigi sér stað.

Menn virðast ekki átta sig á því, að heildarupphæð húsnæðislána er bókfært virði (væntingar um endurgreiðslu) þeirra miðað við, að þær innheimtist að fullu á 25–40 ára lánstíma. Er það líklegt? Þúsundir heimila ráða illa við að greiða af stökkbreyttum, verðtryggðum húsnæðislánum og því sennilegt, að mikil afföll verði á virði lánasafnsins á næstu árum. Með því að lækka höfuðstól lánanna um 10–15%, gæti innheimtan orðið öruggari, greiðsluviljinn meiri, og lánastofnanir myndu innheimta hærra hlutfall skuldanna en ella. Ef til vill meira en sem nemur höfuðstólslækkuninni.

Hér er varpað fram þeirri hugmynd að breyta lánskjaravísitölunni með einfaldri aðgerð, það er að hreinsa burt allar innlendar skattbreytingar og önnur álíka ósanngjörn áhrif og nota framvirkt veldismeðaltal vísitölunnar til að draga úr miklum sveiflum á henni. Það er ef til vill ekki óeðlilegt, að lánskjör Íslendinga versni við að kaffi hækki í Brazilíu. Það gildir hins vegar ekki, þegar ríkið hækkar virðisaukaskatt skyndilega um 1%, eykur tekjuskatt eða álögur á áfenga drykki og benzín.

Á sama hátt geta sparifjáreigendur ekki ætlazt til að bankainnistæður þeirra hækki af þeim sökum. Tökum dæmi frá stóru nágrannalandi okkar, Þýzkalandi. Þar var virðisaukaskattur hækkaður um heil 3% fyrir nokkrum árum, úr 16 í 19%, til að rétta af fjárhag ríkisins. Við það hækkaði verðlag í Þýzkalandi. Skyldi einhverjum þýzkum sparifjáreiganda hafa látið sér detta í hug að heimta hlutfallslega hækkun á bankainnistæðu sinni af þeim sökum eða lánastofnunum að hækka húsnæðislán?

Hefði vísitala með ofangreindum formerkjum verið innleidd á Íslandi 1995 í stað hrárrar neyzluvísitölu, væri hún núna um 20% lægri en núverandi lánskjaravísitala. Réttlát breyting á vísitölunni þyrfti að vera afturvirk til 1. september 2008, en ef það kynni að skapa ríkinu skaðabótaskyldu er betra en ekki að breyta vísitölunni strax framvirkt til að koma í veg fyrir, að almenningur verði með öllu eignalaus eftir nokkur ár.

Með þessari aðgerð er hægt að lækka húsnæðisskuldirnar framvirkt án skaðabótaskyldu fyrir ríkið. Að sjálfsögðu munu verðtryggðar innistæður lækka að sama skapi sem er eðlilegt. Þetta gæti ef til vill orðið grundvöllur sátta í þjóðfélaginu. Taka verður undir með Jóhönnu, að bezta lausnin er sú að skipta um gjaldmiðil, taka upp evru. Sú lausn mun hins vegar taka allt of langan tíma. Heimilin verða öll komin á hausinn áður, ef ekkert verður aðhafzt nú þegar.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar ákvað 1983 að afnema vísitölutengingu launa til að reyna að koma böndum á verðbólguna sem þá grasseraði. Næstu ár á eftir fundu launþegar áþreifanlega fyrir því. Verðtryggður höfuðstóll húsnæðislána jókst hratt í 30% verðbólgu, en launin stóðu nánast í stað. Sigtúnshópurinn svokallaði, en Ögmundur Jónasson, núverandi innanríkisráðherra, var aðaltalsmaður hans, vakti óspart athygli á þessu óréttlæti. Fulltrúar launþega í verkalýðshreyfingunni tóku undir það, andstætt því sem nú gerist. Það leiddi til þess, að lánskjaravísitölunni var breytt með lögum í janúar 1989 og launavísitala reiknuð inn í hana að einum þriðja. Þetta dró verulega úr hækkun verðtryggðra skulda landsmanna á næstu mánuðum og misserum. Tvö fjármálafyrirtæki fóru í mál og kröfðust þess að verðtryggð skuldabréf sem þau áttu skyldu greidd samkvæmt gömlu vísitölunni og báru fyrir sig eignarrétt skv. stjórnarskrá. Viðskiptaráðherra hefði ekki haft vald til að breyta vísitölugrunni verðtryggingar skuldanna. Ríkið vann málin á báðum dómsstigum.

Taldi Hæstiréttur að ríkisvaldið hefði sett verðtryggingu á með lögum og hefði því rétt til þess að breyta vísitölunni með þeim hætti sem var gert. Þess vegna var ekkert aðhafzt, þegar lánskjaravísitölunni var breytt aftur 1995, en á ný voru það helztu forvígismenn launþegasamtaka sem kröfðust þessa. Þeir töldu að vísitalan frá 1989 væri orðin of óhagstæð fyrir launafólk.

Það vekur því nokkra athygli, að 2012 berjast forsvarsmenn launþega hvað harðast gegn því að milda áhrif vísitölunnar. Lánskjaravísitalan, sem nú er í gildi, er óskadraumur fjármagnseigenda. Hún mælir allar breytingar sem geta valdið hækkun hennar þeim í hag, hvort sem einhver rök eða skynsemi eru fyrir því. Hagsmunir skuldara eru hins vegar fyrir borð bornir.

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
BYLGJAN 989
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

Sanngjörn skipting: 82% - 18%?

Samgöngumál

Steinar Berg Ísleifsson
ferðaþjónustubóndi

Á síðustu 20 árum hefur fjöldi ferðamanna til Íslands fjórfaldast úr 150 þús. í 600 þús. – milljón innan fárra ára er því ekki óraunhæft mat. Umræða, stefnumótun og skipulag hlýtur að taka mið af þessari fyrirsjáanlegu þróun. Á meðan hætta er á að farið verði yfir þolmörk ferðamannastaða á Suðurlandi eru kostir Vesturlands vannýttir. Undirstaða framþróunar er ný hugsun í samgöngumálum svæðisins; tengja það betur til hringaksturs á bundnu slitlagi, innan svæðis og með tengingu við önnur landssvæði. Lykilatriði er tenging í gegnum Lundarreykjadal um Uxahryggi til Þingvalla. Um 60 km leið og tiltölulega hagkvæm framkvæmd. Þannig skapast möguleikar á hringakstri á bundnu slitlagi frá höfuðborgarsvæðinu um Vesturland og Suðurland.

Þetta byði upp á fjölbreytta nýja ferðamöguleika. T.d. hringferð með a.m.k. jafn marga athyglisverða áfangastaði og nú er boðið upp á þegar farinn er hringurinn á þjóðvegi 1, en mun hagkvæmari hvað varðar: orku, akstur, slit á vegum, nýtingu tækja og vinnutíma, ásamt því að fjölga ánægjustundum ferðamanna. Einnig myndi slík vegagerð dreifa umferð á álagstímum sumarsins og efla þar með öryggi á vegum þegar stór hluti ferðamanna færir sig til eftir veðri, á milli landsvæða eftir Suðurlands- og Vesturlandsveginum. Svo og: lengja ferðatímann og styrkja ferðamennsku utan háannatíma. Þannig þjónar veggerðin bæði svæðisbundinni atvinnuuppbyggingu jafnt sem heildarhagsmunum ferðaþjónustu á Íslandi enda hefur stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar tilnefnt þessa veggerð sem forgangsverkefni í samgöngumálum.

Meira þarf til. Lengi hefur verið rætt um uppbyggðan fjallveg yfir Kaldadal í stað þeirrar niðurgröfnu, stórgrýttu forarslóðar sem þar er. Slík framkvæmd og tenging við bundið slitlag á Uxahryggjavegi myndi stórefla upplifun og aðgengi og hnykkja á sérstöðu svæðisins. Bundið slitlag um Skógarströnd myndi stuðla að því að gera Vesturland að heildstæðara ferðasvæði; skapa ferðamannaleið milli Snæfellsness og Dalabyggðar og afar skemmtilegan hringakstur með tengingu við núverandi vegi, auk þess að tengja saman byggðarlög.

Það er örugglega vandasamt verk að setja saman samgönguáætlun. Endanleg útfærsla og ákvörðunartaka er í höndum fólks sem fær greitt fyrir þá vinnu og er treyst til að gæta hagsmuna sinna landsvæða. Öllum er kunnugt um að úr minna fjármagni er að spila og því mikilvægt að jafnræðis- og sanngirnissjónarmið séu höfð í hávegum við útdeilingu fjármuna. Innanríkisráðherra hefur stigið fram og sagt að Vestfirðir eigi að fá hlutfallslega mest til að bæta samgöngur á því landsvæði umfram annars staðar. Með réttu ætti þetta að þýða að NV-kjördæmi fengi verulegt, sértækt viðbótarframlag til þess að standa undir slíku átaki. En svo er ekki. NV-kjördæmi fær aðeins 14% eða 3,8 milljörðum meira heldur en NA-kjördæmi. Sú upphæð er óverulegur hluti þess sem fyrirhugað er til vegabóta á Vestfjörðum.

Stóra myndin er þessi: Fyrir Alþingi liggur samgönguáætlun, sem er stefnumótandi til 12 ára. Búið er að tilgreina 30,625 milljarða til ákveðinna vegaframkvæmda í NV-kjördæmi. Þar af fara 25,245 milljarðar eða 82% til Vestfjarða en 5,380 milljarðar eða 18% til annarra vegaframkvæmda í kjördæminu. Ef slæmar vegasamgöngur á Vestfjörðum eru afleiðing sniðgöngu undanfarinna ára og áratuga, þá er þessi nýja samgönguáætlun áframhald þeirrar vitlausu stefnu – með öfugum formerkjum. Nú skal sniðganga hin svæðin í NV-kjördæmi þ.m.t. áðurnefndar vegabætur um Uxahryggi og Lundarreykjadal, Kaldadal og Skógarströnd.

Annaðhvort í ökkla eða eyra. Kunna þeir sem stjórna þessum málum sér ekki meðalhóf? Það hlýtur að vera eðlileg krafa að líta til heildarinnar; og ekki getur samviskubit stjórnmálamanna út af fortíðinni verið grundvöllur framtíðarákvarðana á þessum vettvangi. Vestfirðir eru um þriðjungur af flatarmáli NV-kjördæmis og Vestfirðingar tæpur fjórðungur af íbúafjölda kjördæmisins. Eru slík viðmið grundvöllur til skiptingar á því fé sem verja á til samgöngubóta? Varla. Út frá hverju skal ganga? Undanfarið hafa þingmenn NV-kjördæmis viðrað skoðanir sínar hvað fiskveiðistjórn og kvóta varðar; talað um sanngirni og jafnræði og varað við samþjöppun í skiptingu fiskikvótans. Hvernig eiga þessi hugtök við þegar kemur að skiptingu vegakvóta kjördæmisins?

> Búið er að tilgreina 30,625 milljarða til ákveðinna vegaframkvæmda í NV-kjördæmi. Þar af fara 25,245 milljarðar eða 82% til Vestfjarða en 5,380 milljarðar eða 18% til annara vegaframkvæmda í kjördæminu.

Samgöngur skipta íbúa landsbyggðar afar miklu máli og eru undirstaða atvinnuuppbyggingar framtíðarinnar. Þær eru alls ekki einkamál innanríkisráðherra. Hverjar eru forsendur þess að sitjandi ráðherra og meðvirkir þingmenn ákveða: 82% Vestfirðir og 18% rest? Eru þær vandaðar og faglegar eða ósanngjarnt offors á kostnað annarra íbúa NV-kjördæmis og ferðaþjónustunnar í heild?

ÚRVALSFÓLK (60+)
FERÐALÖG OG FRÁBÆR FÉLAGSSKAPUR

AFSLÁTTUR 12.000 kr. Á MANN EF BÓKAÐ ER Á SUNNUDAG

ÚRVALSFÓLK (60+) ATHUGIÐ!

HÚLLUM HÆ Í LÁGMÚLANUM

SUNNUDAGINN 19. FEBRÚAR FRÁ KLUKKAN 13:00 TIL 16:00

Sérstakt tilboðsverð á ferðum, skemmtanastjórar kynna ferðir sínar, happdrætti, veitingar í boði og heitt á könnunni. Við hlökkum til að sjá þig!

Í ferð með Úrvalsfólki er hópurinn samstæður og þú nýtur samvista við jafnaldra, vini og kunningja. Skemmtanastjóri er með í sólarlandaferðum og skipuleggur fjölbreytta dægradvöl t.d. leikfimi, spilavist og skemmtikvöld. Farið er saman út að borða, í dans og danskennslu, golf og mínígolf ásamt fjölmörgum öðrum skemmtilegum uppákomum. Að ógleymdum frábærum skoðunarferðum í fylgd reyndra fararstjóra.

SKELLTU ÞÉR Í FERÐ MEÐ ÚRVALSFÓLKI Í VOR!

TENERIFE — 21. APRÍL - 15. MAÍ (24 NÆTUR)

21.apríl til 15.maí (24 nætur)
Skemmtanastjóri: Kjartan Trausti

Blómaeyjan Tenerife er sannkölluð sólarparadís. Einstök náttúrufegurð og veðursæld. Kjartan Trausti reynir að yngja sig upp og aðra í þessari spennandi ferð fyrir Úrvalsfólk. Þjóðgarðurinn El Teide heillar og enginn sleppir verslunar- og menningarferð til höfuðborgarinnar Santa Cruz de Tenerife.

HÓTEL GALA ★★★★
24 nætur með hálfu fæði
TILBOÐSVERÐ: **211.900 KR.-***
Almennt verð: 223.900 kr.-

HÓTEL LA SIESTA ★★★★
24 nætur með hálfu fæði
TILBOÐSVERÐ: **216.900 KR.-***
Almennt verð: 228.900 kr.-

á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði í 24 nætur.

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK | SÍMI 585 4000 | FAX 585 4065 | INFO@UU.IS | WWW.URVALUTSYN.IS
* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Synirnir eru bestu vinir mínir

Umfjöllunarefni vinsælasta lags sumarsins 2010, Mama Angola, er **Ana Maria Unnsteinsson**, móðir Unnsteins og Loga í hljómsveitinni Retro Stefson. Hún sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá borgarastyrjöldinni í heimalandinu og árunum sautján á Íslandi.

Mér líður mjög vel hérna. Íbúðin er rúmgóð og frábært að geta farið út í garð og út á pallinn á sumrin. Ég er frá Afríku og ég þarf mitt pláss!“ segir Ana Maria Unnsteinsson þegar blaðamaður kemur í heimsókn á notalegt heimili hennar í Laugardalnum. Líklega hafa flestir heyrt Önu Mariu getið sem Mömmu Angóla, en hún er umfjöllunarefni samnefnds poppsmells hljómsveitarinnar Retro Stefson sem var eitt hið vinsælasta sinnar tegundar hér á landi sumarið 2010.

Synir Önu Mariu, Unnsteinn Manuel og Logi Pedro, eru meðlimir sveitarinnar sem hefur gert góða hluti á undanförnum árum, sent frá sér tvær breiðskífur sem báðar nutu hylli og vinnur nú hörðum höndum að þeirri þriðju. Þá hefur Retro Stefson tryggt sér útgáfusamning við stórfyrirtækið Universal og leikið á fjölda hljómleika víða um heim.

Sjálf hefur Ana Maria búið á Íslandi í sautján ár og unnið hin margvíslegustu störf, en einnig glímt við nýrnaveiki sem tvisvar hefur ógnað lífi hennar.

„Mér finnst mjög gaman að labba um Laugardalinn og sérstaklega að líta við í Húsdýragarðinum við og við. Það eina sem mér þykir leiðinlegt er hversu þrengt er að svínunum og lömbunum í garðinum. Þau geta varla hreyft sig í þessu litla plássi. Mega þessi dýr ekki frekar vera í garðinum hjá mér? Þar er miklu meira pláss,“ bætir hún við og skellir upp úr. „Við bjuggum lengi í Þingholtunum og strákunum mínum finnst Laugardalurinn nánast vera uppi í sveit. En ég er ánægð.“

MAMMA ANGÓLA Ana Maria hefur gengist undir tvær nýrnaígræðslur og hafa veikindin hamlað henni á ýmsan hátt, til dæmis í vinnu. Hún reynir að halda sér í formi með göngutúrum, leikfimi og dansi. „Dansinn er besta æfingin og mannskepnan þarf á dansi að halda,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hélt að allir væru látnir

Ana Maria fæddist í Angóla í Afríku, eins og titill téðs dægurlags Retro Stefson bendir til, og er ein átta systkina. Faðir hennar lést þegar Ana Maria var einungis sex ára gömul og til að létta undir með móður hennar var hún tekin í fóstur af portúgölskum hjónum sem störfuðu í Angóla, en landið var þá portúgölsk nýlenda.

Ellefu ára, árið 1971, fluttist Ana Maria svo með fósturforeldrum sínum til Portúgal en fjórum árum síðar hlaut Angóla sjálfstæði og hófst þá fyrir alvöru blóðug borgarastyrjöld í landinu sem stóð yfir með hléum í 27 ár. Ástandið í heimalandinu gerði það að verkum að Ana Maria hefur ekki heimsótt það á ný, en segist dreyma um að komast þangað einhvern daginn og helst með syni sína meðferðis.

„Ég myndi ekki vilja flytja til Angóla til að búa þar, því ég vil bara vera á Íslandi. En mig langar til að kanna innviði landsins, ekki borgirnar heldur upplifa frumskóginn og kynna Unnstein og Loga fyrir fjölskyldunni okkar, sem er af Kimbundu-ættflokknum og risastór. Ein af systrum mínum á tíu syni!“ segir hún og bætir við að hún hafi verið svo heppin að enginn af nánustu ættingjum hennar lést í hinni langvinnu borgarastyrjöld í landinu.

„Á fimm ára tímabili missti ég allt samband við fólkið mitt, því ástandið var þannig að ekkert virkaði, hvorki póstþjónusta, símasamband né annað. Í mörg ár sendi ég mömmu minni peninga til Angóla frá Portúgal, en var á endanum ráðlagt að hætta því þar sem vitað var að bréfin myndu aldrei ná á áfangastað. Ég vissi því ekki hvernig ættingjum mínum leið og óttaðist að þeir væru allir látnir, hélt að ég væri ein í heiminum, þar til að einn góðan veðurdag fékk ég bréf frá bróður mínum sem sagði mér að allir væru lifandi. Þetta var risastórt bréf og ég grét af gleði,“ rifjar Ana Maria upp. „Nú horfir allt til betri vegar og ég er viss um að innan tíu ára verður Angóla komið fremst í röð Afríkulanda.“

Tvisvar lífshættulega veik

Að lokinni hefðbundinni skólagöngu í Portúgal starfaði Ana Maria meðal annars á prjónastofum, sem sölukona, hárgreiðslukona og húshjálp, þar sem hún öðlaðist mikla reynslu í matreiðslu sem nýttist henni síðar á lífsleiðinni. Tilvonandi eiginmanni sínum og barnsföður, Stefáni Unnsteinssyni, kynntist hún í strætóskýli nærri höfuðborginni Lissabon en hann vann þá að saltfisksútflutningi til landsins.

Unnsteinn Manuel og Logi Pedro fæddust með tveggja ára millibili í upphafi tíunda áratugarins og árið 1995 fluttu þau til Íslands. Þá var Ana Maria þegar farin að finna fyrir nýrnasjúkdómi sem hefur haft mikil áhrif á líf hennar æ síðan.

„Ég var stöðugt með mikinn hita og leið illa, en læknarnir í Portúgal fundu ekkert að mér nema óvenju háan blóðþrýsting. Ég var því sett á lyf sem unnu á blóðþrýstingnum en höfðu slæm áhrif á nýrun,“ segir Ana Maria.

„Í upphafi ætluðum við einungis að dvelja á Íslandi í nokkra mánuði, en læknarnir hér voru fljótir að greina mig nýrnaveika og settu mig í viðeigandi meðferð. Hefði ég ekki komið til Íslands væri ég ekki til frásagnar í dag, því ég var orðin mjög veik. En hérna höfum við búið síðan.“

Tvær nýrnaígræðslur fylgdu í kjölfarið, árin 1997 og 2003. Sú fyrri heppnaðist ekki nægilega vel þar sem nýrað virkaði ekki og þufti því að fjarlægja það á ný með tilheyrandi vanheilsu. „Eftir þá aðgerð var ég hrikalega veik, í raun nærri því að deyja, og hugsaði með mér að ég vildi aldrei fara í nýrnaígræðslu aftur. En síðari aðgerðin gekk betur. Þó hef ég verið fremur heilsutæp síðan, verð til að mynda auðveldlega þreytt, og það hefur hamlað mér frá því að vinna fulla vinnu. Ég reyni þó að halda mér í góðu formi með göngutúrum, leikfimi og dansi. Dansinn er besta æfingin og mannskepnan þarf á dansi að halda,“ segir Ana Maria.

Hún segir syni sína tvo hafa hjálpað sér mikið í veikindunum og viðurkennir að án þeirra hefði hún átt mun erfiðara með að harka af sér í gegnum þá reynslu. „Ég gleymi því til dæmis aldrei þegar fyrri nýrnaígræðslan var gerð á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Logi var bara fimm ára og dálítið hræddur við lyftuna á spítalanum, en einn daginn kom hann aleinn upp til mín með lyftunni og sagði: „Mamma, aldrei gefast upp.“ Þetta augnablik hugsa ég alltaf um þegar eitthvað bjátar á. Svo bætti Logi við: „Ég er strax byrjaður að tala dönsku!“. Ég bað hann um að leyfa mér að heyra dönskuna og þá stóð ekki á svarinu: „Jeg snakker ikke dansk!“,“ segir Ana Maria og hlær.

> Á fimm ára tímabili missti ég allt samband við fólkið mitt, því ástandið var þannig að ekkert virkaði, hvorki póstþjónusta, símasamband né annað.“

Reyni að mæta á alla tónleika

Á Íslandi hefur Ana Maria meðal annars starfað á frístundaheimili og sem matreiðslukona í leikskóla, auk þess sem hún hefur lagt veisluþjónustum lið og prjónað og lappað upp á hina ýmsu skrautmuni, sem hún kaupir og selur svo aftur á mörkuðum víðsvegar um borgina.

Í tvö ár nam hún við matreiðslubraut Menntaskólans í Kópavogi og nú um stundir leggur hún stund á nám við sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans við Ármúla, en hún og Stefán skildu fyrir átta árum. Í frístundum hefur hún einna mesta ánægju af að syngja í kórum, en hún var lengi í kór Háteigskirkju og syngur nú með kór Landakotskirkju.

Unnsteinn Manuel og Logi Pedro sýndu einnig snemma mikinn áhuga á tónlistariðkun og segir Ana Maria syni sína hafa fengið gott uppeldi fyrir framtíðarstarfið í Austurbæjarskóla og Tónmenntaskóla Reykjavíkur við Lindargötu.

„Þegar þeir fóru ungir í heimsóknir til Portúgal voru þeir stundum spurðir hvort þeir kysu frekar að búa í Portúgal eða á Íslandi. Þá sögðust þeir gjarnan vilja búa í Portúgal, en bara ef þeir fengju að taka skólann sinn með sér,“ segir Ana Maria. „Þeir hefðu ekki getað fengið betri skóla en Austurbæjarskóla, þar sem mörg börn eru af erlendum uppruna og tónlistarkennslan fyrsta flokks undir stjórn tónmenntakennarans Péturs Hafþórs Jónssonar. Þeim leið svo vel í skólanum. Ég þurfti aldrei að draga þá fram úr rúminu til að fara í skólann því þeir voru svo spenntir að mæta snemma til að geta spilað á hljóðfæri í smá stund áður en kennslustundirnar hófust. Sumarkaupinu sínu eyddu þeir öllu, hverri einustu krónu, í hljóðfæri,“ segir hún og ekki leynir sér að hún er stolt af sonum sínum.

„Við erum bestu vinir og okkur líður mjög vel saman. Þeir taka tónlistina mjög alvarlega og ég er mjög ánægð með það hvernig þeir haga sínu lífi. Ég reyni að mæta á hverja einustu tónleika sem Retro Stefson heldur og stundum kynna þeir mig fyrir áhorfendum sem mömmu sína, drottninguna frá Afríku. Ég stend samt aldrei upp. Ég er allt of feimin til þess,“ segir Ana Maria.

AFMÆLISGJÖFIN MAMA ANGOLA

„Mamma mín er frá Angóla, pabbi minn frá Íslandi en þau hittust í Portúgal,“ er gróf þýðing úr texta lagsins vinsæla með Retro Stefson, sem upphaflega var samið sem fimmtugsafmælisgjöf handa Önu Mariu. „Strákarnir héldu veislu á Nasa og buðu fjörutíu nánum vinum mínum, en sex hundruð manns mættu. Þetta var frábær dagur,“ segir Ana Maria og viðurkennir að það hafi verið skrýtið að heyra sungið um sig í útvarpinu á hverjum degi þegar lagið var sem vinsælast. „Krakkarnir í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, þar sem ég stunda nám, spyrja mig oft út í merkingu textans og stundum spila þau lagið í tölvunum sínum þegar ég labba fram hjá til að stríða mér.“

STOLT AF STRÁKUNUM Unnsteinn Manuel og Logi Pedro, synir Önu Mariu og meðlimir Retro Stefson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VILTU LÉTTAST?

Nupo næringarfæðið hjálpar þér að léttast!

Máltíðin aðeins frá **167 kr***

Nupo næringarfæðið er meðal áhrifamestu og öruggustu aðferða sem þekkjast í því skyni að léttast. Nupo er vottað af læknum og lyfjafræðingum en Nupo tryggir að líkaminn fái öll þau vítamín, steinefni og næringarefni sem hann þarfnast, það eina sem skorið er við nögl eru hitaeiningarnar.

Kynningar í Hagkaup Garðabæ og Kringlunni um helgina, laugardag og sunnudag kl: 14-17

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

*m.v. söluverð dags. 18.02. 2012 í Hagkaup

nupo®
ÖRUGG LEIÐ TIL AÐ LÉTTAST

Í Biblíunni er bæði ást og hatur

Biblían geymir ýmiss konar boðskap. Þar er að finna kærleik og ást, en einnig refsigleði og hatur. Því hefur verið velt upp hvort sumt þar eigi að skilgreina sem hatursáróður. ***Kolbeinn Óttarsson Proppé*** rýnir í trúartextann og samfélagslega skírskotun hans.

Um fá rit hefur staðið jafn mikill styr og Biblíuna. Hún er safn trúarrita og eru sum þeirra meira en 2000 ára gömul. Frá upphafi hefur verið deilt um hvað eigi að vera í Biblíunni og stendur sú deila enn. Sem dæmi má nefna að svokallaðar Apokrýfar-bækur Gamla testamentisins voru ekki í íslensku Biblíunni frá 1866 til 1981, en eru þar nú. Það er því ekki eins og Biblían hafi sprottið alsköpuð fram, hún er ritstýrt greinasafn.

Ummæli Snorra Óskarssonar, grunnskólakennara á Akureyri, þess efnis að samkynhneigð væri synd og synd ylli dauða hafa vakið athygli. Snorri var settur í hálfs árs leyfi, en sú ákvörðun er fráleitt óumdeild. Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók málið upp á þingi á þriðjudag. Þar sagði hann ráðstöfunina varða mannréttindi, virðingu fyrir skoðanafrelsi og trúfrelsi á Íslandi.

Þarna heggur Árni í sama knérunn og Snorri sjálfur. Skoðanir hans er að finna í Biblíunni og hvernig er hægt að banna trúuðum manni að vitna í trúarrit sitt?

VERÐUM AÐ TÚLKA Sólveig Anna Bóasdóttir guðfræðingur segir að ekki sé hægt að afsala sér samvisku og túlkunarfrelsi og vísa blint í Biblíuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þrælahald
"Berji maður þræl sinn eða ambátt með staf svo að af hlýst bani skal þess hefnt. En lifi hann einn dag eða tvo skal þess ekki hefnt því að hann er eign mannsins."
Önnur Mósebók.

Ekki siðferðileg viðmið

Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, segir ekki hægt að taka orð úr Biblíunni og flytja inn i okkar samfélag að óathuguðu máli. Biblían sé mörg þúsund ára gömul og það sem í henni standi sé í ákveðnu félagslegu og menningarlegu samhengi og það verði að hafa í huga. Því sé ekki hægt að nota þau sem siðferðileg viðmið í dag, án gagnrýnnar skoðunar.

„Kristin siðfræði og kristnir siðfræðingar hafa tekið afstöðu gegn mörgu sem talað er um í Biblíunni, s.s. þrælahaldi og dauðarefsingu. Siðfræðingar gera greinarmun á staðhæfingum um boð og bönn, sem finna má, og þeim rökum sem færa má fyrir staðhæfingunum.

Það er ekki ásættanlegt fyrir kristna siðfræði að flytja staðhæfingar úr þúsund ára gömlum ritum inn í samtímann og krefjast þess að samfélagið geri það að viðmiðum gagnrýnislaust. Siðfræðingar sleppa aldrei undan kröfu um að sýna fram á með rökum að boð og bönn Biblíunnar séu góð og gild í samtímanum. Kristin siðfræði er gagnrýnin: hún tekur hvorki bókstafstrú né hefðatrú gilda án nánari skoðunar."

Hvað er samkynhneigð?

Sólveig spyr líka hvað Snorri eigi við þegar hann talar um samkynhneigð. Orðið homosexuality kom fyrst fram árið 1868 og því segir Sólveig þá spurningu sem Biblían fjallar um ekki vera þá sömu og við hugleiðum í dag, þar sem gengið er út frá því að tvær manneskjur af sama kyni sem elskast séu frjálsar og gefi samþykki sitt. Því sé enginn skaði skeður og engar slæmar afleiðingar fyrir viðkomandi.

„Ef kynlífsathöfn tveggja eða fleiri er samþykkt og sjálfræði er til staðar og hún veldur þeim ekki skaða, þá á enginn utanaðkomandi að skipta sér af því. Biblían þekkir ekkert slíkt og þar er hvergi minnst á það."

> Kristnir siðfræðingar hafa alltaf túlkað Biblíuna. Þeir hafa lagt til hliðar fjölda boða og banna sem standa í Gamla testamentinu, við hlið þessa banns varðandi mök karlmanna til dæmis.

Hreinleikalögin

Orðin sem oftast er vitnað til varðandi kynlíf einstaklinga af sama kyni er að finna í Þriðju Mósebók. „Og leggist maður með karlmanni sem kona væri, þá fremja þeir báðir viðurstyggð. Þeir skulu líflátnir verða, blóðsök hvílir á þeim."

Þetta er að finna í hreinleikabálki Gamla testamentisins, í svokölluðum hreinleikalögum. Þar eru fleiri brot sem varða líflát; að drýgja hór með konu annars manns, leggjast með konu föður síns, tengdadóttur sinni, að sænga hjá mæðrum og eiga samræði við skepnur. Þá er þar einnig að finna eftirfarandi klausu sem gæti reynst mörgum unglingnum skeinuhætt í dag:

„Hver sá, sem bölvar föður sínum eða móður sinni, skal líflátinn verða. Föður sínum eða móður sinni hefir hann bölvað, blóðsök hvílir á honum."

Siðfræði eða siðfræði

Sólveig Anna segir að þessi orð verði að skoðast í ljósi þess samfélags sem þau töluðu til. „Það er margvíslegt efni í Biblíunni og hún er ekki ein efnisleg heild. Þetta endurspeglar menningu, samfélög og viðhorf sem eru löngu gengin sér til húðar.

Það er ekki allt til eftirbreytni sem stendur á síðum Biblíunnar. Þar er til að mynda að finna dauðarefsingu sem víðast hefur verið aflögð.

Sólveig segir mjög varhugavert að lifa eingöngu með Biblíuna að leiðarljósi og láta eins og maður þekki ekkert til samfélagsins sem maður býr í. Þekkingu og næmi þurfi til að túlka og flytja það inn í samtímann sem í henni stendur. Þá sé ekki samasemmerki á milli þess sem stendur í Biblíunni í heild og þess sem við köllum kristna siðfræði.

„Kristnir siðfræðingar hafa alltaf túlkað Biblíuna. Þeir hafa lagt til hliðar fjölda boða og banna sem standa í Gamla testamentinu, við hlið þessa banns varðandi mök karlmanna til dæmis. Þeir hafa komist að því að kristnir menn megi borða svínakjöt, á meðan hvorki Gyðingar né múslímar gera svo, og þeir hafa lagt margt annað til hliðar."

Bókstafstrú slæm

Mannkynið hefur alla tíð vísað til einhvers valds, hvort sem er veraldlegt eða geistlegt. Trúarrit eru gjarnan notuð í þeim tilgangi og á það við um gyðinga, múslima sem og kristna. Þó styðjast ekki öll trúarbrögð við trúarrit, en þau sem það gera eru nefnd bókatrúarbrögð.

Sólveig bendir á að í gegnum söguna hafi verið vísað í Biblíuna til að réttlæta ýmislegt sem hefur verið aflagt. „Allt fram að því að þrælahald var aflagt í Bandaríkjunum á ofanverðri 19. öldinni var túlkun stærstu kirkjudeildanna að stuðningur væri við þrælahald í Biblíunni. Það voru litlu kirkjudeildirnar, mennónítar, kvekarar og baptistar, sem lögðu annan skilning í Biblíuna og sögðu þrælahald ósiðlegt."

Ýmsir hafa einmitt vitnað til Biblíunnar, meðal annars varðandi samkynhneigða, og sagt sem svo; það er mikilvægt að sýna öllum kærleik en því miður stendur þetta í Biblíunni. Sólveig hefur svar við því.

„Getur nokkur manneskja nokkurn tímann afsalað sér samvisku og túlkunarfrelsi og sagt bara: ég verð að beygja mig undir þetta. Mér finnst nauðsynlegt að líta þannig á að maður sé frjáls á þann hátt að maður sé túlkandi vera sem leggur mat á hlutina."

ÞAÐ SEM BIBLÍAN BANNAR OG LEYFIR

Eigi maður þrjóskan son og ódælan sem hvorki vill hlýða föður sínum né móður og hlýðnast þeim ekki heldur þótt þau hirti hann, skulu faðir hans og móðir taka hann og færa hann fyrir öldunga borgarinnar á þingstaðinn í borgarhliðinu. Þá skulu þau segja við öldunga borgarinnar: „Þessi sonur okkar er þrjóskur og ódæll og hlýðir ekki áminningum okkar. Hann er bæði ónytjungur og svallari." Þá skulu allir karlmenn í borginni grýta hann til bana. Þú skalt uppræta hið illa úr þjóð þinni.
Fimmta Mósebók

Hver sá, sem bölvar föður sínum eða móður sinni, skal líflátinn verða. Föður sínum eða móður sinni hefir hann bölvað, blóðsök hvílir á honum. ***Þriðja Mósebók***

Leggist maður með konu, sem hefir tíðir, og berar blygðan hennar hefir beran gjört brunn hennar og hún hefir sjálf berað brunn blóðs síns, þá skulu þau bæði upprætt verða úr þjóð sinni.
Þriðja Mósebók

Sex daga skal vinna en sjöundi dagurinn skal vera ykkur heilagur hvíldardagur, algjör hvíld vegna Drottins. Hver sem vinnur verk þann dag skal tekinn af lífi. Þið megið ekki kveikja eld í híbýlum ykkar á hvíldardegi.
Önnur Mósebók

Eins og siður er í öllum söfnuðum hinna heilögu skulu konur þegja á safnaðarsamkomum því að þeim er ekki leyft að tala heldur skulu þær hlýða eins og líka lögmálið býður. ***Fyrra Kórintubréf***

Ef óspjölluð mey er föstnuð manni og einhver annar hittir hana í borginni og leggst með henni skuluð þið færa þau bæði að borgarhliðinu og grýta þau í hel, stúlkuna af því að hún hrópaði ekki á hjálp í borginni og manninn af því að hann spjallaði konu náunga síns.
Fimmta Mósebók

ER HATURSRÆÐA Í BIBLÍUNNI?

Kanadaþing samþykkti árið 2004 frumvarp sem auðkennt er sem C-250. Samkvæmt lögunum er bannað að vera með undirróður gegn hópum sem byggist á húðlit, kynþætti, trú og uppruna. Miklar umræður urðu um frumvarpið þegar það kom fram árið 2001 og þrjú ár tók að samþykkja það sem lög.

Þeir sem gagnrýndu frumvarpið hvað mest voru trúarleiðtogar, ekki síst kristnir. Þeir töldu að með frumvarpinu væri verið að meina þeim að nota vissa hluta Biblíunnar, þar sem þar er að finna einmitt það sem frumvarpið lagði blátt bann við; undirróður gegn hópum byggðum á einhverju af ofantöldu. Ekki síst var gagnrýnt að frumvarpið setti hömlur á tilvísun í Biblíuna í gagnrýni á samkynhneigð. Trúarleiðtogarnir vildu óskoraða frelsi til að kalla það synd sem þeir töldu vera synd samkvæmt Biblíunni, sem leiðir hugann að orðræðunni varðandi Snorra Óskarsson.

Kanadaþing brást þannig við að setja sérstaka undanþágu inn í frumvarpið sem leyfir hatursáróður ef hann er settur fram í góðri trú og byggður á trúarritum. Það var kristnum trúarleiðtogum þó ekki nóg því þeir óttast að dómstólar muni afnema trúarundanþáguna þar sem ekki er nægjanlega skilgreint hvað er gert „í góðri trú".

En er hatursræða í Biblíunni? „Í dag mundu sjálfsagt margir segja að þar mætti finna tilhneigingu í þá átt. Við verðum þó alltaf að reyna að skilja hlutina í sínu menningarlega og félagslega samhengi. Ekki bara að fordæma það sem var áður, heldur reyna að skilja það. Áður var þetta viðtekið, þótti venjulegt og ekkert athugavert," segir Sólveig Anna.

Hún ítrekar að stærstur hluti kristinna siðfræðinga taki boðskap Jesú Krists sem kærleiks- og miskunnarboðskapi. Það útiloki fordæmandi afstöðu gagnvart fólki sem elskar fólk af sama kyni."

FRUMSÝNUM T@B-INN UM HELGINA

KOMDU OG VELDU ÞÉR LIT FYRIR SUMARIÐ

ATHUGIÐ: TAKMARKAÐ FRAMBOÐ

Opið
Laugardag **11:00-16:00**
Sunudag **13:00-16:00**

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

LÍF Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ UMHVERFIÐ

1. Skipuleggðu þig

Skipulagðar ferðir hjálpa þér að komast á skjótari hátt á áfangastað og koma því í veg fyrir óþarfa losun efna frá eldsneytisbruna. Svo er í lagi að hafa í huga að þú mengar voða lítið í strætó og ekki neitt ef þú gengur eða hjólar.

2. Aðgættu loftþrýstinginn

Réttur loftþrýstingur í hjólbörðum dregur úr núningsmótstöðu og eykur þannig sparneytni. Akstur á hjólbörðum með loftþrýstingi sem er 50 kPA (0,5 kg/cm2) lægri en hann á að vera eykur eldsneytiseyðslu um 2 prósent í þéttbýli og 4 prósent í dreifbýli.

3. Engan aukafarangur

Öll viðbótarþyngd eykur eldsneytiseyðslu og sama má segja um alla loftmótstöðu. Því ættir þú að forðast að geyma hluti, sem þú gætir geymt annars staðar, í skottinu á bílnum þínum. Farangursgrind á toppi bíls eykur loftmótstöðu og getur aukið eldsneytiseyðslu um 20 prósent.

4. Aktu strax af stað

Í nútímabílum þarf ekki lengur að láta vélar hitna áður en ekið er af stað, nema þar sem fimbulkuldar ríkja. Best er að aka strax af stað en gott að láta vélina snúast rólega fyrst eftir að hún er komin í gang. Slíkt ökulag dregur líka úr eldsneytiseyðslu.

5. Ekki nota loftkælingu

Ýmis aukabúnaður í bíla, svo sem öflug hljóðkerfi, auka eldsneytiseyðslu. Loftkælingu (AC) þarf ekki oft að nota á Íslandi, sem er gott því hún er mjög orkufrek. Þegar útihitastig er 25°C eykur loftkælingin eldsneytiseyðsluna um 12 prósent.

6. Mýktu aksturslagið

Það krefst minna eldsneytis og er öruggara. Aktu mjúklega af stað og forðastu að vera sífellt að stansa og rífa bílinn af stað þegar þú ekur. Aktu í sem hæstum gír eftir því sem mögulegt er miðað við aðstæður.

7. Láttu vélina hemla

Með því að nýta sér hemlunarafl vélarinnar sparast eldsneyti. Með því að sleppa eldsneytisgjöfinni þegar fyrirsjáanlegt er að hægja þurfi ferðina hættir vélin að draga eldsneyti. Með þessu má spara allt að 2 prósent eldsneyti.

8. Engan lausagang

Vél sem er í lausagangi en ekki í notkun eyðir eldsneyti og lausagangur í eina mínútu er eldsneytisfrekari en gangsetning vélar. Tíu mínútna lausagangur vélar brennir 130 rúmsentimetrum af eldsneyti til einskis.

9. Kolefnisjafnaðu þig

Ef þú á annað borð keyrir losar þú óhjákvæmilega koldíóxíð (CO_2) sem er mikilvirkasta gróðurhúsaloftegundin. Það má bregðast við því með því að kolefnisjafna eigin útblástur, en það næst þegar bundið er jafn mikið kolefni í gróðri og losað er út í andrúmsloftið.

10. Spáðu í gerð bílsins

Nýir bílar eyða meira en gamlir og stórir bílar eyða meira en smáir. Sparneytnir bílar eru umhverfisvænni og því til mikils að vinna að keyra ekki bíl sem er stærri en þú þarft á að halda. Skoðaðu bíla sem ganga fyrir metani eða rafmagni, næst þegar þú þarft að endurnýja bílinn.

UMHVERFISVÆNIR LÍFSHÆTTIR:
Bíllinn

Þessi tíu ráð voru fengin að láni úr bæklingnum Gerum bílana græna sem FÍB, FíA, Olís og Bridgestone gefu út.

Einfaldara líf með því að hjóla

Umhverfisverkfræðingurinn **Ólafur Árnason** hjólar til og frá vinnu, sama hvernig viðrar. Hann sagði *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* frá því hvað rekur hann áfram í því líferni: Að vera umhverfisvænn, stunda holla hreyfingu og spara. Hann notar bílinn bara þegar nauðsyn krefur og segir fyrirkomulagið hafa einfaldað líf fjölskyldunnar allrar. Hann segir Reykjavíkurborg standa sig vel í að halda stígakerfinu opnu og telur að hjólreiðar geti skipt verulegu máli í að draga úr mengun frá umferð í Reykjavík.

Það er bara engin ástæða til að vera með tvo bíla. Ég er enginn extremisti," segir Ólafur Árnason, sviðsstjóri hjá verkfræðistofunni EFLU. Hann hjólar til og frá vinnu á hverjum degi, sumar, vetur, vor og haust, og notar fjölskyldubílinn bara þegar nauðsyn krefur. Hann býr ásamt konu sinni og þremur börnum í Laugardalnum en vinnur á Höfðabakka. Því tekur ferðin til vinnu hálftíma á hjólinu, fimm mínútum skemur eða betur, eftir því hvernig viðrar.

Ólafur segir fyrirkomulagið einfalda líf fjölskyldunnar, frá því þau voru saman um einn bíl. „Þetta hefur gert það að verkum að við höfum skorið verulega niður í kostnaði og þetta eykur svigrúmið hjá okkur báðum," segir hann.

Borgin stendur sig vel

Ólafi þykir Reykjavíkurborg standa sig vel í að halda stígakerfinu opnu. „Mér finnst þau sýna metnað í að gera það. Höfðabakkahverfið er ekki vel staðsett með tilliti til aðahjólreiðastíga, en þau ná samt að halda þessu í horfinu. Ég lendi í mesta lagi í vandræðum á leið upp Bíldshöfðann, ef færðin er slæm. Þá lauma ég mér með umferðinni, þó mér sé illa við það, eða ber hjólið yfir verstu skaflana. Svo held ég bara áfram."

Stuðningur skiptir máli

Þónokkrir af vinnufélögum Ólafs hjóla líka til vinnu nær daglega. Ólafur telur að samgöngustefna EFLU spili þar inn í. „Við getum geymt hjólin okkar inni og erum með frábæra snyrtiaðstöðu, svo ég get tekið vel á því á leiðinni og komist svo í sturtu og mætt ferskur í vinnuna. Mér finnst það skipta mjög miklu máli." Þá eru reglulega haldin námskeið um hjólamál. Þar að auki eru þrjú reiðhjól á staðnum sem starfsmenn geta nýtt sér, auk visthæfra bíla til að komast á fundi á vinnutíma. Allt virkar þetta mjög hvetjandi á starfsmenn.

ENGINN EXTREMISTI Ólafur Árnason, sviðsstjóri hjá verkfræðistofunni EFLU, hjólar til og frá vinnu á hverjum degi. Hann notar samt fjölskyldubílinn þegar þörf krefur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vitundarvakning að verða

En hvað skyldi helst drífa Ólaf áfram í þessu líferni? „Það er þrennt: Góð og holl hreyfing, sparnaður og umhverfisvernd." Hann telur að það sé að verða vitundarvakning hjá almenningi þegar kemur að umhverfisvernd og vistvænum samgöngum. „Ef borgin heldur áfram að bera virðingu fyrir þessu samgöngukerfi er ég sannfærður um að hjólreiðar muni skipta verulegu máli í að draga úr mengun frá umferð hér í borginni."

ÞRISVAR SINNUM MEISTARI Í SPARAKSTRI

Þrjú ár í röð hefur Sigurrós Pétursdóttir borið sigur úr býtum í árlegri sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu, sem flest bifreiðaumboð taka þátt í. Þátttakendur fá ákveðinn tímaramma til að keyra upp Mosfellsdal, niður Grafning, í gegnum Selfoss og Þrengslin til Reykjavíkur. Snýst keppnin um að eyða sem minnstu eldsneyti á leiðinni. Meðaleyðsla Sigurrósar, sem keyrði á Yaris sem gengur fyrir dísil-olíu, var 3,8 lítrar á hundraðið að meðaltali. Hvernig fór hún að því? „Þetta snýst um að fylgjast með umhverfinu og hugsa fyrir fram hvernig þú ætlar að láta bílinn vinna fyrir þig. Láta hann til dæmis vinna vel þegar hann er á leið upp brekkur og leyfa honum að renna á leiðinni niður. Svo er ég ekki með útvarpið í gangi og heldur ekki miðstöðina, því allt rafmagn sem bíllinn notar tekur eldsneyti," útskýrir Sigurrós.

Sjálf leyfir hún sér lúxus á borð við að vera með kveikt á miðstöðinni dagsdaglega, og gleymir stundum sparakstrinum þegar hún er á hraðferð, en er samt oftast með hann á bak við eyrað. „Um leið og maður fer að spá í þessa hluti nær maður eyðslunni niður. Ég passa sérstaklega að bíllinn sé alltaf vel smurður og að loftþrýstingurinn í dekkjunum sé í lagi, sem er mjög mikilvægt."

Sigurrós starfar sem vörustjóri hjá Toyota og fylgist því náið með því nýjasta í bílamálum. Hún segir marga velta fyrir sér umhverfisvænum kostum í dag. „Það sést greinilega á sölunni hjá okkur að nú er fólk að hugsa um hvað snertir budduna. Margir sem hafa átt eyðslufreka bíla eru farnir að velja sér minni bíla. Þeir eru ekki endilega að hugsa um hvað þeir menga mikið, en þetta helst í hendur við sparnaðinn."

Sigurrós segir að langflestir framleiðendur séu að bregðast við þessum kröfum neytenda. Hún telur að bílar sem ganga fyrir bensíni og umhverfisvænni orkugjöfum í bland, svo sem metani eða rafmagni, verði vinsælir á komandi árum. „Þetta er efst á lista hjá öllum bílaframleiðendum núna. Á nýjustu módelunum, sem ganga fyrir rafmagni og bensíni í bland, er hægt að keyra allt að 80 kílómetra bara á rafmagninu. Fyrstu bílarnir af þessu tagi eru í dýrari kantinum, en tækninni fleygir hratt fram og samhliða því fer verðið að lækka," segir hún að lokum.

KANN AÐ KEYRA Sigurrós Pétursdóttir er með það á hreinu hvernig maður lætur bílinn spara fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hásætið í lífi þínu.

Aðeins 38.793 kr.
á mánuði*

Nýr Mazda5. Nýtt líf.

FRUMSÝNING

Komdu og skoðaðu nýja barna-fjölskyldubílinn.
Komdu á frumsýningu í dag. Skoðaðu 7 sæta fjölskyldubíl barnanna, Mazda5. Há aksturstaða, rennihurðir, fjölbreytilegt innanrými og fyrsta flokks öryggi. Sjálfskiptur eða beinskiptur með bensínvél. Dísilvél með beinskiptingu. Öflug miðstöð, tengi fyrir tónhlöðu, 12V tenglar, MP3 spilari, geymsluhólf, leðurklætt stýri og gírhnúður. Japönsk gæði. Mazda rekstraröryggi. Vertu Mazda.

Seldu okkur gamla bílinn upp í nýjan. Þú borgar aðeins 38.793 kr. á mánuði miðað við uppítöku á bíl að verðmæti 1.700.000 kr.*

Börnin sitja hátt og rólegri í 7 sæta nýjum Mazda5.

Nýr og endurhannaður Mazda5. Mikill búnaður og hagstætt verð.
Öryggi er það mikilvægasta í lífi fjölskyldunnar. Öryggið er hásætið í lífi þínu. Nýr endurhannaður Mazda5 hefur eitt aðalmarkmið: að tryggja öryggi fjölskyldunnar. Sætisstaðan í Mazda5 veitir dýrasta farminum, börnunum, góða yfirsýn og rými sem stuðlar að vellíðan þeirra og ánægjulegri samverustund. Mundu eftir því mikilvægasta núna þegar þú hugleiðir bílakaup. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir öryggi barnanna þig mestu máli. Fjárfestu í öruggri framtíð barnanna þinna. Kauptu nýjan og endurhannaðan Mazda5. Komdu í Brimborg, Akureyri, Reykjavík.

Nákvæm stjórn nýja Mazda5 eykur öryggi fjölskyldunnar.

Lækkað verð á Mazda í dag

4.090.000 kr.

Eða 38.793 kr. í 84 mánuði miðað við uppítöku á bíl að verðmæti 1.700.000 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,91%.

Mazda5 Advance
1,6 dísil. 115 hestöfl. 6 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 4,6 l/100 km.
Koltvísýringur CO_2 138 g/km.
Fáanlegur bensín og sjálfskiptur.

Berðu saman verð og gæði Mazda og Toyota

Komdu. Losnaðu við þann gamla í dag!
Núna er tækifærið að losna við þann gamla. Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda. Nýttu þér lækkað verð á Mazda í dag. Komdu á Bíldshöfða 8 eða Tryggvabraut 5, Akureyri.

Frumsýning
KAFFI & KLEINUR
Í dag milli kl. 12 og 16
Akureyri og Reykjavík

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Mánaðargreiðsla miðast við verðtryggðan bílasamning Landsbankans til 84 mánaða. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Mazda.

VIÐ FÖGNUM

OG BJÓÐUM TIL VEGLEGRAR

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI

FRUMSÝNING Á NÝJUM SUBARU XV

Subaru frumsýnir nýjan magnaðan sportjeppa. Subaru XV er með nýrri bensínvél sem eyðir færri lítrum af eldsneyti en flestir dísilbílar í sama stærðarflokki.

GRÆNT BÍLALÁN ergo ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

Bjóðum græn bílalán ERGO til kaupa á umhverfishæfum bílum.
Lánin bera engin lántökugjöld og aðeins 8,5% vexti

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Kaffi og kruðerí

Við tökum á móti gestum með bros á vör og bjóðum upp á kaffi, gos og léttar veitingar í tilefni dagsins.

Umboðssalar BL: Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

ENNEMM / SÍA / NM50131

NÝJU NAFNI

BÍLAHÁTÍÐAR ALLA HELGINA

ISUZU D-MAX

OPEL

NISSAN

RENAULT

OPIÐ LAUGARDAG 12-16
SUNNUDAG 13-16

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Blöðrur fyrir börnin

Öll börn sem koma á bílahátíðina eru leyst út með blöðru í tilefni dagsins.

DÚNDURTILBOÐ Í TILEFNI DAGSINS!

Sölumenn okkar eru í samningastuði og koma þeim sem eru í bílahugleiðingum á óvart með ríflegum og óvæntum glaðningi.

Takið þátt í skemmtilegu happdrætti

Öllum gestum er boðið að taka þátt í laufléttri og skemmtilegri getraun þar sem vinningarnir eru glæsileg humarveisla fyrir tvo.

OPIÐ LAUGARDAG 12-16
SUNNUDAG 13-16

B|L

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

Með óbærilega verki oft í mánuði

Líf **Kristínar Óskar Óskarsdóttur** tók stakkaskiptum þegar hún byrjaði á blæðingum. Þeim fylgdu miklar þjáningar sem ekki fékkst skýring á fyrr en átta árum síðar þegar hún var greind með endómetríósu. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við Kristínu.

Kristín Ósk Óskarsdóttir er mætt tímanlega til fundar við blaðamann Fréttablaðsins. Hún býr í Vestmannaeyjum en er stödd í Reykjavík meðal annars til þess að mæta á aðalfund Samtaka kvenna með endómetríósu eða legslímuflakk. Eins og félagar hennar í þeim samtökum vill hún auka vitund um þennan sjúkdóm sem getur valdið afar miklum þjáningum hjá þeim konum sem hafa hann.

„Ég byrjaði á blæðingum þrettán ára og sá fljótlega að þær voru ekki eins og þær áttu að að vera. Ég varð alveg rosalega lasin og það blæddi mikið. Ég var eiginlega hálf rænulaus í hvert skipti, grá og hvít í framan. Sem betur fer sá skólahjúkrunarkonan strax að þetta var ekki í lagi og sendi mig heim úr skólanum enda hafði ég ekkert þar að gera, lá eins og slytti fram á borðið í mínum eigin heimi," segir Kristín.

Fólk hélt ég væri rugluð

„Það var gripið til þess ráðs að setja mig á pilluna sem hjálpaði eitthvað, en ekki nóg. Þegar ég var fimmtán ára gömul þá lenti ég svo í fyrsta alvöru kastinu sem stóð yfir í viku. Það var svo slæmt að ég stóð ekki í lappirnar, komst hvorki í skóla né vinnu en ég var að vinna í tveimur vinnum með skóla á þessum tíma. Fólk var nú ekki alveg að kaupa að ég gæti verið svona lasin af blæðingum, hélt bara að ég væri eitthvað rugluð."

Árin liðu og verkjaköstin urðu verri að sögn Kristínar sem segist hafa gripið til þess ráðs að prófa nýjar tegundir af pillum. „Köstin voru farin að hamla mér mjög á þessum tíma. Eiginlega í lífinu ef svo má segja, það slapp með skólann því það hefur alltaf legið ágætlega fyrir mér að læra en ég hefði ekki boðið í það annars."

Sautján ára fór Kristín í skoðun í kvensjúkdómalæknis en engin fannst skýringin á því hvað amaði að henni. „Ég varð alltaf lasnari og lasnari og verkirnir voru ekki einu sinni bundnir við það að vera á blæðingum. Þegar ég var orðin 21 árs er því tekin ákvörðun um að setja mig í kviðarholsspeglun. Þegar ég var opnuð þá kemur í ljós að það er allt morandi í endómetríósu eða legslímu fyrir utan legið," segir Kristín en endómetríósa lýsir sér í grófum dráttum í því að sú slímhúð sem á að vera í leginu finnst utan legsins og þá í kviðarholinu. Verkjum sem fylgja sjúkdómnum hefur verið líkt við harðar hríðar.

Hef húmor fyrir sjálfri mér

Ýmis ráð eru til við sjúkdómnum en misjafnt hversu vel þau virka. Besta meðferðin sem þekkt er í dag er að fjarlægja alla legslímhúð utan legsins hvort sem hún finnst á þörmum, í legi eða dýpra í grindarholinu „Þetta keypti mér vissulega smá frið. En ári síðar var allt komið í sama farið og í dag hef ég farið í níu aðgerðir og látið fjarlægja eggjastokk í von um betri líðan," segir Kristín sem er þrítug þannig að meðaltalið er ein aðgerð á ári.

„Ég hef líka prófað ótal gerðir af pillunni, lykkjan hefur verið sett upp og svo hef ég verið sett á breytingarskeiðið með tilheyrandi aukaverkunum, svitakófi og hormónum," segir Kristín. Hún er eins langt frá því að barma sér og hægt er, slær á létta strengi reglulega í viðtalinu og ber alls ekki með sér að hafa þurft að glíma við miklar þjáningar reglulega frá unga aldri þótt önnur sé raunin.

„Það fylgir því viss einangrun að vera með þennan sjúkdóm, það er það oft sem maður er ekki í ástandi til þess að hitta fólk. Ég hef oft verið þreytt og uppgefin og við það að gefast upp en ég hef samt aldrei fallið niður í þunglyndi. Ég hef húmor fyrir sjálfri mér og slæ þessu stundum upp í grín, segi að það sé stanslaust partý á neðri hæðinni og svona."

Fyrir utan verki og hættu á þunglyndi þá fylgir endómetríósu aukin hætta á ófrjósemi en talið er að um 30 til 40 prósent kvenna með endómetríósu glími við ófrjósemi. Kristín á ekki börn. „Ég veit ekki hvort ég get eignast börn, vona hið besta og finnst reyndar frábært að það eru ýmsir möguleikar í stöðunni fyrir einhleypar konur, til dæmis tæknifrjóvgun og ættleiðing," segir Kristín sem er sjálf ættleidd.

Ómetanlegur stuðningur foreldra

„Það er margt mjög óútreiknanlegt við endómetríósu, konur finna til dæmis til mjög mismikilla verkja. Hins vegar virðist svo vera að konum líði vel á meðgöngu og meðan þær hafa barn á brjósti. Mörgum líður betur eftir að þær hafa eignast börn en það er engin trygging fyrir því. Legnám er heldur ekki gulltryggð lausn, þannig að athugasemdir um að maður eigi bara að láta rífa allt úr sér eru ekki þær skemmtilegustu sem maður fær. Ég hef því ekki velt fyrir mér í fullri alvöru að eignast börn, ég get ekki hugsað um sjálfa mig suma daga, hvað þá barn," segir Kristín sem þakkar foreldrum sínum, Jóhönnu Ágústsdóttur og Óskari Ólafssyni, ómetanlegan stuðning í gegnum tíðina. „Ég gæti þetta ekki án þeirra. Þau hafa stutt mig ótrúlega. Ég hef þurft að hringja í þau til þess að fá aðstoð við að ná í lyf sem voru inni í stofu og ég komst ekki til að ná í. Suma daga get ég ekki gert annað en að liggja á sófanum hjá þeim grátandi og láta mömmu strjúka mér, harðfullorðinni manneskjunni."

Kristín hefur þrátt fyrir allt lokið háskólanámi í tveimur fögum, þroskaþjálfanámi og náms- og starfsráðgjöf. „Ég kláraði náms- og starfsráðgjöfina algjörlega á þrjóskunni einni saman. Og þá var ég orðin svo lasin að í stað þess að sækja um vinnu þá sótti ég um örorkubætur sem ég hef verið á síðan 2008," segir Kristín sem var sjö sinnum lögð inn á sjúkrahús 2007, og sex sinnum ári síðar og reglulega eftir það. „Í dag er ég formaður Þróttafélags fatlaðra í Vestmannaeyjum sem er fínt. Ég hef mætt miklum skilningi í mínum heimabæ og hef reyndar legið þar á sjúkrahúsinu með ótrúlega mörgum," segir Kristín og brosir.

Varð að hætta í námi

Fyrir tveimur árum hugðist hún gera tilraun til þess að bæta við sig námi og flutti til Reykjavíkur í ársbyrjun 2010. „Því miður varð ég að hætta, ég endaði á að vera flutt með sjúkrabíl á spítala í einu kastinu því ég var auðvitað bara ein og gat ekki bjargað mér. Það er eitt af því versta við þennan sjúkdóm hversu óútreiknanlegur hann er. Ef hann væri þannig að ég væri frá fjórðu hverja viku en gæti unnið eitthvað hinar þrjár þá væri ég mun sáttari. En svo er ekki og í dag þarf ég eiginlega að þrepaskipta öllu sem ég geri, til dæmis að þrífa íbúðina mína, það geri ég ekki í einu lagi."

Kristín segir ómetanlegt fyrir sig og aðrar konur með sjúkdóminn að félagið Samtök kvenna með endómetríósu hafi verið stofnuð. „Að sitja í herbergi með öðrum konum sem skilja þig og vita hvað maður hefur gengið í gegnum er stórkostlegt. Það eru auðvitað þannig að eftir að maður hefur verið með óútskýrðan sjúkdóm svo árum skiptir þá fer maður að efast um eigin geðheilsu."

Þrátt fyrir þrautagöngu sína er Kristín æðrulaus og horfir fram vegin. „Ég lít á málin þannig að við fáum öll okkar verkefni og áskoranir í lífinu og þraut er að leysa. Þetta er klárlega mín þraut að leysa," segir hún að lokum.

KRISTÍN ÓSK Segir húmorinn hafa bjargað andlegri líðan sinni i gegnum tíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

5 PRÓSENT KVENNA MEÐ ENDÓMETRÍÓSU

- Endómetríósa lýsir sér þannig í mjög grófum dráttum að sú slímhúð sem eingöngu á að vera í leginu finnst utan legsins og þá í kviðarholinu.
- Helstu einkenni eru miklir verkir, sérstaklega við blæðingar, sársauki við samfarir, blæðingatruflanir, síþreyta og truflanir á egglosi og frjóvgun.
- Sjúkdómurinn hefur einnig verið kallaður legslímuflakk á íslensku.
- Helstu sálrænu einkenni eru þreyta og andleg vanlíðan sem getur leitt til þunglyndis.
- Greiningartími sjúkdómsins er að meðaltali 6-10 ár hér á landi. Sjúkdómurinn er talinn mjög vangreindur meðal annars þar sem margar konur leita sér ekki hjálpar og þekkingu á sjúkdómnum innan heilbrigðiskerfisins er ábótavant.
- Talið er að um 5 prósent kvenna á frjósemisaldri séu með endómetríósu.
- 30-40 prósent kvenna með sjúkdóminn kljást við ófrjósemi.
- 73 prósent kvenna með endómetríósu eru ófær um að taka þátt í félagslífi nokkra daga í hverjum mánuði vegna sjúkdómsins.
- 66 prósent fengu ranga sjúkdómsgreiningu í upphafi.
- 80 prósent hafa verið fjarverandi frá vinnu vegna sjúkdómsins á síðustu 5 árum og af þeim hafði 14% verið sagt upp störfum.
- Endómetríósa er arfgeng og erfist líka í gegnum karllegg. Karlmenn hafa greinst með endómetríósu þó það sé afar sjaldgæft.
- Konur með endómetríósu hafa barist fyrir meiri þekkingu á sjúkdómnum og viðurkenningu á sársaukanum sem hann veldur. Athygli vakti á síðasta ári þegar leikkonan **Susan Sarandon** fjallaði opinberlega um líf sitt með sjúkdómnum og lagði áherslu á að konur ættu ekki að þurfa að lifa með slíkum þjáningum.
- Samtök kvenna með endómetríósu standa fyrir viku endómetríósu og hefst hún næsta föstudag.
- Vefsíða samtakanna á Íslandi er **www.endo.is** en þau eru einnig á facebook. Á síðunni **www.endometriosis.org** er að finna fróðleik um sjúkdóminn og ýmislegt honum tengt.

Heimild: Samtök kvenna með endómetríósu.

einfaldlega betri kostur

NÝTT

KINGSTON CITY Legubekkur + 1½ sæta sófi. L205 cm. Ljósgrátt slitsterkt áklæði: 44% akrýl, 42% polýester og 14% polýpropylen. **Verð 179.900,-** *Einnig til m/legubekk hægra megin.*

GERÐU VERÐ OG GÆÐA-SAMANBURÐ

Fallegt heimili
þú átt það skilið

OAKLAND 2ja sæta sófi. L157 cm. Áklæði úr 70% bómull og 30% pólyester. **Verð 109.900,-** *Einnig hægt að fá 3ja sæta sófa, hægindastól og skemil. Áklæði er hægt að taka af og þvo.*

NÝTT

KINGSTON CITY 3ja sæta sófi. L199 cm. Ljósgrátt slitsterkt áklæði úr 44% akrýl, 42% polýester og 14% polýpropylen. **Verð 129.900,-** *Einnig til skemill. 75x62x42 cm Verð 44.900,-*

BAHIA 3ja sæta sófi. L218 cm. Svart leður, Fætur úr krómi. **Verð 149.900,-**

NÝTT

CARMA 2½ sæta + legubekkur. L253 cm. Grátt endingargott áklæði úr 52% pólyester og 48% akrýl. **Verð 139.900,-** *Einnig til m/legubekk vinstra megin.*

OLDSCHOOL Legubekkur. L210 cm. Svart textilleður. Hægt að leggja niður bak annan eða báða hluta. 115x210 cm. Fætur úr Maghoni. **Verð 179.900,-**

NÝTT

BALLU 3ja+2ja sæta hornsófi. L278/220 cm. Ljósgrátt endingargott áklæði úr 52% pólyester og 48% akrýl. **Verð 179.900,-**

CALTON DUN 3ja sæta sófi. L214 cm. Röndótt áklæði úr 33% bómull, 33% hör, 17% viscose og 17% pólyester. **Verð 189.900,-**

BADIA 2½ sæta sófi + legubekkur. L307 cm. Svart leður. **Verð 249.900,-**

HOUSTON - HANNAÐU ÞINN EIGIN SÓFA ÓENDANLEGIR MÖGULEIKAR
Nýtt teikniforrit þar sem þú getur raðar saman draumasófanum þínum og valið úr 80 áklæðum.
www.ILVA.is/HOUSTON

GERÐU FRÁBÆR KAUP

LAGERSALA
50-80% afsláttur

sýningareintök, lítið útlitsgölluð húsgögn og smávara

Aðeins þessa helgi 18. og 19. febrúar

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

NÝTT KORTATÍMABIL

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

© ILVA Ísland 2012

BARNABRÚÐIR Jemenska stúlkan Tahani, sem hér er í bleikum kjól, giftist eiginmanni sínum, Majed, þegar hún var sex ára og hann 25 ára. Framar á myndinni stendur fyrrum skólasystir hennar, Ghada, með eiginmanni sínum, sem hún giftist þegar hún var barn. Þau búa í fjalllendi Hajjah í Jemen. Helmingur kvenna í Jemen giftast á barnsaldri. MYND/STEPHANIE SINCLAIR

MYND ÁRSINS Þessa mynd, sem sýnir jemenska móður með særðan son sinn í fangi sér, valdi dómnefnd World Press Photo mynd ársins. Hún var tekin í mosku sem mótmælendur nýttu sem sjúkrahús í mótmælum gegn forseta landsins, Abdullah Saleh, í Sanaa í Jemen 15. október árið 2011. MYND/SAMUEL ARANDA

TÍSKUVIKAN Í DAKAR Fyrirsæta klæðist hönnun Yolande Mancini á tískuvikunni í Dakar í Senegal. MYND/VINCENT BOISOT

Áhrifamestu ljósmyndirnar

Fleiri en 5.000 ljósmyndarar alls staðar að úr heiminum sendu inn yfir 100 þúsund ljósmyndir í samkeppni **World Press Photo** árið 2012. Verðlaunamyndirnar eiga það sameiginlegt að varpa ljósi á viðfangsefni sín og galopna augu þeirra sem á horfa. Fréttablaðið sýnir hér nokkrar þeirra.

Spænski ljósmyndarinn Samuel Aranda á heiðurinn af ljósmyndinni sem alþjóðlegur dómstóll World Press Photo valdi þá bestu árið 2010. Ljósmyndin sýnir jemenska móður hlúa að særðum syni sínum í miðjum mótmælum þann 15. október árið 2011.

Myndina tók Aranda þegar hann var við störf í Jemen fyrir New York Times. Hún þykir táknræn fyrir arabíska vorið og ástandið í Mið-Austurlöndum, um leið og hún sýnir óvenjulega persónulega hlið á átökunum. Þá sýni hún vel það mikilvæga hlutverk sem konur hafa leikið í byltingunum.

Þetta var í 55. sinn sem World Press Photo velur áhrifamestu ljósmyndir ársins. Í dómnefndinni sitja 19 sérfræðingar á sviði blaðaljósmyndunar.

FRAMHALD Á SÍÐU 36

ÁST Suðurafrísk nashyrningskýr, sem lifði af árás veiðiþjófa sem stálu hornum hennar, ásamt tarfi sínum. MYND/BRENT STIRTON

HÁSKÓLADAGURINN 2012

Tónlistarhátíð í boði Bifrastar í Norræna húsinu

Laugardaginn 18. febrúar kl. 12:00 - 16:00, verður kynningardagur Háskólans á Bifröst í Norræna húsinu.

Frábærir tónlistarmenn taka létt lög

13:00 Friðrik Dór & Jón Jónsson

14:00 Magni

14:50 Blár Ópal

Kynntar verða þær námsleiðir sem eru í boði:

- **Frumgreinanám í stað- og fjarnámi**
- **Viðskiptafræði í stað- og fjarnámi**
- **Viðskiptalögfræði**
- **HHS - hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði í stað- og fjarnámi**
- **MS í alþjóðaviðskiptum**
- **ML í lögfræði**
- **MA í menningarstjórnun**
- **MA í menningarfræði**
- **Símenntun**

Núverandi og fyrrverandi nemendur, auk starfsfólks, kynna námið og lífið í Háskólanum á Bifröst.

Gestir fá innsýn í lífið á þessu einstaka skólasvæði ásamt því að kynnt verður þjónusta á svæðinu eins og barnaskóli og leikskóli, kaffihús, verslun og líkamsrækt. Þá kynnir Menntaskóli Borgarfjarðar starfsemi sína.

Við hvetjum útskrifaða Bifrestinga sérstaklega til að koma í heimsókn og kíkja á gamla skólann sinn.

Tekið verður á móti gestum með kleinum og kaffi.
Líttu við og lifðu þig inn í háskólamenninguna á Bifröst.

HÁSKÓLA DAGURINN

Í HÍ kynnir Háskóli Íslands starfsemi sína. Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands verða í HR. Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Listaháskólinn, Keilir og danskir og sænskir háskólar verða í Háskólabíó og Bifröst í Norræna húsinu.

YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

LJÓS Á LEIÐTOGANUM Ljósmynd af Kim Il-sung, fyrrum leiðtoga Norður-Kóreu, prýðir framhlið íbúðarblokkar í höfuðborginni Pyongang.

MYND/DAMIR SAGOLJ

xelenta

Verlsunin hættir

Rýmingarsala

20-70% af ljósum
30-50% af styttum

Lokadagur útsölunnar 29. febrúar

Opnunartími
Alla virka daga 12.00-18.00
Laugardaga 12.00-16.00

Skeifan 7 - 108 Reykjavík - Sími: 5532882
www.xelenta.com - xelenta@simnet.is

GEGN GADDAFÍ Uppreisnarmenn í Ras Lanuf í Líbíu flýja undan sprengjuregni hermanna Gaddafís.

MYND/YURI KOZYREV

Á MILLI VIÐSKIPTAVINA Vændiskonan og fíkillinn Maria bíður eftir næsta kúnna í Kryvi Rig í Úkraínu.

MYND/BRENT STIRTON

Ísland

í allt sumar

HOBBY PREMIUM

Komdu á sýninguna hjá okkur um helgina og sjáðu hvernig hægt er að ferðast um fallega landið okkar í sumar.
Á sýningunni er fullur salur af ferðavögnum við allra hæfi hvort sem þú ætlar að ferðast um láglendið eða hálendið.
Vegna mjög hagstæðra samninga við framleiðendur getum við boðið úrval ferðavagna á verði sem kemur verulega á óvart.
Nú er rétti tíminn til að undirbúa næsta sumar og láta draumana rætast. Komdu og veldu rétta ferðavagninn.
Við tökum gamla vagninn þinn upp í nýjan þó hann sé í geymslu!
Hjá okkur verður opið um helgina, laugardag frá klukkan 12 til 16 og sunnudag frá klukkan 13 til 17

HOBBY hjólhýsi verð frá 2.990.000

HOBBY Landhaus verð 6.250.000

HOBBY húsbílar verð frá 13.900.000

Bürstner hjólhýsi verð frá 3.875.000

FamilyCamp verð frá 995.000

Coachmen fellihýsi verð 2.990.000

Esterella verð frá 3.295.000

VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!

VÍKUR VERK

VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

Öll Lady málning og lökk

25% afsláttur*

um helgina

Lady fjölskyldan 25% afsláttur

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

VERÐ VERND

Mundu eftir gula miðanum!

Við tryggjum þér lægra verð með „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“ Ef þú sérð sömu vöru auglýsta ódýrari annars staðar endurgreiðum við mismuninn.

3 ltr. Innimálning
3 ltr, beinhvít.
7119961

Máningarbakki og rúlla
7014822

Hreinlætistæki
Emmevi, Giglo.
7900011

Eikarplastparket
Kaindl, 6 mm, slitþolsflokkur 31.
147049

Veggflís Blanco Rústico 20x25 cm
Hvít glansandi m/bugðóttu yfirborði.
8611001

Baðhandlaug
8091104

Kaffi Garður Skútuvogi

Pylsa eða pizza og kók

199kr

opið til kl. 17 um helgar.

Fjölskylduhátíð Húsasmiðjunnar

Dagskrá í Skútuvogi í dag.

Sláum köttinn úr tunnunni

kl. 13:30 – Allir mega mæta í gímubúning!

Tökum forskot á öskudaginn og sláum köttinn úr tunnunni.
Hvetjum alla krakka til að mæta í grímubúningum og æfa sig fyrir öskudaginn!
Allir krakkar fá Chupa sleikjó og fleira góðgæti!
Einnig verður kötturinn sleginn úr tunnunni, á Selfossi kl. 13:00, Egilsstöðum kl. 12:00 og Reykjanesbæ kl. 12:00.

Töframaðurinn Einar Mikael

kl. 14:30

Einar Mikael er heitasti töframaðurinn í dag og sýnir ótrúleg töfrabrögð sem sjaldan sjást á Íslandi.
Verður m.a. með dúfur og sögunarbekk!
Ekki missa af þessu magnaða atriði!

Töframaðurinn Einar Mikael

Íþróttaálfurinn

kl. 15:00

Íþróttaálfurinn mætir og skemmtir krökkunum og kennir létt íþróttaspor!

HÚSASMIÐJAN

LINdælis Öskubuskuævintýri

Um fátt er meira rætt í íþróttaheiminum þessa dagana en ótrúlegan uppgang **Jeremy Lin**, leikmanns New York Knicks í NBA, sem var öllum ókunnur fyrir tveimur vikum. *Kjartan Guðmundsson* leit yfir sögu bakvarðarins sem heillað hefur heimsbyggðina.

LINsanity, LINderella, Super-LINtendo, The Towering LINferno, Mr. LINcredible, All-LIN. Listinn yfir hnyttnar samsetningar sem notaðar hafa verið til að lýsa Jeremy Lin, leikmanni New York Knicks í NBA-körfuknattleiksdeildinni bandarísku, er nánast óendanlegur. Að æði skapist í kringum tiltekna leikmenn í íþróttinni eru engin nýmæli en hamagangurinn í kringum Lin er sérstakur á margan hátt. Fyrir einungis tveimur vikum var hann flestum ókunnur en er nú forsíðuefni víðast hvar á byggðu bóli. Ástæðan er fyrst og fremst hreint ótrúleg spilamennska í fyrstu leikjum hans sem byrjunarliðsmaður í NBA, en það er ótal margt fleira í fari og sögu Jeremy Lin sem hefur heillað heimsbyggðina.

Hógvær hagfræðingur

Fyrir það fyrsta er Lin Bandaríkjamaður af taívönskum uppruna (foreldrar hans fluttu til Bandaríkjanna frá Taívan á áttunda áratugnum), sá fyrsti til að spila í NBA-deildinni, og höfðar þannig mjög til risavaxins hóps sem kann vel að meta nýbreytnina. Sem dæmi um takmarkaðar vinsældir körfuknattleiks í asískum samfélögum, að minnsta kosti lengi framan af, var Lin stöðvaður af miðasölumanni þegar hann sótti fyrsta körfuboltaleikinn sinn í San Francisco, nærri heimaborginni Palo Alto í Kaliforníufylki, og sagt að hann væri líklega að ruglast. Það kvöldið væri ekkert blak á dagskrá heldur bara körfubolti. Aðeins fjórir bandarískir leikmenn af asísku bergi brotnir hafa leikið í þessari vinsælu deild og slíkir brautryðjendur hafa alltaf ákveðinn sjarma, svo ekki sé minnst á þegar menn ryðjast fram á sjónarsviðið með slíkum bægslagangi.

Sjálfur þykir Lin þó með hógværari mönnum, eins og margsinnis hefur sýnt sig á blaðamannafundum síðustu tvær vikurnar. Hann víkur sér fimlega undan tíðum spurningum um sjálfan sig og frammistöðu sína og kýs heldur að beina athyglinni að liðsheildinni og hæfileikum þjálfarans Mike D'Antoni. Raunar segist Lin lítil umráð hafa yfir því hvert ferill hans stefnir: slíkt sé í höndum sjálfs guðs almáttugs. Slíkir skapgerðareiginleikar hljóta að hafa verið Lin ómetanlegir þegar hvorki gekk né rak í boltanum í upphafi NBA-ferilsins, sé miðað við sýnilega hæfileika og metnað leikmannsins.

Þá er ótalin sú staðreynd að Lin er útskrifaður hagfræðingur frá Harvard, skóla sem hefur í gegnum tíðina verið þekktur fyrir allt annað en afrek á íþróttasviðinu. Harvard hefur reyndar getið af sér tvöfalt fleiri Bandaríkjaforseta (átta) en NBA-leikmenn (fjóra), sem gerir uppgang þessa 23 ára leikmanns enn merkilegri. Í íþróttafræðunum er talað um olnbogabörn, ólíklega lítilmagna, og Lin passar eins og flís við rass við lýsinguna.

Milli skips og bryggju

Ástæða þess að enginn kveikti fyrir alvöru á möguleikunum sem búa í Jeremy Lin fyrr en fyrir tveimur vikum er af mörgum talin ofannefnd staðreynd: dvöl hans í einum af fremstu háskólum Bandaríkjanna. Í skotheldu skoðunarkerfi þar sem litið er á nánast alla efnilega leikmenn, hvar sem er í heiminum, er í raun ótrúlegt að Lin hafi fallið milli skips og bryggju í sjálfum Bandaríkjunum. Aðrir hafa velt upp þeim möguleika að staðalímyndin sem gerir sjálfkrafa ráð fyrir að Asíumenn sér lélegir körfuboltamenn hafi haft sitt að segja.

Í öllu falli dugði góð frammistaða Lin með háskólaliði Harvard honum skammt þegar kom að nýliðavalinu árið 2010, en þar vildi ekkert NBA-lið velja Lin. Óvalinn komst hann þó að hjá liðinu sem hann studdi sem ungur drengur, Golden State Warriors, fékk lítið að spila þrátt fyrir góðan stuðning frá áhorfendum af asískum uppruna, og var að lokum látinn fara í byrjun desember síðastliðins. Við tók örstutt dvöl hjá Houston Rockets áður en New York Knicks tók við honum rétt eftir jól, en þar var Lin hugsaður sem fjórði valkostur í bakvarðarstöðuna.

Ballið byrjar gegn Nets

Um miðjan janúar lét Knicks Lin spila einn leik í varadeildinni (D-League), þar sem hann lék vel og var kallaður aftur í aðalliðið. Þó voru forráðamenn liðsins komnir á fremsta hlunn með að losa sig við bakvörðinn, en vegna slakrar spilamennsku og meiðsla annarra leikmanna fékk Lin tækifæri og kom inn á af bekknum í leik gegn New Jersey Nets þann 4. febrúar. Í þeim leik byrjaði ballið og Lin fór á kostum, skoraði 25 stig og gaf sjö stoðsendingar í 99-92 sigri Knicks.

Tveimur dögum síðar lék Lin sinn fyrsta leik í byrjunarliði í NBA gegn Utah Jazz, skoraði 28 stig og gaf átta stoðsendingar og áhorfendur ætluðu vart að trúa því sem þeir sáu. Dagarnir síðan hafa verið samfelld sigurganga fyrir Lin og Knicks, sem hafði unnið sjö leiki í röð fram að viðureigninni við New Orleans Hornets í nótt og kveikt elda í hjörtum aðdáenda liðsins á ný eftir ansi mörg mögur vonbrigðaár. Þetta hefur reynst mögulegt þrátt fyrir að helstu stjörnur liðsins hingað til, Carmelo Anthony og Amar'e Stoudemire hafi ekki leikið með liðinu framan af. Meðal hápunkta á þessari ótrúlegu sigurgöngu eru glæsilegur sigur gegn Los Angeles Lakers, þar sem Lin skoraði 38 stig, fjórum fleiri en stórstjarnan Kobe Bryant, og þriggja stiga sigurkarfa á síðustu sekúndu leiks gegn Minnesota Timberwolves.

Lin er fyrsti NBA-leikmaðurinn sem skorar yfir tuttugu stig og gefur í minnsta lagi sjö stoðsendingar í fyrstu fjórum leikjum sínum sem byrjunarliðsmaður. Frá árinu 1985 höfðu aðeins fjórtán leikmenn náð að minnsta kosti tuttugu stigum, sjö stoðsendingum og stolnum bolta í sex leikjum í röð. Jeremy Lin hefur nú bæst í þennan hóp, sem telur meðal annarra þá Magic Johnson, Michael Jordan, LeBron James og Chris Paul. Lin fetar því ekki í fótspor neinna smámenna þessa dagana. Fregnir herma að hann hafi nú fest kaup á íbúð í stóra eplinu, en fyrir tveimur vikum var hann svo óviss um framtíð sína að hann gisti á sófanum hjá bróður sínum.

Heppni eða ekki?

Slíkum Öskubuskusögum fylgja óhjákvæmilega efasemdir ýmissa. Buzz Bissinger hjá veftímaritinu The Daily Beast segir eina helstu ástæðu Lin-æðisins þá að hann sé leikmaður Knicks, „þess ömurlega liðs sem mistekst allt sem það reynir. Hvaða óþekkti leikmaður sem er, sem á nokkra góða leiki í röð og virðist virkilega njóta þess að spila körfubolta, verður ýktur og auglýstur fram yfir öll skynsemismörk," segir Bissinger og bætir við að slíkt æði hefði aldrei orðið ef um væri að ræða svartan leikmann en ekki af asísku bergi brotinn.

Tölfræðingurinn og rithöfundurinn Nate Silver bendir á hinn bóginn á að árangur Lin geti hreinlega ekki verið tilviljun. „Körfubolti byggir mun minna á heppni en til dæmis hafnabolti, sérstaklega hjá bakverði sem er svo mikið með boltann í hverjum leik. Miðlungs bakvörður gæti hugsanlega náð einni slíkri leikjaröð á ferlinum, en mun líklegra er að hún beri vitni um gæði stjörnuleikmanns."

Í öllu falli er ljóst að Jeremy Lin hefur vakið meiri athygli en flestir aðrir leikmenn síðustu ár og jafnvel áratugi í íþróttaheiminum.

HLEGIÐ AÐ MÓTHERJUNUM Kobe Bryant og félagar í LA Lakers reyna af veikum mætti að stöðva Jeremy Lin í leik liðanna á föstudaginn fyrir viku, þar sem bakvörðurinn fór á kostum, skoraði 38 stig og gaf sjö stoðsendingar. NORDICPHOTOS/GETTY

GAMAN AÐ FYLGJAST MEÐ KNICKS

Nýt þess meðan það endist

„Það er sérstaklega gaman að vera Knicks-aðdáandi þessa dagana og New York-hjartað mitt er óvenju stórt," segir **Hanna Eiríksdóttir**, verkefnastýra UNIFEM, sem hefur fylgst vel með sigurgöngu liðsins síðustu vikur.

Hanna segir oft reyna á að vera stuðningsmaður Knicks, en liðið hefur átt litlu gengi að fagna síðustu ár. „Í raun lifi ég enn á sumrinu 1999 þegar við vorum neðsta liðið inn í úrslitakeppnina en komumst samt í úrslitaleikinn, þar sem við skíttöpuðum reyndar fyrir San Antonio. Patrick Ewing meiddist en Allan Houston, Latrell Sprewell og Marcus Camby drógu vagninn. Það var stórkostlegt ferðalag. Þess vegna ætla ég að njóta þessarar sigurgöngu meðan hún endist."

Hanna bjó lengi í Flórída og sótti leiki með Knicks þegar liðið heimsótti Orlando. „Ég hef aldrei farið á leik í Madison Square Garden en það er á listanum mínum. Mig dreymir um að vera þar á góðum leik, í góðum sætum og helst við hliðina á Spike Lee," segir Hanna.

Varð vitni að upphafi æðisins

Davíð Óskar Ólafsson framleiðandi var áhorfandi á leik New York Knicks gegn New Jersey Nets í byrjun mánaðarins, þegar Jeremy Lin kom af bekknum og gerði 28 stig.

„Þetta var fyrsti sigurleikur Knicks í langan tíma. Ég vissi ekkert hver Jeremy Lin var en salurinn trylltist þegar hann fór að setja öll þessi skot niður. Jeremy Lin-æðið fór af stað þennan dag og það var yndisleg stemning á leiknum," segir Davíð og bætir við að Lin hafi alla burði til að ná mjög langt í íþróttinni. „Ég sá vel að hann er góður að lesa leikinn, góður skotmaður og snöggur. Núna fær hann að spila meira og verður pottþétt mjög góður."

Sömu helgi bar New York Giants sigurorð af New England Patriots í Superbowl-leiknum og því góð stemning í borginni. „Ætli ég hafi ekki komið með góða strauma með mér frá Íslandi," segir Davíð.

HANDVERKSBAKARÍ

LAUGARDAGUR **18. FEBRÚAR 2012**

Kynningarblað Brauð, kökur, tertur, súkkulaðiskúlptúrar og uppskriftir fyrir börn

Konudagurinn og bolludagurinn eru á næsta leiti og er undirbúningurinn kominn á fullt hjá starfsfólki Bæjarbakarís. MYND/GVA

Fimmtíu ár í faginu

Júlíus Matthíasson opnaði Bæjarbakarí í Hafnarfirði fyrir 23 árum. Hann hefur staðið vaktina ásamt fjölskyldunni síðan. Þar er allt bakað á staðnum en auk hefðbundins vöruúrvals státar bakaríið af ævintýralegum þemakökum.

Bæjarbakarí að Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði er rótgróið handverksbakarí sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. „Ég og konan mín, Maríanna Haraldsdóttir, opnuðum í mars árið 1990 og höfum staðið vaktina síðan. Logi sonur okkar er rekstrarstjóri en auk þess hefur annar sonur okkar og dóttir unnið í bakaríinu," segir eigandinn Júlíus Matthíasson.

Júlíus hefur starfað sem bakari í að verða fimmtíu ár og þar af verið 34 ár í rekstri. „Þegar ég opnaði hér töluðu menn um að ég væri vitlausu megin við Reykjanesbrautina en annað kom á daginn enda um að ræða stórt iðnaðar- og verslunarhverfi og er mikið um að fólk sem vinnur í nágrenninu líti við. Íbúar hinum megin við Reykjanesbrautina koma vitanlega líka og við erum jafnvel með fastakúnna frá Keflavík, enda alveg í leiðinni."

Öll framleiðsla fer að sögn Júlíusar fram á staðnum. Þá erum við með kaffisölu og sæti fyrir tuttugu til þrjátíu manns og er jafnan þétt setið. Viðskiptavinir okkar tala um að kaffið sé einstaklega gott. Ég segi að það sé vegna þess að það er stöðugt rennsli enda alltaf verið að hella upp á."

Júlíus hefur starfað við fagið í tæp fimmtíu ár, þar af í 34 ár við rekstur.

En hver er ykkar sérstaða? „Fyrir utan það að vera rótgróið fjölskyldufyrirtæki með allt það vöruúrval sem góð bakarí hafa að bjóða þá gerum við ævintýralegar kökur og kökuskreytingar sem tekið er eftir. Logi sonur minn flytur inn fjöldann allan af vinsælum fígúrum til að skapa skemmtilegar þemakökur og má þar nefna persónur úr Pirates of the Caribbean, Dóru landkönnuð, Batman og Bangsímon. Þá er hægt að panta fótboltakökur, golfkökur og ýmislegt fleira auk þess sem við bjóðum að sjálfsögðu brúkaups-, skírnar- og fermingartertur í úrvali. Þá tökum við á móti hvers kyns ljósmyndum og prentum á kökur og finnst til dæmis mjög gaman þegar fólk sendir teikningar eftir börnin."

Júlíus nefnir einnig nýtilkomið samstarf við Póstinn. „Við sendum kökur hvert á land sem er með aðstoð Póstsins og auk þess er talsvert um að fólk úr nærliggjandi bæjarfélögum nýti sér þjónustuna.

Júlíus bendir áhugasömum á heimasíður bakarísins www.bakari.is og www.kaka.is en þar má meðal annars skoða fjölskrúðugt kökuúrvalið.

ÆVINTÝRALEGAR KÖKUR

Bæjarbakarí flytur inn fjöldann allan af vinsælum fígúrum til að skreyta kökur fyrir alla aldurshópa. Börnin geta valið uppáhaldsfígúruna sína auk þess sem hægt er að velja um alls kyns þemakökur sem tengjast til að mynda golfi eða fótbolta. Þá er hægt að láta prenta ljósmyndir og persónulegar teikningar á kökur sem nýtur ekki síður vinsælda.

HEIM AÐ DYRUM

Bæjarbakarí sendir kökur og kræsingar hvert á land sem er. Bakaríið er í samstarfi við Póstinn og auk þess er töluvert um að íbúar í nærliggjandi bæjarfélögum panti köku og fái hana senda heim að dyrum.

Mosfellsbakarí er þekkt fyrir úrvals kökur og tertur.

Bakaríið leggur áherslu á eigin framleiðslu.

Ragnar Hafliðason er einn af stofnendum Mosfellsbakarís sem hefur notið vinsælda um áratugaskeið. MYND/ANTON

Höfum bakað í ein þrjátíu ár

Bæði hollt og gómsætt er á boðstólum í Mosfellsbakaríi þar sem áhersla er lögð á eigin framleiðslu. Úrvals brauð, konfekt, kaffi og ýmsar sérvörur, svo sem olíur, sultur og dressing eru þar á meðal. Bakaríið fagnar þrjátíu ára afmæli á árinu en það hefur átt samfelldri sigurgöngu að fagna frá upphafi.

Ætli það séu ekki gæði og nýjungar sem við höfum alltaf verið óhrædd að prófa og viðskiptavinir kunna vel að meta. Allt saman framreitt af fagfólki sem hefur vegnað vel í keppnum og unnið marga titla í gegnum tíðina. Þar ber að nefna son minn Hafliða Ragnarsson sem er bæði þekktur hér og ytra fyrir tertuskreytingar og ekki síst konfekt sem landsmenn þekkja að góðu.“

Þetta segir Ragnar Hafliðason, eigandi Mosfellsbakarís, beðinn um að gefa upp ástæðurnar fyrir samfelldri sigurgöngu fyrirtækisins sem fagnar þrjátíu ára afmæli á árinu.

Ragnar er einn af stofnendum Mosfellsbakarís sem var upphaflega opnað í uppgerðu iðnaðarhúsnæði í Urðarholti 2 árið 1982. Hann viðurkennir að Mosfellsbær hafi á þeim árum verið svolítill svefnbær og því tekið smá tíma að festa fyrirtækið rækilega í sessi. Hins vegar hafi bakaríið átt talsverðum vinsældum að fagna síðan íbúarnir komust á bragðið og orðspor fyrirtækisins tók að berast víðar.

Frá árinu 2007 hefur Mosfellsbakarí, verslun og bakarí, verið rekið saman í glæsilegum húsakynnum að Háholti 13 til 15. Konfektframleiðslan fer hins vegar fram við Háaleitisbraut þar sem fyrirtækið keypti bakarí Hermanns Bridde árið 2001. Í desember á síðasta ári opnaði fyrirtækið konfektbúð í Fógetahúsinu við Ingólfstorg sem Ragnar segir hafa hlotið góðar móttökur. „Verslununni var mjög vel tekið og svo verður bara spennandi að sjá í sumar hvernig ferðamenn kunna að meta þessa viðbót við miðborgarflóruna.“

> **„Mér finnst þetta hryllilega langur tími. Samt er eins og ævintýrið hafi bara byrjað í gær.**

Nú styttist óðum í sjálft stórafmælið sem ber upp á 6. mars. Hvernig er þér innanbrjósts á þessum tímamótum? „Mér finnst þetta hryllilega langur tími. Samt er eins og ævintýrið hafi bara byrjað í gær,“ segir Ragnar og brosir. Bætir við að fyrirtækið sé á mjög góðum stað. Reksturinn sé á blússandi siglingu um þessar mundir.

Fátt verður hins vegar um svör þegar afmælisveisla berst í tal. „Á síðasta stórafmæli seldum við valdar vörur á sama verði og fyrir tuttugu árum og gerðum okkur líka lítið fyrir og gáfum út vandað dagatal. Hvoru tveggja var afskaplega vel tekið af viðskiptavinunum. Dagskráin í ár er hins vegar enn í mótun. Þó get ég óhikað lofað spennandi viðburðum og að sjálfsögðu alls konar lúxus, ekki bara á sjálfan afmælisdaginn heldur út allan marsmánuð.“

Súkkulaðikragi frá Rússlandi.

Hugmyndaauðgin á sér engin takmörk

Súkkulaði er ekki bara syndsamlega gott það er líka eitt vinsælasta mótunarefni veraldar. Það er hægt að skapa nánast hvað sem hugurinn girnist úr bráðnu súkkulaði, allt sem þarf er auðugt hugmyndaflug.

Súkkulaði hefur verið ein eftirlætisfæða mannkyns síðan á dögum Maya og Azteca, enda guðafæða sem erfitt er að standast. Í gegnum aldirnar hafa menn spreytt sig á að móta úr því fígúrur og listaverk og á hverju ári eru haldnar fjölmargar keppnir þar sem súkkulaðiskreytingamenn keppa í því að móta alls kyns kynjahluti úr súkkulaði. Hugmyndaauðginni virðast engin takmörk sett enda er afraksturinn oftar en ekki undraverður eins og myndirnar bera með sér.

Súkkulaðihugsuðurinn eftir ónefndan japanskan súkkulaðilistamann er nákvæm eftirlíking af styttu Rodins. Bara miklu bragðbetri.

Súkkulaðihafmeyjan er einnig japönsk og gefur systur sinni í Kaupmannahöfn ekkert eftir.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is og s. 512 5429. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

KORNAX

Við þökkum góðar viðtökur í 25 ár!

Við hjá Kornaxi höfum starfrækt hveitimyllu á Íslandi í 25 ár og þjónað bæði almenningi og íslenskum bakstursiðnaði.

Á þessum tímamótum viljum við þakka landsmönnum þær góðu viðtökur sem okkar vörur hafa alla tíð fengið.

Við kunnum líka vel að meta þá viðurkenningu að Kornax var valið framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi árið 2011 af Creditinfo.

Hvort tveggja speglar metnað okkar til að uppfylla óskir markaðarins
um hágæðavörur úr fyrsta flokks hráefni.

Kornax hveitimylla | Korngörðum 11 - 104 Reykjavík | Sími: 540 8700 | kornax@kornax.is | www.kornax.is

Krakkar hafa gaman af að baka. Nýtið daginn fyrir Bolludag til að baka ilmandi Bollubangsa og harkið af ykkur tiltektina í eldhúsinu á eftir. NORDICPHOTOS/GETTY

Bangsar á bolludag

Börn eru liðtækir bakarar ef foreldrarnir mikla ekki fyrir sér hreingerninguna í eldhúsinu á eftir. Brauðbollubangsar eru sætir og góðir og gaman að búa þá til.

Bolludagur er í nánd. Í tilefni hans er bráðsniðugt að krakkarnir baki brauðbollur svo eitthvað fari ofan í þau annað en rjómi og glassúr. Brauðbollubangsar eru bæði sætir og góðir á bragðið og gaman að búa þá til. Þá má smyrja brauðbollur með gúrku, osti og papriku í staðinn fyrir glassúr og rjóma.



Krúttlegir bollubangsar eru bragðgóðir. Í staðinn fyrir rjóma og glassúr má líka nota gúrku, papriku og ost.

Brauðbolludeig

2 ½ tsk. þurrger
1 dl heitt vatn
1 dl mjólk
(Hrært saman og látið bíða)
1 msk. matarolía
½ tsk. púðursykur
4-5 dl hveiti
¼ tsk. salt (má sleppa)

Allt hnoðað vel saman og látið hefast í að minnsta kosti 30 mínútur.

Þá eru mótaðar bollur af öllum stærðum og gerðum úr deiginu og þeim raðað skemmtilega saman á bökunarplötu.

Í bollubangsa þarf eina stóra bollu fyrir maga, aðeins minni bollu fyrir haus, fjórar minni bollur fyrir fætur og hendur og svo litlar bollur fyrir eyru og nef. Bangsarnir eru svo pensladir með eggi eða mjólk og bumban skreytt með fræjum eða kornum.

Eins er skemmtilegt að búa til bollublóm, bollukindur og bolluský, bollusnjókarl og bollutré. Bollubangsarnir eru síðan bakaðir ljósbrúnir við 180°-200° eða í um 10 mínútur.

Uppskrift að bolludeigi er fengin af www.hugi.is.

VÍST ERU TERTUR HOLLAR

Lífið væri beinlínis litlausara ef ekki væri fyrir litríkar tertur og sykrað sætabrauð af og til. Tertuáti þarf heldur ekki að fylgja eintóm óhollusta því kökur verða bara betri og fegurri skreyttar gljáðum ávöxtum, auk þess að innihalda gnótt C-vítamíns og annarra bætiefna. Prófið bara að skreyta marsipankökubotn með bláberjum, kívi, mandarínum og jarðarberjum ofan á frískandi vanillukremi og sjá! Hollasta tertan á veisluborðinu verður sú vinsælasta meðal veislugesta.

DÍSÆTAR MINNINGAR UM AFA OG SNÚÐA

Margir eiga hjartfólgnar bernskuminningar um dýrmætar samverustundir með afa og ömmu yfir heimagerðu bakkelsi eða spariferðum í bæinn þar sem komið var við í bakarí til að gæða sér á tertusneið, snúð eða góðgæti að vali barnsins. Það jafnast enda fátt á við kompaní ömmu og afa sem jafnan láta eftir sér dálítið dekur við barnabörnin og um að gera að safna dísætum minningum um freistingar og fallegan félagskap þeirra í bakaríum landsins.

Nýtt nafn og nýr bíll BL á Sævarhöfða fagnar nýju nafni með bílahátíð um helgina og kynnir nýjan Subaru sportjeppa, Subaru XV. Sýningin verður opin frá 12 til 16 á laugardag og 13 til 16 á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf **www.namsadstod.is** **s. 557 9233**

Útsölulok verðhrun

60-70% afsláttur

VETRAR-YFIRHAFNIR Í ÚRVALI

Skoðið sýnishornin á laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Gæði & Glæsileiki

www.gabor.is

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

Sérverslun með Gabor® 25 ár á Íslandi

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, háskólanemi og sjónvarpsstjarna, afhendir Edduverðlaun í kvöld.

Prinsessukvöld í vændum

Mig dreymir um að stofna kaffihús því mér finnst vanta kaffihús fyrir fatlaða. Þar gæti ófatlað fólk líka kynnst fötluðum og séð hvað við erum að gera, því það veit svo fátt um okkur. Við gerum nefnilega margt skemmtilegt, eins og aðrir," segir Steinunn Ása og brosir blítt.

„Ég hef gaman af öllu sem ég tek mér fyrir hendur og er mikil hönnunarstelpa í mér. Ég gæti því hannað mitt eigið kaffihús og bakað kökurnar sjálf, og svo yrðu allir sunnudagar á kaffihúsinu mömmudagar. Það er draumurinn minn og ef Guð lofar rætist hann; ég þarf bara að biðja hann um hjálp og verða bænheyrð," segir hún einlæg og blíð.

FRAMHALD | 2

Hjálp náttúrunnar við aukakílóum

KONJAK

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg.

Glucomannan eru fyrsta náttúrulega efnið sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt að raunverulega hjálpi við þyngdartap.

Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnar að þær geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddu tilfinningu.

MEZINA

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is

Málþing um fjölmiðla á landsbyggðinni, hlutverk þeirra og stöðu verður haldið í Hátíðasal Héraðsskólans í Reykholti í dag frá klukkan 14 til 17. Málþingið er samstarfsverkefni Snorrastofu og Skessuhorns.

Ágóði rennur til barna

HLUTI AF ÁGÓÐA FJÖLDA VEITINGASTAÐA RENNUR TIL VERKEFNA BARNAHEILLA - SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI, Á TÍMABILINU 15. FEBRÚAR TIL 15. MARS.

Með kaupum á tilteknum réttum, eru viðskiptavinir að tryggja að hluti af verði þeirra renni til verndar barna í gegnum mannréttindasamtök barna, Barnaheil-Save the Children á Íslandi. Alls hafa þrettán veitingastaðir ákveðið að taka þátt í verkefninu sem hófst 15. febrúar og stendur til 15. mars. Veitingastaðirnir sem taka þátt í þessum mánuði barnanna eru Caruso, Dominos, Grill66, Hamborgarafabrikkan, Íslenska kaffistofan, KFC, Nauthóll, Pizza Hut, Saffran, Serrano, Skrúður, Subway og Taco Bell.
Nánari upplýsingar eru að finna á www.barnaheill.is.

Á FERÐINNI

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

Steinunn er í starfsþjálfun í tengslum við nám sitt í Austurbæjaskóla og segir það æðislegt. „Krakkarnir taka mér vel því ég er alltaf svo glöð, kát og til í eitthvað skemmtilegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framhald af forsíðu

Steinunn Ása leggur stund á viðburðastjórnun og tómstundafræði við Kennaraháskólann.

„Mér fannst ég þurfa að gera eitthvað virkilega krefjandi því ég vil eiga bjarta framtíð og líða vel. Einn daginn langar mig að geta búið í eigin íbúð með mitt eigið dót í Vesturbænum og veit að ég get það vel; bara ef ég fæ tækifæri til þess,“ segir hún brosmild.

Steinunn Ása smitaði landsmenn með glaðværð og fögru fasi í þáttunum Með okkar augum í Ríkissjónvarpinu í fyrra, en um þá sáu hæfileikaríkir þáttarstjórnendur með þroskahömlun.

„Ég hef alltaf verið lífsglöð og áhugasöm um lífið og tilveruna. Ég er mikil félagsvera en finnst líka gott að vera ein, slaka á og hlusta á tónlist, því tónlist hjálpar mér að glíma við söknuðinn eftir mömmu,“ útskýrir Steinunn Ása sem missti móður sína í október.

„Það var mikið áfall og mér leið alls ekki vel fyrst á eftir, en hafði kjark til að mæta strax í skólann þar sem kennararnir hjálpuðu mér mikið. Þegar ég er ein sé ég stundum mömmu eins og ljóslifandi og við tölum saman, sem mér finnst gott. Ætli hún sé ekki með því að láta mig vita að ég lifi í henni og að hún lifi innra með mér,“ hugsar Steinunn Ása upphátt og lætur hugann reika til móður sinnar og bestu vinkonu.

„Líf mitt hefur breyst svo mikið eftir að mamma dó, en í síðustu viku fór ég að geta brosað aftur við tilverunni.“

„Ég er mikil félagsvera en finnst líka gott að vera ein, slaka á og hlusta á tónlist, því tónlist hjálpar mér að glíma við söknuðinn eftir mömmu.“

Í dag verður gleðin við völd því Steinunn Ása verður með kynningu á háskóladeginum og afhendir íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin í beinni sjónvarpsútsendingu á Eddunni í kvöld.

„Ég hlakka mikið til og fæ að klæðast fallegum kjól og skartgripum, verð naglalökkuð og fer í hárgreiðslu og andlitsförðun, svo þetta verður sannkallað prinsessukvöld,“ segir hún hláturmild, en helgartilvera Steinunnar Ásu er annars undirlögð af notalegheitum.

„Ég drekk voða mikið kaffi og fer oft á kaffihús með vinum eða sjálfri mér. Kaffi er uppáhaldsdrykkurinn minn en móðuramma mín bauð mér upp á fyrsta kaffibollann þegar ég var þriggja ára og þá fannst mér gott að blanda saman kaffi, mjólk og sykri og dýfa kexi ofan í. Ég heimsæki ömmu og afa gjarnan um helgar en fer líka mikið á tónleika. Ég hef þörf fyrir að hlusta á klassíska tónlist og sálmasöng og fer því mikið í Hallgrímskirkju þar sem ég nota tækifærið og læri söngtextana um leið og ég hlusta á kórinn,“ segir Steinunn Ása sem hefur sjálf stundað söng- og píanónám og á einkar gott með að læra tungumál, en hún talar ítölsku reiprennandi eftir að hafa búið með foreldrum sínum í Feneyjum um tveggja ára skeið.

En á hún von á blómum á konudaginn?

„Nei, ég á engan kærasta og vil bara eiga góða vini. Ég geri því eitthvað fyrir mömmu í staðinn og fer með blóm á leiðið hennar, því þangað er gott að koma.“

thordis@frettabladid.is

Barnadagar
25% afsláttur af barnavörum
föstudag & laugardag
Skoppa og Skrítla
skemmta börnunum í dag kl 13.30
börnin fá rúmföt fyrir bangsann*
meðan birgðir endast
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Búðu til bolluvendi og öskupoka

Fjölskyldumiðja í gerð öskupoka og bolluvanda verður haldin á morgun í Gerðubergi og Borgarbókasafni Grófarhúsi.

Öskupokar eru hengdir á bak einhvers, án þess að viðkomandi verði þess var.

Að flengja foreldrana og aðra fullorðna að morgni bolludags og segja „bolla, bolla“ og fá jafnmargar bollur að launum síðar um daginn ásamt því að hengja öskupoka á bak einhvers, án þess að viðkomandi verði þess var, eru gamlir og skemmtilegir siðir.

Bolluvendi er auðvelt að útbúa en þeir eru gjarnan gerðir úr löngum prikum og litríkum pappírsræmum. Öskupokar eru litlir skrautlegir pokar sem dregnir eru saman með þræði sem í er hengdur boginn títuprjónn. Markmiðið er að næla öskupokanum á bakið á einhverjum án þess að fórnarlambið taki eftir því.

Í smiðjunni eru gerðir öskupokar og bolluvendir eftir kúnstarinnar reglum. Verkefnið er við allra hæfi, auðvelt og skemmtilegt undir leiðsögn sérfróðra. Smiðjan er haldin í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands og er opin á morgun, sunnudag, í Gerðubergi frá klukkan 14 til 16 og í Borgarbókasafni Grófarhúsi klukkan 15 til 16.30. Krakkar á öllum aldri mega taka þátt. Allt efni verður á staðnum, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Litir blóma hafa mismunandi þýðingu að mati sumra. Þannig þýða rauðar rósir ást, fegurð, virðingu og hugrekki. Bleikar rósir þýða hamingju, þokka og blíðu. Dökkbleikar rósir endurspegla þakklæti en ljósbleikar rósir aðdáun og samúð.

Á konudaginn ættu karlmennirnir að taka til hendinni á heimilinu.

Góð slökun er hverri konu nauðsynleg endrum og sinnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Frí frá heimilisstörfum og uppeldi besta gjöfin

Sá misskilningur er útbreiddur að konur krefjist dýrra gjafa, íburðarmikilla blómvanda og stórra konfektkassa á konudaginn. Það er ekki svo. Flestar konur kjósa heldur frí frá uppeldi og heimilisstörfum.

Flestar konur á aldrinum 30 til 49 ára telja hvíld og slökun eftirsóknarverðustu gjöfina sem maki þeirra getur gefið þeim. Þetta kemur fram í nýlegri könnun sem greint er frá á fréttavefnum foxnews.com.

Greinin er eftir Laurie Puhn sem er lögfræðimenntuð frá Harvard en sérhæfir sig í ráðgjöf hjóna og para. Könnunin var gerð á vefnum af fyrirtæki Puhn og var spurningunni varpað til kvenna fyrir Valentínusardaginn í vikunni. Þó má gera ráð fyrir að yfirfæra megi svör kvennanna á hinn íslenska konudag sem er nú á sunnudaginn.

Niðurstöðurnar voru á þessa leið:

72% kvenna vildu fá frí frá heimilisverkunum og/eða barnauppeldi þennan dag.
14% kvenna vildu að makinn byði þeim út að borða.
9 % kvenna vildu gjöf.
5 % kvenna vildu kynlíf.

Þá kom einnig í ljós að konur eldri en 50 ára, konur yngri en 30 og karlar almennt voru á móti gjöfum sem keyptar voru í búðum. Flestir í þessum hópi töldu farsælast að skipuleggja eitthvað fallegt í kvöldmatinn.

Laurie Puhn hefur gefið út metsölubókina „Fight Less, Love More: 5-Minute Conversations to Change Your Relationship Without Blowing Up or Giving In," og gefur reglulega góð sambandsráð á ýmsum bandarískum sjónvarpsstöðvum. Hennar helsta ráð er: „Segðu það sem þú meinar og meintu það sem þú segir." Á Valentínusardaginn og því konudaginn fyrir okkur Íslendinga segir hún ekkert athugavert við að konur láti maka sinn vita hvað þær langar í. Ef konan vill frí í einn dag á hún að láta vita, ef hún vill fara út að borða á hún að biðja manninn sinn að panta borð.

- sg

Rómantísk augnablik í kvikmyndum

ÁSTIN SIGRAR ALLT AÐ LOKUM, Í ÞAÐ MINNSTA Í RÓMANTÍSKUM HOLLYWOODMYNDUM. HÉR ERU TALIN UPP FIMM RÓMANTÍSK AUGNABLIK Í KVIKMYNDUM.

- Josie (Drew Barrymore) stendur á hafnaboltavelli og bíður eftir Sam (Michael Vartan) svo hann geti kysst hana hennar fyrsta kossi. „Never been kissed."
- Noah (Ryan Gosling) biður Allie (Rachel McAdams) um að koma á stefnumót þar sem hann hangir utan í Parísarhjóli. „The Notebook."
- Flækingurinn Spori ýtir síðustu kjötbollunni að kærustu sinni, cocker spaniel-tíkinni Freyju, með trýninu. „Lady and the tramp/Hundalíf."
- Edward Lewis (Richard Gere) klífur brunastigann upp að glugga Vivien (Julia Roberts) með rós í munni. „Pretty Woman."
- Patrick (Heath Ledger) yfirtekur hljóðkerfi skólans og syngur ástarsönginn „Can't take my eyes off of you" á fótboltavelli fullum af skólakrökkum. „10 Things I hate about you."

HEILSA

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

bailine vaxtarmótun
Fyrir konur 18 ára og eldri

Konudagstilboð

Við kaup á 10 tímum frjáls mæting 1 sinni á dag í 5 vikur frá kaupdegi tilboðs.

Hægt er að velja á milli nudd, húðfitubrennslu, og vöðameðferða

Takmarkað magn af kortum er í boði. - Tilboð þetta gildir til 24 febrúar 2012



bailine
Tímapantanir í síma 568 0510
www.bailine.is
Vertu flottara eintak af sjálfri þér!
bailine · Hlíðarsmári 11, 201 Kópavogur · Sími 568 0510 · www.bailine.is

OKKAR BAKARÍ
ÞÚ FÆRÐ KONUDAGSKÖKUNA HJÁ OKKUR
MIKIÐ ÚRVAL AF RJÓMABOLLUM

Erum einnig á Strandgötu í Hafnarfirði
Vort daglegt brauð
Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is og á facebook.com/okkarbakarí
Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070

Fræðsluhlutverk Fjölskyldu- og húsdýragarðsins verður styrkt enn frekar, en stefnt er að því að auka samstarf skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og garðsins. Nú er í athugun hvernig nýta megi garðinn og umhverfi hans til fræðslustarfs með börnum, til dæmis í líffræði og undirgreinum hennar.

SNIÐ FYRIR SKIKKJU OG TENNUR DRAKÚLA



Ruslapoki er tekinn og botn klipptur af, síðan er pokinn klofinn. Fyrst er pokinn klipptur til og svo er kreppappír brotinn saman (meiri fylling næst í kragann ef kreppappírinn er hafður tvöfaldur) og saumaður með umbúðakrullubandi og stoppunál í skikkjuna. Sama snið á skikkju dugar fyrir álfakóngafólkið, fyrir utan það að ekki er klippt meðfram slánni í boga heldur beint.
Hvítur pappi eða karton er notaður í vampírutennurnar.

MYND/KRISTÍN ÞÓRA GUÐBJARTSDÓTTIR

Drakúla greifi er ákaflega fölur, með blóðrauðar varir og rauð augu. Undan efri vör hans glittir í hvítar tennur – eins og sjá má er Drakúla hryllilegur!

Undurfríð snædrottning klæðist ævintýralega fögrum klæðum sem glitra og ljóma í myrkrinu, eins og sjá má á tilkomumikilli kórónu hennar og glæsilegri slá.

Ævintýrin lifna við

Á öskudag gefst börnum tækifæri til að feta opinberlega í fótspor eftirlætis sögupersóna sinna. Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi hefur textílhönnuðurinn Kristín Þóra Guðbjartsdóttir kennt börnum að útbúa eigin öskudagsbúninga á Heimsdegi barna og gefur hér hugmyndir að tveimur þeirra.

Ekki þarf að tjalda miklu til, né fara illa með fjárhag fjölskyldunnar til að láta drauma barna rætast á öskudaginn. Bæði er leikur einn og skemmtun fyrir börn og foreldra að föndra öskudagsbúninga saman og börnin stolt yfir að klæðast afrakstri sínum í búningagerðinni.

Á Heimsdegi barna í Gerðubergi í fyrra var Kristín Þóra með búningasmiðju þar sem hún bauð börnum að bregða sér í gervi blóðsugunnar Drakúla greifa frá Transylvaníu. Sjá má einfalt snið að skikkju hans hér á síðunni ásamt vígtönnum, en efniviður er stór, svartur plastpoki, rauður krepppappír og jólarautt krulluband. Hvítt pappakarton er notað til tannsmíða og festast vígtennurnar af sjálfu sér með munnvatni blóðsuganna.

Á nýliðnum Heimsdegi barna í Gerðubergi um síðustu helgi stóð Kristín Þóra aftur fyrir búningasmiðju fyrir börn og nú snerist ævintýrið um vetrarríkið; heim snædrottninga og snækónga. Efniviður í skikkjur þeirra er hinn sami: stór, hvítur ruslapoki með samanbrotnum kraga úr bláum kreppappír, rykktum saman með bláu krullubandi og kóróna úr pappa, álpappír og silfruðu jólaskrauti.

SNIÐ OG AÐFERÐ ÁLFAKÓRÓNU

Í kórónuna þarf hvítt karton, um 5 cm á breidd og 60 cm langt. Álpappír er vafið utan um hvíta pappann og ef þarf þá er límt saman með límbandi að innanverðu. Sex bútar af álpappír, um 12x12 cm er kuðlað saman, snúið upp á og límdir á innanverða kórónuna til að mynda ísoddana. Kórónan heft saman og annað glitrandi skraut heft eða límt framan á kórónuna.

MYND/KRISTÍN ÞÓRA GUÐBJARTSDÓTTIR

NÝJAR VÖRUR

FRÁ 4FUNKYFLAVOURS, NOVASTAR
& MAXOMORRA ERU KOMNAR Í ROKKÝ REYKJAVÍK

15% KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
FRÁ MAXOMORRA
gildir út febrúar

Mjúkir og þægilegir kjólar & leggings frá Maxomorra tilvaldir í leikskólann á frábæru verði.

Opið virka daga frá 12-17:30
& laugardaga frá 12-15

Rokký Reykjavík
Nethylur 2, sími: 587-3355 www.rokky.is

Náttúruleg umönnun

Burt´s bees barnalínan er náttúruleg, ofnæmisprófuð og rannsökuð af barnalæknum.

Barnaolía - Mild og nærandi fyrir húðina. Inniheldur Aloe Vera
Bossakrem - Virkt og gott krem. Inniheldur A & E vítamín
Kroppakrem - Áhrifaríkt á viðkvæma og þurra húð ungbarnsins.

Fæst í apótekum

Icepharma

TIGI Hárvörur óska eftir **öflugum sölumanni til starfa** í skemmitlegu & líflegu umhverfi.

Starfið felst einkum í samskiptum við hárfagfólk & er því mikilvægt að viðkomandi hafi menntun á því sviði.

BED HEAD® TIGI

Umsóknir sendist á umsoknir@tigi.is fyrir 26. febrúar.
www.tigi.is

STORMUR EHF

Stormur ehf. sérhæfir sig í sölu og viðhaldi vélsleða, fjórhjóla, sexhjóla, mótorhjóla og annara tækja.

Við leitum núna að öflugum starfsmanni í fullt starf til þess að hefja störf sem fyrst.

Hæfniskröfur
Almenn þekking í viðgerðum ökutækja
Lestur í viðgerðaforritum
Afburðar Samskiptahæfni
Jákvæðni

Áhugasamir sendi umsókn á stormur@stormur.is fyrir 3.mars nk.

Smiðir – Noregur

Norskt byggingafélag óskar eftir því að komast í samband við húsasmiði.

Um er að ræða vinnu í Suður- Noregi og Oslóarsvæðinu.

Upplýsingar um áhugasama sendist á Netfang: tynes@vhmbygg.no
Einnig eru gefnar upplýsingar á íslensku í síma + 47 41409288 .

Starfsgreinasamband Íslands

Starfsgreinasamband Íslands er stærsta landssambandið innan ASÍ og samanstendur af 19 stéttarfélögum verkafólks með um 50 þúsund félagsmenn. Hlutverk sambandsins er að styðja og styrkja aðildarfélögin í þeirra starfi og hagsmunabaráttu félagsmanna.

Sérfræðingur

Starfsgreinasamband Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing

Starfssvið:
- Utanumhald um ákvæðisvinnu- og kaupaukakerfi
- Túlkun og gerð kjarasamninga
- Stefnumótun í starfsfræðslu- og menntamálum
- Mikil samskipti, bæði innlend og erlend
- Skýrslugerð, fundaritun og umsjón með heimasíðu

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af ákvæðisvinnu- og kaupaukakerfum
- Reynsla af og/eða áhugi á kjaramálum
- Reynsla af fræðslumálum
- Góð Excelkunnátta skilyrði
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góð enskukunnátta og eitt norðurlandamál skilyrði
- Frumkvæði, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, öguð og skipulögð vinnubrögð

Upplýsingar veitir:
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SLYSAVARNAFÉLAGID LANDSBJÖRG

Framkvæmdastjóri

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi.

Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum. Í þeim tilgangi er öflugur hópur sjálfboðaliða til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring.

Við stofnun Slysavarnafélagsins Landsbjargar urðu til ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi með um 18 þúsund félögum sem starfa í björgunarsveitum, slysavarna- og unglingadeildum.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess ***www.landsbjorg.is***

Slysavarnafélagið Landsbjörg óskar eftir að ráða öflugan og drífandi einstakling í starf framkvæmdastjóra félagsins. Í boði er einstaklega fjölbreytt, lifandi og krefjandi starf.

Starfssvið
- Daglegur rekstur skrifstofu, stjórnun og umsjón með starfsemi félagsins
- Upplýsingagjöf og samskipti við samstarfsaðila
- Frumkvæði að stefnumótun, þróun og áætlanagerð
- Skipulagning og þátttaka í öflugri markaðssetningu félagsins
- Önnur verkefni í samráði við stjórn

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Lipurð í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af stjórnunarstarfi er nauðsynleg
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af sjálfboðaliðastarfi er æskileg

Fórnfýsi - Forysta - Fagmennska

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.*

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

Vélaviðgerðir
Fyrirtæki/stofnun: Íspartar - Vélavit ehf

Öflugt vélaverkstæði í Garðabæ óskar eftir að ráða til sín starfsmann til framtíðarstarfa

Fyrirtækið starfar á sviði varahlutasölu og viðgerða á utanborðsmótorum, vinnuvélum og bílum

Viðkomandi starfsmaður mun starfa við almennar viðgerðir á vélum og vélbúnaði vinnuvéla, utanborðsmótorum ásamt öðrum vélaviðgerðum á verkstæði fyrirtækisins í Garðabæ og hjá viðskiptavinum

Óskað er eftir starfsmanni með próf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun eða mikla reynslu af sambærilegum störfum.

Gerð er krafa um heilsuhreysti, stundvísi og mjög góða íslenskukunnáttu

Laun eru samkomulag

Vinnutími er frá kl. 8-18

Um vinnumarkaðsúrræði er að ræða (skv. reglugerð 012/2009) og er gert ráð fyrir að ráða aðeins fólk af atvinnuleysisskrá í reynsluráðningu (4. gr.).

Umsóknir sendist á netfangið hinrik@velavit.is

Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir
S: 5272600 - www.velavit.is

Lagerstarfsmaður óskast.

ICE WEAR

Icewear, óskar eftir að ráða starfsmann á lager og útkeyrslu.

Í starfinu felst m.a. tiltekt pantana, móttaka á vörum og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, hraustur og áreiðanlegur..

Umsóknir ásamt starfsferilskrá skal senda á netfangið: icewear@icewear.is og agust@icewear.is fyrir 1. mars.

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR

ASÍ

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra.

Alþýðusamband Íslands leitar að metnaðarfullum sérfræðingi til starfa í hagdeild sambandsins.

Hagdeildin fæst m.a. við rannsóknir og ráðgjöf á sviði efnahags- og kjaramála auk úttekta og tillögugerðar vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, atvinnu-, og verðlagsmálum. ASÍ leggur áherslu á að umsækjandi hafi faglegan metnað, sýni frumkvæði og geti starfað sjálfstætt en eigi jafnframt auðvelt með að vinna í teymi. Hann sé fær í mannlegum samskiptum og eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfið. Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af þjóðhagsútreikningum og gerð kjarasamninga er æskileg
- Þekking á tölfræði og hæfni í útreikningum og úrvinnslu tölulegra gagna
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

YFIRLÖGFRÆÐINGUR

FISKISTOFA

Laus er til umsóknar staða yfirlögfræðings Fiskistofu á aðalskrifstofunni að Dalshrauni 1 í Hafnarfirði. Yfirlögfræðingur heyrir beint undir fiskistofustjóra. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á starfsemi og verkefnum sem heyra undir yfirlögfræðing
- Lögfræðilegur ráðgjafi fiskistofustjóra og forstöðumanna sviða
- Þátttaka í stefnumótun og daglegri stjórnun Fiskistofu
- Ábyrgð á lögfræðilegri meðferð bakreikningsmála
- Úrlausn lögfræðilegra álitaefna varðandi fiskeldi
- Yfirumsjón með lögfræðilegum verkefnum varðandi upplýsingamál Fiskistofu og rafræna stjórnsýslu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu og reynslu af stjórnsýslu ásamt stjórnunarreynslu.

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Matthías Haraldsson, starfsmaður Alcoa, og fjölskylda hans njóta nálægðarinnar við eitt besta útivistarsvæði á landinu í hjarta Fjarðabyggðar.

Framtíðarstörf og sumarstörf hjá Fjarðaáli

Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til starfa í álverinu við Reyðarfjörð. Móðurfyrirtækið Alcoa er leiðandi í áliðnaði og með stöðugar umbætur að leiðarljósi hefur Fjarðaál komist í fremstu röð álvera á skömmum tíma.

Fjarðaál býður fjölbreytt tækifæri til starfsmenntunar og starfsþróunar. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Almennar hæfnikröfur

Starfsmenn Fjarðaáls þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Starfsmenn vinna í teymum og verða að búa yfir lipurð í samskiptum. Stöðug þróun framleiðslunnar kallar á frumkvæði en um leið ögguð vinnubrögð.

Framleiðslustarfsmenn

Framleiðslustarfsmenn halda framleiðslunni gangandi í kerskála, skautsmiðju og steypuskála. Vaktavinna gefur góðar tekjur og frí aðra hverja helgi. Stóriðjuskóli Fjarðaáls býður framleiðslustarfsmönnum tækifæri til að öðlast fjölbreytta menntun sem nýtist í skólakerfinu. Umsækjendur þurfa að hafa gild ökuréttindi.

Raf- og véliðnaðarmenn

Fjarðaál leitar að raf- og véliðnaðarmönnum í dagvinnu. Áhersla er lögð á að greina ástand búnaðar og stýra viðhaldi. Tækifæri til símenntunar eru mikil. Umsækjendur þurfa að hafa sveinspróf.

Sumarstarfsmenn

Sumarstörf eru í boði hjá Fjarðaáli. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og geta unnið samfellt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Sumarstarfsmenn í framleiðslu þurfa að hafa gild ökuréttindi. Iðnnemar í sumarstörfum verða að hafa lokið grunnnámi á vél- eða rafiðnaðarbraut. Háskólanemar þurfa að hafa lokið að minnsta kosti tveimur árum í verk- eða tæknifræði.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Elínu Jónsdóttur í mannauðsteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið **elin.jonsdottir@alcoa.com** eða í síma **470 7700**.

Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og frestur til að sækja um störfin er til og með 12. mars 2012.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

Vågsøy – Vekst- og trivselskommune på Vestlandet

Vågsøy er en naturperle som ligger ytterst i Nordfjord. Kommunen har et aktivt næringsliv med hovedvekt på marine næringer og innovative teknologibedrifter. Vågsøy ligger mellom Ålesund og Bergen. Kommunen har et godt utbygt barnehage- og skoletilbud, kultur- og idrettstilbud og et fantastisk turterreng. Kommunen har 6000 innbyggere og økende folketal. Måløy er kommunesenter.

Vågsøy kommune søker



• Teknisk sjef

i en av landets beste næringslivsbyer

For fullstendig utlysning og elektronisk søknadsskjema gå inn på
www.vagsoy.kommune.no

Merk søknaden med 12/262 i feltet for arkivsaknr.

Ved spørsmål, kontakt rådmann
Svanhild Mosebakken, mobil +47 992 78 533 eller
E-post: svanhild.mosebakken@vagsoy.kommune.no

VÅGSØY KOMMUNE

SØKNADSFRIST 2. mars 2012

Vågsøy kommune gjør oppmerksom på at det vil bli utarbeidet offentlig søkerliste. Søker som ønsker konfi densiell behandling bes opplyse om dette og grunngi det særskilt i søknaden. Finner vi ikke tilstrekkelig begrunnelse for å bli unntatt offentlighet i følge regler i Offentligsloven, vil søker bli kontaktet i forkant.

InMedia Kommunikasjon

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR Í INNFLUTNINGSDEILD

samskip

Samskip eru flutningafyrirtæki sem eru með starfstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

Samskip óska eftir að ráða sérfræðing í krefjandi starf í Innflutningsdeild.
Samskip eru alþjóðlegur vinnustaður sem kappkostar að veita starfsmönnum sínum áskoranir í starfi. Hjá Samskipum eru möguleikar á starfsþróun til framtíðar víða um heim.

Starfslýsing:
- Ábyrgð á markaðs-, framlegðar- og samkeppnisgreiningu fyrir innflutning
- Yfirumsjón með tekju- og kostnaðareftirliti deildarinnar
- Gerð fjárhags- og flutningaáætlana fyrir innflutningsdeild
- Ábyrgð og eftirlit með uppgjöri innflutningsdeildar
- Sala á innflutningsþjónustu Samskipa eftir atvikum
- Náin samvinna við viðskiptastjóra innflutningsdeildar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf, viðskipta eða verkfræðitengt
- Mjög góð tölvuþekking
- Þekking á SAP er kostur
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og frumkvæði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Gerð er krafa um að viðkomandi einstaklingur sé samviskusamur og fylginn sér.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMKVÆMDASVIÐS

RARIK
lifandi afl

RARIK ohf. er í eigu ríkisins, en er rekið sem opinbert hlutafélag. Hlutverk RARIK er að flytja og dreifa raforku, afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200. Aðalskrifstofur eru í Reykjavík og um 25 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breytt um landið. Sjá nánar um fyrirtækið: www.rarik.is

RARIK óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga til að stýra framkvæmdasviði fyrirtækisins.
Meginverkefni framkvæmdasviðs er vinnuflokkastarfsemi ásamt rekstri og viðhaldi véla, bifreiða, tækja og áhalda sem þarf á að halda vegna verkefna sviðsins.
Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra fyrir þeim verkefnum sem honum eru falin og að á sviðinu sé unnið samkvæmt verklagsreglum og verkferlum RARIK.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Yfirumsjón með framkvæmd verka, verkskipulagi og vinnuflokkum
- Skipulag og samræming á starfsemi sviðsins
- Ábyrgð á starfsmannahaldi sviðsins
- Áætlanagerð um mannaflaþörf sem og rekstur og viðhald bifreiða og tækja
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum sviðsins
- Fjármála- og rekstraráætlanir og önnur stefnumótandi áætlanagerð fyrir starfsemi sviðsins
- Aðkoma að gerð innri gjaldskrár RARIK og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar og geta til forystu
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í stefnumótun og skipulagningu
- Rík samskiptahæfni og kunnátta í gerð samninga

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

KÆLIVER

Kæliver ehf leitar að öflugum starfsmanni til starfa í þjónustudeild fyrirtæksins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.
Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði.

Þjónustudeild leitar eftir vélfræðingum/vélvirkjum sem hafa reynslu í þjónustu og eftirliti á frysti-og kælikerfum.

Í starfinu felst aðallega:

- Þjónusta við minni og stærri kælikerfi.
- Þjónusta, uppsetningar og viðgerðir á ammoníak iðnaðarkerfum.
- Æskileg reynsla í TIG suðu / rörasuðu.

Skriflegar umsóknir um menntun og fyrri störf sendist til Kæliver ehf, Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík eða rafrænt, á netfangið kaeliver@kaeliver.is.
Allar nánari upplýsingar veitir Steinar Vilhjálmsson, í síma 894-4310.

FAGFÓLK ÓSKAST til framtíðarstarfa

Hjá Prentmeti, Lynghálsi 1 í Reykjavík, eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:

Prentsmiður/grafískur miðlari í stafræna prentdeild
Starfið er aðallega fólgið í móttöku verka og prentun á stafrænar prentvélar. Vinnutími er 8:00-16:00.
Mikilvægt að viðkomandi hafi góða þekkingu á InDesign, Excel, Acrobat og Illustrator.

Prentari á offsetprentvélar
Starfið er aðallega fólgið í prentun á fjöllita Roland prentvélar.
Tvískiptar vaktir. Vinnutími 8:00-16:00 / 16:00-23:00.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannauðssviðs, netfang: ingasteina@prentmet.is, s. 856 0604.

Atvinnuumsókn er á www.prentmet.is – störf í boði.
Umsóknarfrestur er til 2. mars.

Hraði, gæði og persónuleg þjónusta í 20 ár
prentmet HRAÐÞJÓNUSTA

TOKYO sushi

Tokyo sushi er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fljótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum með ríka þjónustulund.

1. Vaktstjóri

Ábyggileg manneskja sem vinnur vel undir álagi og getur stjórnað hópnum. Vaktavinna frá 10.30 eða 11.30 til 21.30. Unnið í 2-3 daga og frí í 2-3 daga.

2. Afgreiðslufólk í sal

ekki eldhús, alla virka daga frá 11.30 til 19.30.

3. Hlutastarfsfólk í sal

ekki eldhús, frá kl. 17 til 21 um helgar.

4. Aðstoðarfólk í eldhús

Sendu okkur umsókn á atvinna@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn á **www.tokyo.is.**

Capacent Ráðningar

SÓKNARTÆKIFÆRI

VR

VR er launþegafélag upphaflega stofnað 1891. Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Félagið starfrækir skrifstofur í Reykjavík, á Akranesi, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum.

VR leitar að kröftugum starfsmönnum í fullt starf á sviði vinnumiðlunar og náms- og starfsvals. Um framtíðarstörf er að ræða. Þessir starfsmenn munu leiða þjónustu VR við atvinnuleitendur í hópi VR félaga, með aðaláherslu á vinnumiðlun og ráðgjöf. Tilgangurinn er sá að miðla félagsmönnum VR lausum störfum og eftir þörfum að aðstoða þá með að afla sér þekkingar og hæfni sem eykur möguleika til ráðningar. Um er að ræða mjög krefjandi störf með þátttöku í mótun og uppbyggingu verkefnisins.

HÓPSTJÓRI

Helstu verkefni hópstjóra verða:
- Verkstjórn við Atvinnuleysisbótadeild VR þar sem er vinnumiðlun, ráðgjöf, skráning og upplýsingagjöf til atvinnuleitenda
- Samskipti við vinnuveitendur, VIRK starfsendurhæfingarsjóð og Vinnumálastofnun
- Þátttaka í stefnumótun og mótun ferla
- Skýrslugerð og seta á vinnufundum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Mikil þekking á vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingum
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

VINNUMIÐLARI

Helstu verkefni vinnumiðlarans verða:
- Vinnumiðlun til atvinnuleitenda
- Samskipti við vinnuveitendur, VIRK starfsendurhæfingarsjóð og Vinnumálastofnun
- Upplýsingagjöf um ýmis réttindi á vinnumarkaði
- Móttökuviðtöl og eftirfylgni
- Seta á vinnufundum og önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði vinnumiðlunar við atvinnuleitendur er mjög æskileg
- Þekking á vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingum er mjög æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi og geta til að setja sig inn í erfiðar aðstæður einstaklinga
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

RÁÐGJAFI

Helstu verkefni ráðgjafans verða:
- Ráðgjöf við atvinnuleitendur
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf um náms- og starfsval og hvernig atvinnuleit sé best háttað
- Upplýsingagjöf um ýmis réttindi á vinnumarkaði
- Móttökuviðtöl, eftirfylgni og seta á vinnufundum
- Samskipti við ráðgjafa VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og Vinnumálastofnun
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði ráðgjafar við atvinnuleitendur er mjög æskileg
- Þekking á vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingum er mjög æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi og geta til að setja sig inn í erfiðar aðstæður einstaklinga
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Umsjón með störfunum hafa Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Sérfræðilæknir í þvagfæraskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í þvagfæraskurðlækningum. Starfshlutfall er 80 % og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir nánara samkomulagi.
Á skurðlækningasviði starfar öflugt fagfólk sem leggur metnað sinn í að veita framúrskarandi þjónustu. Hlutverk skurðlækningasviðs er að skapa umgjörð um fjölþætta og sérhæfða starfssemi sviðsins sem tryggir örugga þjónustu, menntun og vísindastarf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum
- Kviðsjáraðgerðir og opnar krabbameinsaðgerðir á þvagfærum
- Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
- Þátttaka í nýrnaígræðslum
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfnikröfur

- Sérfræðiviðurkenning í þvagfæraskurðlækningum
- Víðtæk reynsla af kviðsjáraðgerðum og opnum krabbameinsaðgerðum á þvagfærum æskileg en ekki skilyrði.
- Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði.
- Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2012.
- Upplýsingar veitir Eiríkur Jónsson, yfirlæknir, eirikjon@landspitali.is, sími 543 1000.
- Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- Mat Stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr.breytingu 5. mars 2006. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

CREDITINFO

Hugbúnaðarsérfræðingar

Creditinfo auglýsir laus störf hugbúnaðarsérfræðinga vegna aukinna umsvifa erlendis.

Við bjóðum spennandi verkefni í traustu fyrirtæki þar sem unnið er eftir Agile aðferðafræði. Okkur vantar sérfræðinga til að taka þátt í að hanna og þróa kerfi fyrir fjármálafyrirtæki á erlendum mörkuðum.

Við bjóðum upp á:
- Spennandi og fjölbreytt verkefni
- Góðan starfsanda
- Tækifæri til að vaxa í starfi
- Agile / Scrum

Hæfniskröfur
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Samskiptafærni og hæfni/vilji til að vinna í hóp
- Forritunarfærni/reynsla
- Greiningar- og aðlögunarhæfni auk samviskusemi

Menntun/Reynsla
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun í .NET, C#, ASP.NET, CSS, javascript og HTML
- Þekking á fleiri forritunarmálum æskileg en ekki nauðsynleg s.s. Ruby, PHP, Java
- Þekking á Microsoft SQL, SQL málinu og TSQL málinu sérstaklega, æskileg

Spurningum varðandi störfin svarar Snorri Jónsson starfsmannastjóri í síma 550 9600 og um tölvupóst, snorri@creditinfo.is.

Umsóknum ásamt ferilskrá og staðfestingu á menntun skal senda á atvinna@creditinfo.is, merkt Hugbúnaðarsérfræðingur.

Creditinfo
www.creditinfo.is

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Sími: 550 9600
Fax: 550 9601

Starfsmaður í atferlismeðferð

Óskum eftir að ráða starfsmann í atferlisþjálfun með einhverfu barni.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu/menntun við hæfi, t.d. sálfræðinemi, þroskaþjálfi eða hafi unnið við atferlismeðferð áður. Unnið er undir handleiðslu Greiningarstöðvar Ríkissins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða 50-100% starf.

Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2012

Nánari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir leikskólastjóri í síma 578 1220 eða á netfangið: ida@sjaland.is. Einnig er hægt að sækja um á vefslóðinni www.sjaland.is

LEIKSKÓLINN SJÁLAND
- náttúruleg gleði

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

Toyota Kópavogi
leitar að söluráðgjafa Nýrra bíla

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf.

Starfssvið:
- Sala nýrra bíla
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Frágangur á sölu

Hæfniskröfur:
- Mikil þjónustulund og fagmennska
- Þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af sölumennsku
- Þekking á Word og Excel

Vinnutími er mánudaga – föstudaga frá kl. 9-18

Toyota leggur mikla áherslu á þarfir og ánægju viðskiptavina. Við kappkostum að ráða til okkar hæfa einstaklinga hverju sinni sem hafa mikinn metnað og falla vel inn í þá samhentu liðsheild sem fyrir er hjá fyrirtækinu.

Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 27.febrúar n.k.

Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is.
Nánari upplýsingar veitir Metta Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is

Ert þú leiðtogi?
Sixt á Íslandi leitar að rekstrarstjóra

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi þar sem viðkomandi gefst tækifæri til að sýna leiðtogahæfileika. Starf rekstrarstjóra heyrir undir framkvæmdastjóra. Viðkomandi er ábyrgur fyrir starfsstöðvum og starfsfólki Sixt í Reykjavík og Keflavík. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og lipurð í mannlegum samskiptum.

Hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af stjórnun vaktavinnustaða er kostur
- Góð tungumálakunnátta

Umsóknir berist til Sixt rent a car, Borgartúni 33, 105 Reykjavík eða á tölvupóstfangið **gudmundur@sixt.is** fyrir mánudaginn 27. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Orri Sigurðsson.

Sixt er stærsta bílaleiga Þýskalands, stofnuð 1912, og hefur 3500 afgreiðslustaði í yfir 110 löndum. Sixt á Íslandi hefur starfsstöðvar í Reykjavík og Keflavík. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti undanfarin ár með hátt þjónustustig að leiðarljósi.

Sixt rent a car - Borgartúni 33 - 105 Reykjavík
540 2220 - www.sixt.is - sixt@sixt.is

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

BETONGPARTNER

Verkefnastjórar óskast til Noregs!

BetongPartner AS er hluti ChristiePartner AS samsteypunnar í Noregi. BetongPartner er staðsett í Måndalen í Rauma í Mæri og Romsdalsfylki. Starfsmenn eru um 40 og velta ársins 2011 voru rúmir 2 milljarðar íslenskra króna. BetongPartner er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu steyptra mannvirkja.

Verkefnastjórar (Proskektledere)
BetongPartner óskar eftir að ráða til starfa íslenska verkfræðinga, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga með reynslu úr byggingariðnaði. Reynsla af steypuverkefnum æskileg. Fulltrúi fyrirtækisins mun taka viðtöl við umsækjendur á Íslandi í lok febrúar í samvinnu við norsku starfsmannamiðlunina AM Direct AS.

Starfið
Starfið felst í alhliða verkefnastjórn þar með talin ábyrgð á undirbúningi, skipulagi og framkvæmd einstakra byggingarverkefna í samvinnu við aðra stjórnendur fyrirtækisins. Meðal verkefna eru útreikningar vegna tilboðsgerðar, samningagerð, gerð aðfanga- og verkefnaáætlana, eftirfylgni á verkstöðum, ábyrgð á gæðamálum og vinnuöryggismálum.

Í starfinu felst náið samstarf með verkkaupum, undirverktökum, birgjum, ráðgjöfum og öðrum fyrirtækjum innan ChristiePartner samsteypunnar.

Staðsetning
Höfuðstöðvar BetongPartner er í Måndalen en fyrirtækið vinnur að verkefnum víðs vegar um Noreg og því má gera ráð fyrir vinnuferðum á ólíka starfsstaði í Noregi.

Starfsþróun
Sem verkefnastjóri hjá BetongPartner mundu eiga kost á að móta þitt eigið starf og þróa faglega og persónulega eiginleika þína í góðu samkeppnishæfu starfsumhverfi innan ChristiePartner samsteypunnar.

Umsóknir og umsóknarfrestur.
Umsókn ásamt ferliskrá (CV), prófskírteinum ásamt einkunnum, réttindaskírteinum, umsögnum fyrri vinnuveitenda og ábending um 2 umsagnaraðilja berist í netfangið hallur@amdirect.no ekki síðar en 24. febrúar 2012.

Fulltrúar BetongPartner As. og AM Direct As. munu boða umsækjendur í viðtal dagana 28. og 29. febrúar.

AM Direct A.s
- når du trenger fagfolk

Sumarstarf

Óskum eftir að ráða í starf umsjónarmanns Delta Airlines á Keflavíkurflugvelli sumarið 2012.

Starfið felur í sér daglega umsjón með flugi og samskipti við þjónustuaðila og birgja í samráði við stöðvarstjóra.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Hæfniskröfur: Góð ensku- og tölvukunnátta, stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar. Lágmarksaldur 25 ár. Reynsla á flugtengdri starfsemi skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2012.
Sótt er um starfið á www.airportassociates.com

Airport Associates
-at your service!

Óskum eftir kælivirkja

Kælismiðjan Frost ehf. óskar eftir kælivirkja með starfsstöð í Garðabæ.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af vinnu við kælikerfi og sé með iðnmenntun sem nýtist í starfi.

Getum tekið nema á samning í vélvirkjun sem og rafvirkjun.

Starfssemi Frost fellst í hönnun og uppbyggingu nýrra kæli– og frystikerfa sem og viðhaldi og þjónustu á eldri kerfum.

Hjá fyrirtækinu starfa 33 eldhressir Frostarar.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Starfssvið:

- **Uppsetning nýrra kerfa**
- **Breytingar á kerfum**
- **Þjónusta samkvæmt verkferlum**
- **Bakvaktarþjónsta**

Umsókn sendist á frost@frost.is

Nánari upplýsingar eru á www.frost.is

FROST
Fagmennska í fyrirrúmi

Kokkur óskast

EFLA verkfræðistofa leitar að þjónustulunduðum einstaklingi í mötuneyti fyrirtækisins að Höfðabakka 9.

Meðal verkefna eru:

- Hádegisverður
- Umsjón með fundaveitingum
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal
- Umsjón með kaffistofum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Vanur matreiðslumaður
- Reynsla og þekking úr sambærilegum störfum
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal senda til Ástu Bjarkar Sveinsdóttur, starfsmannastjóra, asta.bjork.sveinsdottir@efla.is, fyrir 27. febrúar.

Einnig veitir Ásta Björk nánari upplýsingar í síma: 412 6041

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 200 samhentra starfsmanna.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

Capacent Ráðningar

SÖLURÁÐGJAFI

OPTIMA

Optima óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf söluráðgjafa. Í boði er krefjandi starf enda um mjög flókin tæki að ræða. Aðeins aðilar sem hafa reynslu af þessari starfsemi koma til greina.

Starfssvið:
- Sala á tækjum, t.d. prenturum, skönnum og ljósritunarvélum
- Ráðgjöf varðandi búnað og hugbúnað
- Verkefnaöflun og kynningar á þjónustu
- Tilboðs- og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði tölvu-, tækni- eða markaðsmála
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði mjög æskileg
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði

Lykileiginleikar viðkomandi eru sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni og miklir söluhæfileikar. Viðkomandi verður að hafa framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

NÁMSGAGNASTOFNUN

Tölvunarfræðingur – forritari

Námsgagnastofnun óskar eftir að ráða tölvunarfræðing, eða einstakling með sambærilega menntun, í hálft starf nú þegar. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða kunnáttu í vefsmíði og forritun. Reynsla af forritun flókinna verkefna er nauðsynleg. Reynsla af kennslu í grunnskólum, námsefnisgerð eða skólastarfi almennt er æskileg.

Um er að ræða starf við gerð og útgáfu stafræns námsefnis á vef Námsgagnastofnunar í samstarfi og samráði við ritstjóra stofnunarinnar.

Námsgagnastofnun er leiðandi á sviði námsefnisútgáfu á Íslandi og leggur metnað sinn í að gefa út fjölbreytt og vandað námsefni fyrir grunnskóla. Útgáfa námsefnis á stafrænu formi er vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu á reyklausum vinnustað. Laun eru samkvæmt kjarasamningum BHM og stofnanasamningi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veita Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri og Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri í síma 535 0400 eða í tölvupósti ingibjorg@nams.is og tryggvi@nams.is

Umsóknum ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum skal koma til Námsgagnastofnunar, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi, í síðasta lagi 27. febrúar. Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

REYKJALUNDUR endurhæfing

Iðjuþjálfun

Laus er til umsóknar staða sviðsstjóra í iðjuþjálfun á hjartasviði. Sviðsstjóri ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd iðjuþjálfunar á sviðinu í samráði við forstöðuiðjuþjálfa.

Hæfnikröfur: Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Æskilegt er að sviðstjóri hafi að lágmarki 3 ára starfsreynslu, góða skipulagshæfileika og færni í samskiptum.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Kynntu þér málið, hafðu samband:
Nánari upplýsingar veitir Lilja Ingvarsson forstöðuiðjuþjálfi í síma 585-2153 liljaing@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 5.3.2012
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000
www.reykjalundur.is

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Deildarlæknar í starfsnámi í lyflækningum

Störf deildarlækna í starfsnámi í almennum lyflækningum á lyflækningasviði Landspítala eru laus til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin á tímabilinu 1. júní til 1. september 2012 eða eftir samkomulagi, í eitt ár í senn.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að byggja upp sérnám í almennum lyflækningum í samvinnu við sérfræðilækna og námslækna. Með ráðningu skrifstofustjóra almennra lyflækninga og ráðningu sérfræðilæknis í almennum lyflækningum hefur sérnámið ennfremur verið eflt. Í náminu felst starfsþjálfun sem fer fram á legu-, dag- og göngudeildum lyflækningasviðs. Sérnámslæknir getur lokið mest 3 árum í þjálfun til almennra lyflækninga á Landspítala.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Þjálfun í almennum lyflækningum með starfi við móttöku og umönnun legusjúklinga
- Þátttaka í kennslu-, fræðslustarfi og vísindarannsóknum
- Þátttaka í dag- og göngudeildarstarfi

Hæfnikröfur
- Almennt lækningaleyfi
- Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnáms í almennum lyflækningum
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2012.
- Upplýsingar veita umsjónardeildarlæknarnir Geir Hirlekar og Ólöf J. Kjartansdóttir, umsjonarlaeknar@gmail.com ásamt Má Kristjánssyni, yfirlækni, framhaldsmenntunarstjóra lyflækningasviðs, netfang markrist@landspitali.is, sími 543 1000.
- Með umsókn skal leggja fram ferilskrá ásamt gögnum um rannsóknir og ritsmíðar og afrit af prófskírteinum og lækningaleyfi.
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Má Kristjánssyni, yfirlækni, LSH C9 Fossvogi.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Vínbúðin Akureyri

Aðstoðarverslunarstjóri

Starfssvið
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur
- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og er kunnátta í Navision æskileg

Gildi ÁTVR eru **LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ**. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar veita:
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinbudin.is**

HAGVANGUR

VÍNBÚÐIN vinbudin.is

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

comoYo™

Comoyo AS is a Telenor subsidiary located in the Oslo area that builds and delivers internet based services to the consumer market. Our major distribution is through Telenor's large operators globally and typically we provide communication services, streaming TV / film services, music streaming and storage.

We strive for an agile and innovative work environment, where customer experience and scalability is key.

Software Engineers

Comoyo is looking for both junior and senior Software Engineers to design, implement and run world-class internet services.

Skills and requirements
Candidates should have a Master's degree in Computer Science or equivalent. The ideal candidate has product developement experience building dependable, large scale distributed software systems. In addition to outstanding problem-solving and algorithm skills, the candidate should be proficient in all areas of software developement.

Technologies
Knowledge and experience in the following technologies is considered a plus: UN*X. Java, Networked services (HTTP / REST, Thrift, Avro), NoSQL (Cassandra, Hadoop) search (Lucene, Solr), distributed, and cloud computing.

We receive applications until **February the 27th.**

Please fill out an application at www.hagvangur.is.

For further information please contact:

Brynhildur Halldórsdóttir, brynhildur@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

NÁMSGAGNASTOFNUN

Útgáfustjóri

Námsgagnastofnun óskar eftir að ráða útgáfustjóra frá 1. maí nk. Leitað er að áhugasömum og drífandi einstaklingi með frábæra skipulags-, stjórnunar- og samskiptahæfileika.

Starfssvið
Útgáfustjóri stýrir starfsemi námsefnissviðs. Hann tekur þátt í yfirstjórn Námsgagnastofnunar og annast áætlanagerð, mat á aðsendu efni og tilboðs- og verksamningagerð í samstarfi við aðra. Hann hefur eftirlit með framvindu verkefna og yfirumsjón með ritstjórn, hönnun og framleiðslu efnis. Útgáfustjóri annast einnig ritstjórn.

Hæfniskröfur
Gerð er krafa um háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfinu, kennaramenntun og kennslureynslu. Víðtæk þekking á íslenskum grunnskólum og reynsla af ritstjórn og útgáfustörfum æskileg. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg svo og góð tungumálakunnátta (enska og Norðurlandamálin). Áskilin er mjög góð færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til tjáningar bæði í ræðu og riti.

Námsgagnastofnun er leiðandi á sviði námsefnisútgáfu á Íslandi og leggur metnað sinn í að gefa út fjölbreytt og vandað námsefni fyrir grunnskóla. Útgáfa námsefnis á stafrænu formi er vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu á reyklausum vinnustað. Laun eru samkvæmt kjarasamningum BHM og stofnanasamningi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veita Eiríkur Grímsson starfsmannastjóri og Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri í síma 535 0400 eða í tölvupósti eirikur@nams.is eða ingibjorg@nams.is

Umsóknum ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum skal koma til Námsgagnastofnunar, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi fyrir 6. mars nk. Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-0124

Ertu með hvelin klár?

– Við þurfum þau bæði

Hægra heilahvelið fær snilldarhugmynd sem vinstra hvelið forritar og útskýrir. Það hægra tryggir síðan að þú ratir að tölvunni.

Advania leitar að öflugum mannskap. Viðskiptavinir okkar skipta tugþúsundum og við bjóðum fyrirtækjum og einstaklingum heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu.

Við erum skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni og störfum hér heima, í Noregi, Svíþjóð og Lettlandi. Kúltúrinn er frjálslegur, vinnutíminn sveigjanlegur og vinnuaðstaðan frábær. Gildi Advania eru ástríða, snerpa og hæfni.

Forritarar í Microsoft SharePoint og CRM

Um er að ræða vinnu með öflugum hópi hugbúnaðarsérfræðinga í fjölbreyttum þróunarverkefnum. Háskólapróf í tölvunarfræði æskilegt, sem og þekking og reynsla af Visual Studio og forritun í .NET umhverfi.

Ráðgjafar í Microsoft SharePoint og CRM

Um er að ræða krefjandi og skemmtileg verkefni þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og dugnað. Þekking á SharePoint og/eða CRM er æskileg auk reynslu af ferlagreiningum og gerð kröfulýsinga.

Viðskiptastjóri lykilviðskiptavina

Hlutverk viðskiptastjóra (key account manager) er að sinna afmörkuðum hópi viðskiptavina. Hann ber ábyrgð á samskiptum og samræmingu aðgerða, beinni sölu, samningagerð og eftirfylgni verkefna.

App forritarar

Við leitum að snjöllum aðilum með brennandi áhuga til að vinna við forritun á snjallsíma og spjaldtölvulausnum (iOS og Android). Hugmyndaauðgi og haldgóð reynsla af app-forritun æskileg.

Forritari veflausna

Hér leitum við að snillingum í forritun og uppsetningu vefja fyrir stóran hóp viðskiptavina. Gott vald á m.a. . NET, CSS, HTML, XML, JavaScript og jQuery nauðsynlegt. Áhugi og ástríða fyrir vefmálum er skilyrði.

Sölusérfræðingur hýsingar- og þjónustulausna

Starfið felst í sölu, kynningum, samningagerð og samskiptum við viðskiptavini og vörustjóra lausnanna. Góðrar þekkingar á hýstum lausnum er krafist og ekki sakar brennandi áhugi á upplýsingatækni.

Sölusérfræðingur net- og samskiptalausna

Starfið felst í sölu, kynningum, samningagerð og samskiptum við viðskiptavini og birgja. Yfirgripsmikillar þekkingar á net- og/eða samskiptalausnum er krafist og ekki sakar að hafa brennandi áhuga á upplýsingatækni.

Sérfræðingur í viðskiptakerfinu Oracle

Starfið felst í uppsetningu, innleiðingu, ráðgjöf og verkefnastjórnun fyrir viðskiptavini bæði hér heima og erlendis. Reynsla og þekking á Oracle viðskiptakerfum er skilyrði.

Viltu vita meira?

Á **advania.is** er tekið við umsóknum auk þess sem lesa má meira um hæfniskröfur og lýsingu á hverju starfi fyrir sig. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar n.k. Öllum umsóknum verður svarað og er fullum trúnaði heitið. Nánari upplýsingar veitir Unnur Flygenring (unnur.flygenring@advania.is)

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

Isavia

óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf ***hugbúnaðarsérfræðings*** *innan ATM kerfa á Reykjavíkurflugvelli*

12-0429 - HVITA HÚSIÐ / SÍA

>> Starfssvið

- Helstu verkefni felast m.a. í uppsetningu, eftirliti og viðhaldi kerfa.
- Fyrirbyggjandi viðhald, greining bilana og ákvörðun viðbragða við þeim.
- Forritun vegna viðhaldskerfa í notkun.
- Þarfagreining vegna nýrra verkefna.
- Gerð kerfislýsinga vegna áætlanagerða og mat á umfangi verkefna, uppsetning og prófun á hugbúnaði og fleiri verkefni.
- Starfið er ýmist unnið á dagvöktum eða á virkum dögum.

>> Hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun og að lágmarki þriggja ára reynslu við forritun.
- Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, sýnir frumkvæði í starfi, er skipulagður og getur unnið undir álagi.

Krafa er um að umsækjendur búi á höfuðborgarsvæðinu vegna bakvakta.

>> Umsóknir

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Hauksson, deildarstjóri í síma **424-4207** eða í tölvupósti **sigurdur.hauksson@isavia.is**

Umsóknum skal skila á rafrænu formi **www.isavia.is/atvinna**. Umsóknarfrestur er til **29. febrúar**.

>> Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna.

Hjá Isavia starfa um 630 manns. Auk þess starfa um 130 manns hjá Fríhöfninni og um 30 hjá Tern, dótturfélögum Isavia. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands- jafnt sem millilandaflug auk yfirflugþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

Employment Opportunity in Norway

Taste of North As is one of the leading producers of fish products in Tysfjord in Nordland, Norway. We are looking for a qualified, self motivated person to be employed at our factory in the position of

Accountant / Controller

Duties and Responsibilities.
All book keeping and preparation of Final Accounts
Preparation and maintain the payroll
Maintain and update Stocks
Have the control of Product labels and the Transport
General office work

Qualifications and Experiences.
University Degree in Accountancy and Finance or any other equitant qualification as an Accountant.
Fluency in both oral and written Norwegian and English languages.
Ability to work independently in a pressurize environment with positive attitude.
Previous experience as an Accountant in a production environment will be an advantage.

Remunerations and Benefits.
Attractive salary and Family accommodation will be offered to the right candidate according to the Norwegian law of labor.
Interested personals should send their detailed CV together with the application in Norwegian or English within 07 days of this advertisement to the following e-mail address.

taste of north

Tel. +47 75 77 53 90 - Fax. +47 75 77 53 91
E-mail: post@tasteofnorth.no
www.tasteofnorth.no
Taste Of North AS, Korsnes,
N-8275 Storjord i Tysfjord, Norway.

ARMAR JARÐVÉLALEIGA

Óskum eftir starfsmanni í fullt starf á verkstæði okkar í Miðhrauni í Garðabæ. Um er að ræða viðgerðir og viðhald á vörubílum, búkollum, jarðýtum, gröfum, völturum og öðrum jarðvinnutækjum. Viðkomandi þarf því að hafa reynslu af viðgerðum á þungavinnuvélum.

Hæfniskröfur :

- Æskilegt að viðkomandi sé vélvirki eða sambærilegt.
- Meirapróf og réttindi á þungavinnuvélar.
- Nauðsynlegt að viðkomandi geti unnið sjálfstætt og hafi reynslu af notkun viðgerðarhandbóka og sé fær um að lesa glussa- og rafmagnsteikningar.

Skilyrði:
Reglusemi, stundvísi, góð umgengni og góð mannleg samskipti.

Góð laun í boði - góður vinnustaður
Áhugasamir hafið samband á skrifstofutíma (08:00 – 17:00) við Auðunn í síma 660-1700.



ARMAR
JARÐVÉLALEIGA

Armar ehf.
Flatahrauni 25
220 Hafnarfjörður
Sími 565 4646
Fax 534 4320
www.armar.is

Allskonar fræðingar til Noregs!

Ertu verkfræðingur, tæknifræðingur, byggingarfræðingur, vélfræðingur, tölvunarfræðingur, kerfisstjóri, vélstjóri eða rafvirki og beinir sjónum þínum að atvinnutækifærum í Noregi?

Ef svo þá óskar norska starfsmannamiðlunin AM Direct eftir atvinnuumsókn frá þér!

Einnig ef þú ert smiður með réttindi því brátt fer að vora í Noregi og þá fer spurn eftir góðum smiðum að aukast á ný!

AM Direct vinnur með fjölda fyrirtækja í Noregi á hinum ýmsu sviðum ekki hvað síst í byggingariðnaði og fyrirtækjum tengdum olíuvinnslu.

AM Direct hefur milligöngu um að útvega norskum fyrirtækjum hæft starfsfólk.

AM Direct hefur nú styrkt Íslandshluta starfsemi sinnar og hyggst leggja aukna áherslu á að útvega íslensku fagfólki atvinnu við hæfi í Noregi.

Því er ekki úr vegi að senda umsókn á netfangið hallur@amdirect.no .

Umsókninni skal fylgja ferilskrá, prófskírteini ásamt einkunnum, réttindaskírteini, umsagnir fyrri vinnuveitenda og ábending um 2 umsagnaraðilja.

AM Direct A.s
- når du trenger fagfolk

ditt apotek

Laus staða lyfjafræðings

Ditt Apotek er samstarfsverkefni sjálfstæðra apóteka í Noregi þar sem frelsi og valmöguleikar eru hafðir að leiðarljósi.
Fjórar keðjur eru nú ríkjandi á norskum lyfjamarkaði en Ditt Apotek er eina keðjan þar sem sjálfstæð apótek vinna saman að markaðsmálum og eiga samstarf um innkaup á vörum og lyfjum.
Tæplega sextíu apótek eiga nú aðild að Ditt Apotek keðjunni.

Um Sola Apotek
Ditt Apotek, Sola Apotek, er í eigu Straen Sykepleiesenter AS sem er leiðandi í sölu á hjúkrunarvörum í Rogalandi. Straen Sykepleiesenter á einnig Ryfylke Apotek þar sem 2 íslenskir lyfjafræðingar vinna. Straen Sykepleiesenter er í eigu NorEngros Kjosavik AS (sem er stór heildsala og þjónustuaðili fyrir læknastofur og önnur fyrirtæki).
Sola Apotek AS var opnað í nóvember 2010 og gengur vel.
Við leitum þess vegna að lyfjafræðingi sem getur stuðlað enn frekar að því jákvæða orðspori sem Sola Apotek nýtur í samfélaginu í dag.
Apótekið er í Sola í um 10 mínútna keyrslu frá miðbæ Stavanger og Sandnes.
Í sveitarfélaginu Sola búa um 23.000 manns og fer fjölgandi. Á Stavangersvæðinu búa um 300.000 manns. Stavanger er stundum kölluð olíuhöfuðborg Noregs vegna þess að um 40% olíufyrirtækja Noregs hafa höfuðstöðvar sínar á því svæði.

Afgreiðslutímar apóteksins
Mánudaga til föstudaga 9:00-17:30
Laugardaga 10:00-15:00

Menntun umsækjanda
Lyfjafræðingur.
Leyfi til að vinna í Noregi er hægt að útvega í samvinnu við vinnuveitanda.

Eiginleikar
Við leitum eftir opinni og jákvæðri manneskju með getu til að starfa sjálfstætt og í samstarfi við aðra.
Lögð er áhersla á að umsækjandi sé skipulagður og hafi góða framkomu og þjónustulund.
Norskunámskeið er hægt að útvega í samvinnu við vinnuveitanda.

Við bjóðum
Framtíðarstarf i 100% stöðu. Lyfjafræðingur vinnur 39 klst á viku.
Ef umsækjandi hefur frekar áhuga á hlutastarfi þá kemur það einnig til greina.
Góð laun í boði.
Tækifæri til að þroskast bæði faglega og persónulega.
Spennandi og fjölbreytt starf.

Umsóknarfrestur
Umsóknir þurfa að berast fyrir 1.mars en því fyrr sem umsókn berst því betra.

Tengiliður
Ásdís María Franklín, lyfsöluleyfishafi í Ryfylke Apotek
00-47- 40 57 45 49 (GSM)
00-47- 51 72 09 90 (Vinnusími)
00-47- 51 11 16 15 (Heimasími)

ryfylke@apotek.no

Landslagsarkitekt

EFLA verkfræðistofa leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í spennandi verkefnum á sviði umhverfis-, skipulags og samgöngumála.
Í starfinu felst m.a. gerð skipulagsáætlana, þátttaka í mati á umhverfisáhrifum, landslagshönnun og hönnunarvinna í samstarfi við ýmis fagsvið EFLU ásamt uppbyggingu og umhirðu grænna svæða.

Hæfniskröfur:

- Landslagsarkitekt.
- Reynsla af gerð skipulagsáætlana og þekking á umhverfismati áætlana.
- Haldgóð reynsla og þekking af uppbyggingu og umhirðu grænna svæða. Góð þekkingu á gróðri og ræktun mikilvæg.
- Góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð þekking á Norrænum tungumálum mikilvæg.

Frekari upplýsingar veitir Ólafur Árnason, sviðsstjóri, Skipulagsmál.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal senda til Ástu Bjarkar Sveinsdóttur, starfsmannastjóra, asta.bjork.sveinsdottir@efla.is, fyrir 27. febrúar.

Einnig veitir Ásta Björk nánari upplýsingar í síma: 412 6041

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 200 samhentra starfsmanna.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

Isavia

*óskar eftir að ráða sérfræðing í **net-, fjölsíma- og fjarskiptakerfum***

>> Starfssvið

Starfið felst meðal annars í uppsetningu og viðhaldi á net- , fjölsíma- og fjarskiptakerfum í flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkurflugvelli og fjarskiptastöðinni í Gufunesi.

>> Hæfniskröfur

- >> Rafeindavirkjun, rafiðnfræði, tæknifræði eða sambærilegt nám.
- >> Þekking á uppbyggingu og rekstri almennra fjarskipta- og tölvukerfa.
- >> Reynsla af rekstri Windows og Linux tölvukerfa og TCP/IP samskiptum svo sem CCNA námskeið.
- >> Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, sýnir frumkvæði í starfi, er skipulagður og getur unnið undir álagi.

Starfið krefst bakvakta og viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

>> Umsóknir

Frekari upplýsingar um starfið gefur Þorsteinn Jóhannesson deildarstjóri í síma **424-4145** eða í tölvupósti **thorsteinn.johannesson@isavia.is.**

Umsóknum skal skila á rafrænu formi **www.isavia.is/atvinna**. Umsóknarfrestur er til **29. febrúar**.

>> **Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.**

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna.

Hjá Isavia starfa um 630 manns. Auk þess starfa um 130 manns hjá Fríhöfninni og um 30 hjá Tern, dótturfélögum Isavia. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsjafnt sem millilandaflug auk yfirflugþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

12-0429 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Sérfræðingur á rannsóknarstofu

Norðurál á Grundartanga óskar að ráða sérfræðing í efnagreiningum

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á margþættum verkefnum. Um framtíðarstarf er að ræða.

Verksvið og ábyrgð
- Umsjón með sýnatökum og þátttaka í sértækum efnagreiningum
- Eftirlit með gæðum og undirbúningi sýna
- Þátttaka í úrvinnslu gagna og skýrslugerð varðandi umhverfismál
- Þátttaka í eftirliti með losun efna af starfssvæði, grænt bókhald
- Ritun verklagsreglna og vinnuleiðbeininga og regluleg endurskoðun þeirra
- Staðgengill deildarstjóra rannsóknarstofu

Hæfniskröfur
- BSc próf í efnafræði, eðlisfræði eða líffræði
- Nákvæmni, metnaður og ögguð vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á töluðu og rituðu máli bæði á íslensku og ensku
- Sterk öryggisvitund

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars n.k.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar F. Björnsson framkvæmdastjóri umhverfis- og verkfræðisviðs í síma 430 1000.

Leggja skal inn umsókn á **www.nordural.is.**
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

NORÐURÁL Century ALUMINUM

Hagsýni - Liðsheild - Heilindi

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Starfsmenn eru á sjötta hundrað, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfar fjöldi sérfræðinga með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.nordural.is

Sumarstarf

Óskum eftir að ráða í starf umsjónarmanns Delta Airlines á Keflavíkurflugvelli sumarið 2012.

Starfið felur í sér daglega umsjón með flugi og samskipti við þjónustuaðila og birgja í samráði við stöðvarstjóra.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Hæfniskröfur: Góð ensku- og tölvukunnátta, stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar. Lágmarksaldur 25 ár. Reynsla á flugtengdri starfsemi skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2012.
Sótt er um starfið á www.airportassociates.com

Airport Associates
-at your service!

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Deildarlæknir í starfsnámi á myndgreiningardeild

Laust er til umsóknar 100% starf deildarlæknis í starfsnámi á myndgreiningardeild Landspítala. Starfið veitist frá 1. apríl 2012 eða eftir nánara samkomulagi.
Boðið er uppá 6 eða 12 mánaða ráðningu. Fyrir þá sem hafa hug á sérfræðinámi í myndgreiningu er boðið upp á allt að tveggja ára starf sem nýtist til sérnáms.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Almenn störf deildarlæknis á myndgreiningardeild Landspítala
- Þátttaka í kennslu og þjálfun læknanema
- Þátttaka í rannsóknarvinnu

Hæfnikröfur
- Íslenskt lækningaleyfi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2012. Sótt er um rafrænt á vefsíðu www.landspitali.is, þar sem fram koma nánari upplýsingar.
- Upplýsingar veitir Pétur Hörður Hannesson, yfirlæknir, netfang peturh@landspitali.is, sími 543 1000.
- Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá. Ráðning í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

SUMARSTÖRF 2012

Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.

Um er að ræða landvörslu, upplýsingagjöf og afgreiðslu, afgreiðslustörf í veitingasölu, ræstingar og almenn verkamannastörf.

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í veitingasölu.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn í Hornafirði:** Landvörður.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í almenn störf.
- **Herðubreiðarlindir, Drekagil og Askja:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri**: Starfsfólk í upplýsingagjöf, afgreiðslu og ræstingar.
- **Snæfell:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs.
- **Kverkfjöll:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðafélag Húsavíkur.
- **Hvannalindir:** Landvörður.
- **Hólaskjól, Nýidalur og Lakagígar:** Landverðir.

Ofangreind störf eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemmri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Ítarlegri upplýsingar um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; **www.vjp.is** og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars n.k. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsokn@vjp.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.

PORT hönnun

NORÐLENSKA

Norðlenska er eitt stærsta og öflugasta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins, með stórgripasláturhús og kjötvinnslu á Akureyri, sauðfjársláturhús og kjötvinnslu á Húsavík, sauðfjársláturhús á Höfn og söluskrifstofu í Reykjavík. Starfsmenn eru um 180 talsins og um 320 meðan á sauðfjársláturtíð stendur. Meðal þekktustu vörumerkja Norðlenska eru Goði, KEA, Húsavíkur hangikjöt og Bautabúrið.

Sölumaður á Akureyri

Við óskum eftir að ráða sölumann á Akureyri. Sölumaðurinn mun bera ábyrgð á sölu og þjónustu við einstakar verslanir og heyrir undir sölustjóra sem hefur aðsetur í Reykjavík.

Hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og fagleg framkoma
- Góð tölvu- og íslenskukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ingvar Már Gíslason Markaðstjóri í síma 840 8856 eða netfang ingvar@nordlenska.is . Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2012. Umsækjendur eru beðnir um að senda ferilskrá til Jónu starfsmannastjóra á netfangið jona@nordlenska.is. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Framkvæmdastjóri
Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) auglýsir stöðu framkvæmdastjóra fyrir starfsárið 2012-2013 lausa til umsóknar. Framkvæmdastjóri skal hafa yfirumsjón með bókhaldi og fjármálum ráðsins ásamt daglegum rekstri skrifstofu SHÍ auk annarra tilfallandi starfa í samráði við formann.

Framkvæmdastjóri skal uppfylla eftirfarandi hæfnisskilyrði:
- Áhugi á Stúdentaráði og málefnum stúdenta.
- Þekking og reynsla á fjármálum og bókhaldi.
- Reynsla af viðburðarstjórnun.
- Hæfileiki til að vinna með Stúdentaráðsliðum, starfsmönnum skrifstofu Stúdentaráðs og öðrum hagsmunaaðilum ráðsins.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Þekking á stjórnsýslu Háskóla Íslands er kostur.

Framkvæmdastjóri er ráðinn í 50% stöðu til eins árs í senn en með möguleika á endurráðningu. Laun hans fara eftir kjarasamningum VR og SA um skrifstofufólk eftir 3. ár í starfsgrein. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf strax.
Nánari upplýsingar um starfið fást hjá formanni Stúdentaráðs í síma 570-0850.

Umsókn skal skila skriflega ásamt ítarlegri ferilskrá merkt „Framkvæmdastjóri 2012-2013“ til:

Stúdentaráð Háskóla Íslands
Háskólatorgi
101 Reykjavík

eða í tölvupósti á netfang ráðsins: shi@hi.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2012.

SHÍ
Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hafnarsamlag Norðurlands

Hafnarsamlag Norðurlands bs. (Akureyrarhöfn) óskar eftir starfsmanni með skipstjórnarréttindi. Undir Hafnarsamlag Norðurlands bs. falla Akureyrarhöfn, Grenivíkurhöfn, Svalbarðsstrandarhöfn, Hjalteyrarhöfn, Hríseyjarhöfn og Grímseyjarhöfn.

Helstu verkefni eru:
- Stjórn hafnarbáta.
- Viðhald hafnarmannvirkja.
- Starf hafnarvarða við móttöku og brottför skipa, bæði á landi og á sjó og færslu innan hafnar.
- Vigtun sjávarafla og skrá í aflaskráningakerfi Fiskistofu.
- Reikningsfærsla á viðskiptavini hafnarinnar fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustugjöldum og öðru því sem tilheyrir reikningagerð.
- Eftirlit með aðgangsstýringu að hafnarsvæðinu.
- Eftirlit með að ákvæðum siglingaverndar sé framfylgt í samræmi við verndaráætlun hafnarinnar.
- Almenn og sérhæfð störf á starfssviði hafnarinnar sem til falla.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:
- 2. stigs skipstjórnarréttindi

Æskileg hæfni:
- Vélavarðaréttindi upp að 750 kv
- Góð enskukunnátta
- Færni og liðurð í mannlegum samskiptum

Starfið er lifandi og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félagi skipstjórnarmanna.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Hörður Blöndal, hafnarstjóri í síma 460-4201, netfang: hordur@port.is

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2012

Would you like to work for the town of Akureyri?
Visit our webpage: www.akureyri.is/english

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Flugvirkjar
óskast til starfa – framtíðarstörf

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða flugvirkja til starfa í viðhaldsstöð félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Við leitum að öflugum samstarfsmönnum í frábæran hóp fagmanna sem sinna fjölþættum og krefjandi verkefnum.

Starfið:

Öll störf sem að starfsgreininni lúta og heyra undir viðhaldsdeild félagsins.

Hæfniskröfur:

Þarf að hafa lokið námi í flugvirkjun frá viðurkenndum skóla. Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki, góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar, dugnaður og áhugi á að takast á fjölbreytt starf og krefjandi verkefni. Reglusemi og árvekni.

Umsóknarfrestur er til **25. febrúar 2012.**
Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu félagsins www.flugfelag.is

Flugfreyjur/-þjónar
óskast – sumarstörf

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða flugfreyjur/-þjóna til sumarstarfa.

Hæfniskröfur:

Við leitum að fólki sem er jákvætt, framúrskarandi í mannlegum samskiptum, þjónustulundað, árvökult og reglusamt.

Starfsreynsla er æskileg. Góð tök á íslensku, ensku og dönsku eru nauðsynleg auk þess sem umsækjendur þurfa að hafa náð 23 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til **29. febrúar 2012.**
Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu félagsins www.flugfelag.is

ÍSLENSKA/AS/FLU 38482 02/12

Tvö störf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur um árabil verið leiðandi í kennslu og rannsóknum á endurnýjanlegri orku á Íslandi. Mikil tækifæri felast í rannsóknum og þróun á endurnýjanlegum orkugjöfum, bæði á Íslandi sem og á heimsvísu, og ljóst að sjálfbær orkunýting í sátt við umhverfi og samfélag mun verða eitt af stóru verkefnunum á þessari öld. Háskóli Íslands hefur því ákveðið að efla enn frekar rannsóknatengt framhaldsnám í endurnýjanlegri orku.

Lektor í vistvænni raforkuverkfræði

Laust er til umsóknar starf lektors á sviði vistvænnar orku við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands. Eitt mikilvægasta verkefni lektorsins verður að standa að uppbyggingu meistara- og doktorsnáms við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild á þessu sviði. Lektornum er einnig ætlað að sinna kennslu í grunnnámskeiðum í raforku og skyldum greinum.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í raforkuverkfræði eða skyldum greinum. Umsækjendur þurfa að auki að uppfylla skilyrði iðnaðarráðuneytisins fyrir löggildingu starfsheitisins verkfræðingur. Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes R. Sveinsson deildarforseti í síma 525 4689, netfang: sveinsso@hi.is.

Lektor í verkfræði á sviði endurnýjanlegrar orku

Við verkfræðideildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs er laust til umsóknar starf lektors í verkfræði. Starfið er á sviði orkumála með áherslu á endurnýjanlega orku. Lektornum er ætlað að taka þátt í uppbyggingu rannsókna, kennslu og meistara- og doktorsnáms á sviði orkuvirkjana, orkudreifingar, orkunýtingar og/eða umhverfisverkfræði orkumála. Lektornum er einnig ætlað að sinna kennslu í grunnnámi.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í verkfræði eða hafa lokið öðru sambærilegu námi. Þeir skulu búa yfir reynslu af rannsóknum og kennslu á sviði endurnýjanlegrar orku. Umsækjendur skulu uppfylla skilyrði iðnaðarráðuneytisins fyrir löggildingu starfsheitisins verkfræðingur. Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar í síma 525 4952, netfang: opp@hi.is.

Sjá nánar um störfin á www.starfatorg.is og www.hi.is.skolinn/laus_storf

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR \ TBWA • SÍA • 120561

Deildarstjóri við Öldrunarheimili Akureyrar

Vilt þú vera þátttakandi í spennandi uppbyggingu á þjónustu Öldrunarheimila Akureyrar?

Staða deildarstjóra í Furu - og Víðihlíð við hjúkrunarheimilið Hlíð á Akureyri er laus til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á heilbrigðis – eða félagsvísindasviði.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið framhaldsnámi í stjórnun, öldrunarfræðum eða öðru sambærilegu námi.
- Reynsla af stjórnun skilyrði.
- Áhersla er lögð á jákvæðni, frumkvæði, góða samskiptahæfileika og lausnarhugsun.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is þar sem einnig er sótt um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til 3. mars 2012

Akureyri ALL LIFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Skv SKAGAFJARÐARVEITUR ehf.

Útboð á borun vinnsluholu fyrir Skagafjarðarveitur ehf.

Verkið felst í borun 1100 m djúpar vinnsluholu í Hrolleifsdal fyrir hitaveituna á Hofsósi. Útboðsgögn fást á skrifstofu veitnanna að Borgarteigi 15, 550 Sauðárkróki, sími 455-6200.

Tilboðum skal skilað á sama stað fyrir kl. 11.00, 15. mars 2012 . Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 14.00

f.h. Skagafjarðarveitna ehf.
Páll Pálsson veitustjóri

SKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA GARÐABÆJAR

ÞÁTTTAKANDI Í MÓTUN SKÓLA- OG MENNINGARSAMFÉLAGS GARÐABÆJAR

Tónlistarskóli Garðabæjar

Í Tónlistarskóla Garðabæjar fer fram grunn-, mið- og framhaldsnám í hljóðfæraleik og söng. Nemendur skólans eru um 450. Leitað er að skólastjóra til að leiða þróttmikið skólastarf og virkja nemendur, starfsfólk og foreldra til að byggja upp enn betri skóla. Mikil áhersla er lögð á samleik og samsöng nemenda og starfandi eru blásarasveitir og strengjasveit, ásamt ýmsum samspilshópum. Skólinn er þekktur fyrir góðan árangur og hefur yfir að ráða reyndu starfsliði. Skólastjóri þarf að vera reiðubúinn til þess að taka þátt í að móta skóla- og menningarsamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar, stofnanir og félagasamtök í bænum.

Áherslur í skólastarfinu:
- Skapandi starf og öflug tónlistarkennsla
- Margbreytilegt, metnaðarfullt og sveigjanlegt starf
- Víð tónlistarleg sýn, fjölbreytt kennsla og verkefni sem stuðla að áhuga, vellíðan og árangri nemenda
- Skapa góðan starfsanda, sterka leiðsheild og metnað meðal starfsmanna
- Búa starfsmönnum öruggt og áhugavert starfsumhverfi og tækifæri til starfsþróunar
- Veita nemendum og foreldrum góða þjónustu

Starfssvið:
- Stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Veitir skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Leiðir samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Þátttaka í menningarlífi Garðabæjar

Menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólapróf, framhaldsmenntun á sviði tónlistar
- Menntun og reynsla í stjórnun og rekstri æskileg
- Reynsla af þróunarstarfi
- Reynsla af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi
- Metnaður, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Leitað er að einstaklingi sem hefur framúrskarandi samskiptahæfileika, er metnaðarfullur og vill ná árangri. Hann þarf að vera skapandi, hafa frumkvæði og geta bæði unnið sjálfstætt og í hópi.

Umsókn þarf að fylgja ferilskrá yfir nám og störf, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar. Einnig skal skila greinargerð sem lýsir framtíðarsýn umsækjanda á Tónlistarskóla Garðabæjar og hvernig viðkomandi hyggst vinna að þeirri framtíðarsýn á næstu árum. Umsækjendur koma til með að kynna hugmyndir sínar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf að hluta til í maí 2012 og taka formlega við starfinu 1. ágúst 2012.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2012.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Garðabæjar og fylla út almenna atvinnuumsókn á Mínum Garðabæ.

Upplýsingar um starfið veita forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Margrét Björk Svavarsdóttir í síma 525 8500 eða netfang margretsv@gardabaer.is og mannauðsstjóri Garðabæjar Vilhjálmur Kári Haraldsson í síma 525 8500 netfang vilhjalmurha@gardabaer.is.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sviðslistamenn	Þjóðleikhúsið	Reykjavík	201202/070
Deildarlæknar í starfsn. í lyflækn.	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201202/069
Aðstoðarlæknar, læknanemar	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201202/068
Sumarstörf	Vatnajökulsþjóðgarður	Umhverfi V.jök.	201202/067
Lektor í verkfræði	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201202/066
Lektor í vistvænni raforkuverkfræði	HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201202/065
Sæfingalæknir	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaey.	Vestmannaey.	201202/064
Lektor í lýðheilsuvísindum	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201202/063
Félagsráðgjafi við geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201202/062
Deildarlæknir við geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201202/061
Aðstoðarverslunarstjóri	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Akureyri	201202/060
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201202/059
Iðjuþjálfar	Landspítali, geðendurhæfing	Reykjavík	201202/058
Aðstoðarlæknir, læknanemi	Landspítali, myndgreiningardeild	Reykjavík	201202/057
Deildarlæknir í starfsnámi	Landspítali, myndgreiningardeild	Reykjavík	201202/056
Aðstoðarlæknar, læknanemar	Landspítali, skurðlækningasvið	Reykjavík	201202/055
Sérfræðilæknir	Landspítali, þvagfæraskurðlækn.	Reykjavík	201202/054
Sérfræðilæknir í lyflækningum	Landspítali, smitsjúkdómalækn.	Reykjavík	201202/053
Sjúkraliðar, starfsfólk í aðhlynningu	Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Siglufjörður	201202/052
Tölvu- og upplýsingaráðgjafi	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Reykjavík	201202/051
Félagsráðgjafi	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Reykjavík	201202/050
Útgáfustjóri	Námsgagnastofnun	Reykjavík	201202/049
Lögreglumenn, sumar	Lögreglustjórinn á Akureyri	Akureyri	201202/048

► **Finndu sköpunargáfu þinni farveg.** Þú vilt læra meira og nýta hæfileika þína í hópi frábærra fagmanna. Komdu til okkar sem störfum saman undir fána Brimborgar. Virkjum sköpunargáfuna saman. Sendu okkur þína umsókn og tölum svo saman.

Hugmyndin um að fá tískukónga í hönnunarsamvinnu við H&M vakti mikla athygli á sínum tíma. Slík samvinna hófst við Karl Lagerfeld árið 2004 og á eftir fylgdu Stella McCartney, Viktor & Rolf, Madonna, Roberto Cavalli, Comme des Garcons, Matthew Williamson, Jimmy Choo, Sonia Rykiel, Lanvin og Versace. Vinsældir H&M jukust enn. Viðskiptavinirnir biðu í röðum fyrir utan þær sérvöldu verslanir sem buðu vörurnar til sölu og þær seldust fljótt upp. Fræg tískublöð hafa fjallað um þessa samvinnu og birt myndir af tískuflíkunum. Stórstjörnur hafa klæðst fatnaði frá H&M verslanakeðjunni og á dögunum gekk kvikmyndaleikkonan Michelle Williams eftir rauða dreglinum á Bafta-kvikmyndahátíðinni í kjól frá H&M úr lúxuslínunni Conscious Collection sem er væntanleg á markað í vor. Fatnaðurinn í þessari línu er úr endurunnum efnum.

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

OPIÐ HÚS á Gigtarmiðstöðinni Ármúla 5
Í dag 18. febrúar milli kl. 13 og 16.

Gigtarfélag Íslands býður fólki að koma á OPIÐ HÚS á Gigtarmiðstöðinni að Ármúla 5, í dag 18. febrúar milli kl. 13 og 15.

Dagskrá:

1. Ávörp og fyrirlestrar
13:00 Einar S Ingólfsson formaður GÍ opnar húsið.
Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra ávarpar gesti.
13:15 Fyrirlestur um Gjörhygli „mindfulness“;
Bridget Ýr McEvoy verkefnastjóri hjúkrunar við heilsustofnunina í Hveragerði flytur.
13:45 Kynning á Tai Chi - vinnusmiðja; Anna Kristín Kristjánsdóttir sjúkraþjálfari flytur.

2. Kynning á starfi Gigtarmiðstöðvarinnar, vörukynningar fyrirtækja og kaffi á könnunni.

14:20 Kynnt verður sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, áhugahópar félagsins, hópþjálfun fótaaðgerðir, Gigtarlínan, fræðsla og ráðgjöf.

Vörukynningar: Eirberg, Iljaskinn, Lífsorka, Lýsi, Portfarma, Stoð, Varmahlífar Volcano Iceland, Öryggismiðstöðin og Össur.

Allir eru velkomnir.

Þegar Erling Persson stofnaði kvenfataverslunina Hennes, sem þýðir hennar, í fyrrum húsakynnum fiskverslunar í Västerås í Svíþjóð árið 1947 hefur hann varla grunað að 65 árum síðar myndi heimsfræg leikkona ganga eftir rauða dreglinum í kjól frá fyrirtæki hans, eins og Michelle Williams gerði á Bafta-hátíðinni á dögunum. Sennilega hefur hann heldur ekki grunað að H&M-verslanirnar yrðu orðnar um 2.500 í 43 löndum árið 2012 og að hjarta Íslendinga tæki kipp þegar hengdur var upp borði með tilkynningu um opnun slíkrar verslunar á Laugaveginum á dögunum.

Erling Persson, sem var sonur kjötkaupmanns, hafði fengið hugmyndina að stofnun verslanakeðju með kvenfatnað á lágu verði þegar hann var á ferð í New York og sá vöruhús með ódýrum fatnaði. Með aðstoð föður síns, sem seldi kjötbúðina sína, stofnaði Persson fyrstu Hennes-verslunina sama ár.

Það var ekki fyrr en fimm árum seinna, eða 1952, sem Hennes-verslun var opnuð í Stokkhólmi. Árið 1968 keypti Erling Persson verslunina Mauritz Widforss sem seldi veiðigræjur og herrafatnað. Nafni Hennes-verslunarinnar var breytt í Hennes & Mauritz, H&M, og nú bættist herra- og barnafatnaður við vöruúrvalið. Um þetta leyti voru verslanirnar í Svíþjóð orðnar um fimmtíu talsins.

Sama ár og fyrsta verslunin var stofnuð í Västerås fæddist Erling Persson sonurinn Stefan. Hann er sagður hafa kynnt sér ýmsar námsgreinar við Stokkhólmsháskóla og Háskólann í Lundi án þess að taka próf. Í staðinn sneri hann sér að námi innan fjölskyldufyrirtækisins og var sífellt látinn axla meiri ábyrgð.

Með ríkustu mönnum heims

Stefan Persson flutti til Lundúna um svipað leyti og H&M var skráð í kauphöllina í Stokkhólmi árið 1974. Í Lundúnum stofnaði hann fyrstu H&M-verslunina utan Skandinavíu. Örfáum árum síðar fékk hann sæti í stjórn fyrirtækisins og árið 1982 var hann gerður að nýjum framkvæmdastjóra þess. Þeirri stöðu gegndi hann til ársins 1998.

Þótt fyrirtækið væri vel rekið var það fyrstu árin eftir skráninguna í kauphöllinni of lítið til þess að vekja athygli stóru fjárfestanna.

Það var fyrst við lok síðari hluta tíunda áratugar síðustu aldar sem hjólin fóru að snúast. Þeir sem þá áttu mörg hlutabréf, fyrst og fremst fjölskyldan sjálf, stóðu þá vel að vígi. Nú á fjölskyldan nærri 40 prósent í fyrirtækinu og ræður yfir um 70 prósentum atkvæða í stjórninni. Stefan Persson var í fyrra í 13. sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn heims og voru eignir hans sagðar nema 24,5 milljörðum dollara eða rétt rúmum þremur þúsundum milljarða í íslenskum krónum.

Keypti heilt þorp í Englandi

Sænski blaðamaðurinn Bengt Ericson segir í bók sinni um nýju hástéttina í Svíþjóð, Den nya överklassen, að Stefan Persson hafi tileinkað sér hefð sem lengi hafi ríkt í Bretlandi, nefnilega að sýna ríkidæmi sitt með fjárfestingum í glæsilegum bústöðum. Í lok tíunda áratugar síðustu aldar keypti hann gamalt klaustur í Wiltshire, vestur af London. Landareignin er yfir fimm þúsund hektarar þar sem ræktaðir eru nautgripir af Aberdeen Angus kyni. Þar er jafnframt ræktað korn, meðal annars korn til bruggunar í eigin brugghúsi Stefans Persson, Ramsbury Estate Brewery. Bjórinn er sagður renna út á kránum á svæðinu.

Vorið 2009 bauð Persson í heilt þorp og hafði betur. Um er að ræða þorpið Linkenholt í Hampshire suðaustur af London. Þar með var Persson orðinn eigandi herragarðs, tuttugu annarra húsa, krikketvallar, veiðilendna og akurlendis. Kaupverðið var um sex milljarðar íslenskra króna. Ericsson segir The Sunday Times hafa giskað á að líklega hafi veiðiréttindi á svæðinu lokkað mest.

Konungshjónin í heimsókn

Þótt Persson hafi ekki sóst eftir sviðsljósinu hefur hann ekki verið feiminn við að bjóða til sín tignum gestum sem auðvitað hafa vakið athygli. Breskir fjölmiðlar greindu til dæmis frá heimsókn Karls Gústafs Svíakonungs og Silvíu drottningar og að þau hefðu farið á nálæga krá. Stefan Persson er reglulega á listanum yfir þá sem boðið er í veiðiferðir konungs í Svíþjóð því að þátttakendur í þeim eru ekki bara greifar og barónar heldur einnig auðjöfrar sem ekki eru af aðalsættum.

Stefan Persson tók ekki bara við H&M-veldinu af föður sínum heldur erfði hann sumarparadís á eyjunni Värmdö í skerjagarðinum við Stokkhólm. Þar hefur hann fært út kvíarnar, alveg eins og í fyrirtækjarekstrinum.

Sænskir fjölmiðlar hafa greint frá því að á Värmdö eigi fjölskyldan og ýmis félög í hennar eigu um 550 hektara af strandlengju, ökrum, skógi og vötnum auk lítils herragarðs, nokkurra glæsilegra einbýlishúsa og minni húsa.

Fjöldi stórra fasteigna í miðborg Stokkhólms er í eigu fasteignafélags Stefans Persson, Ramsbury Property, auk fasteigna á Oxford Street í Lundúnum og Champs-Élysées í París.

AUÐUGUR EIGANDI Stefan Persson, sonur stofnanda H&M, er í 13. sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn heims. Hér er hann við opnun H&M í París. NORDICPHOTOS/GETTY

H&M-fyrirtækið hefur sjaldan fjárfest í húsnæðinu sem verslanirnar sjálfar eru í. Húsnæðið hefur verið tekið á leigu og þar með hefur verið möguleiki til þess að hverfa fljótt af svæði sem af ýmsum ástæðum hefur ekki virkað.

Alltaf á vaktinni

Leyndarmálið á bak við velgengni H&M er sagt vera einfalt. Fyrirtækið fylgist með tískustraumunum öllum stundum, verði, gæðum og framleiðendum. H&M kaupir vörur af um 700 sjálfstæðum framleiðendum í Evrópu og Asíu. Eins og önnur alþjóðleg fyrirtæki sem láta framleiða vörur fyrir sig í Asíu hefur H&M sætt gagnrýni vegna aðstæðna hjá þeim sem þar starfa. Fyrir nokkrum dögum sögðu samtökin Asian Floor Wage Alliance vinnuaðstæður í Kambódíu brjóta gegn mannréttindum og að launin væru alltof lág. Talsmenn H&M segjast fagna öllum ábendingum um réttindi starfsmanna en ítreka að þeir krefjist þess að starfsmönnum séu greidd að minnsta kosti lögbundin lágmarkslaun. H&M, sem taki þátt í verkefninu Fair Wage Network, geti hins vegar ekki ráðið því hvaða laun séu greidd.

Starfsmenn H&M eru um 94 þúsund og velta verslanakeðjunnar í fyrra var rúmir tvö þúsund milljarðar íslenskra króna. Markmiðið hefur verið að fjölga H&M-verslununum um 10 til 15 prósent á ári víða um heiminn og auka samtímis söluna í öllum verslunum. Verkefnin eru ærin og á dögunum útilokaði nýi framkvæmdastjórinn, Karl-Johan Persson sem er sonur Stefans, ekki að opnaðar yrðu nýjar verslanakeðjur í stíl við verslanakeðjuna Cos sem er lúxusútgáfa af H&M en hún var opnuð í fyrra.

Karl-Johan Persson, sem sagður er kunna vel við sig á herragarðinum í þorpinu sem faðir hans keypti í Englandi, lýsti því yfir í viðtali við Expressen fyrr í þessum mánuði að hugmyndirnar flæddu innan H&M.

ERTU KLÁR Í VETRARFRÍIÐ?

NÚ ERU TÖSKUDAGAR Í EYMUNDSSON – TILBOÐ Á ÖLLUM FERÐATÖSKUM

travelite

Léttur ferðamáti

DELSEY

Athugið úrval er misjafnt eftir verslunum.

Töskur á mynd	Verð	Tilboð
Hliðartaska Portofino III	2.999	**2.699**
Ferðata Portofino III 51 cm	12.999	**11.699**
Ferðata Portofino III 61 cm	14.999	**13.499**
Ferðata Portofino III 71 cm	17.999	**16.199**

+5% aukaafsláttur vildarklúbbs-meðlima

Tilboð gildir til og með 21.02.12

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Skráðu þig í Vildarklúbb Eymundsson í næstu heimsókn. Það tekur augnablik og þú færð afsláttinn um leið.

Eymundsson

Bóksali frá 1872

VELKOMIN

Á HÁSKÓLASVÆÐIÐ LAUGARDAGINN 18. FEB. MILLI KL. 12 OG 16

KYNNTU ÞÉR NÁMSFRAMBOÐ OG SAMSTARF OPINBERU HÁSKÓLANNA

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI · HÁSKÓLI ÍSLANDS · HÓLASKÓLI – HÁSKÓLINN Á HÓLUM · LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

HÁSKÓLADAGURINN 2012
– SAMSTARF OPINBERU HÁSKÓLANNA

Á háskóladeginum 2012 kynna opinberu háskólarnir ótrúlega fjölbreytni í háskólanámi. Á fimmta hundrað námsleiðir eru í boði hjá þeim samanlagt. Meðal annars verða kynntir nýir möguleikar á að nýta sér námskeið við fleiri en einn opinberan háskóla samtímis.

Opinberu háskólarnir eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Þessir háskólar munu kynna námsframboð sitt og samstarf í Háskólabíói, en auk þess verður Háskóli Íslands með kynningar í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, á Háskólatorgi og í Öskju. Einnig munu Listaháskóli Íslands og Keilir kynna námsleiðir sínar í Háskólabíói ásamt norrænum háskólum.

HÁSKÓLABÍÓ
Háskólinn á Akureyri
Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Landbúnaðarháskóli Íslands
Háskóli Íslands
Listaháskóli Íslands
Keilir
Norrænir háskólar

HÁSKÓLATORG
Félagsvísindasvið HÍ
Heilbrigðisvísindasvið HÍ
Menntavísindasvið HÍ

AÐALBYGGING HÍ
Hugvísindasvið HÍ

ASKJA
Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ

SAMSTARF OPINBERU HÁSKÓLANNA | Háskólinn á Akureyri | HÁSKÓLI ÍSLANDS | LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

SAMSTARF OPINBERU HÁSKÓLANNA

Samstarf opinberu háskólanna er tveggja ára átaksverkefni sem hófst haustið 2010. Markmiðin eru að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags, að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best og að halda uppi öflugri og fjöbreyttri háskólastarfsemi víðs vegar á landinu.



DAGSKRÁ – HÁSKÓLADAGURINN 2012

18. FEB.	ASKJA
12.20	Fyrsta sýning í Stjörnuveri
12.30	Hljómsveitin Einbreið brú
12.40	Sýning í Stjörnuveri
13.00	Sýning í Stjörnuveri
13.20	Sýning í Stjörnuveri
13.30	Hljómsveitin Einbreið brú
14.00	Sýning í Stjörnuveri
14.20	Sýning í Stjörnuveri
14.30	Harmónikka og saxófónn
14.40	Sýning í Stjörnuveri
15.00	Sýning í Stjörnuveri
15.40	Sýning í Stjörnuveri

18. FEB.	HÁSKÓLABÍÓ
12.20	Vísindabíó í Sal 2
12.30	Háskóladansinn
13.00	Menntamálaráðherra opnar Vísindasmiðju
13.00	Leikur að skugga í Sal 1
13.00	Mendelsohn – strengjakvartett
13.30	Sprengjugengið í Sal 1
13.30	Harmónikka og saxófónn
14.00	Fiðluleikur
14.30	Vísindabíó í Sal 2
14.30	Leikur að skugga í Sal 1
15.00	Sprengjugengið í Sal 1
15.00	Söngtríóið Friends4Ever
15.30	Hljómsveitin Einbreið brú

18. FEB.	AÐALBYGGING
12.30	Sópransöngur og gítar
13.00	Guzheng, kínverskt hljóðfæri
13.30	Háskólakórinn
14.00	Guzheng, kínverskt hljóðfæri
14.00	Söngur, bæn og hugleiðing
14.10	Kínverskur dreki
14.30	Sópransöngur og gítar
14.40	Háskóladansinn
15.00	Guzheng, kínverskt hljóðfæri
15.10	Kínverskur dreki
15.40	Sópransöngur og gítar

18. FEB.	HÁSKÓLATORG
12.30	Harmónikka og saxófónn
13.00	Örfyrirlestur náms- og starfsráðgjafa
14.00	Örfyrirlestur náms- og starfsráðgjafa
14.30	Hljómsveitin Einbreið brú
15.00	Harmónikka og saxófónn
15.40	Háskóladansinn

18. FEB.	NORRÆNA HÚSIÐ
13.00	Friðrik Dór og Jón Jónsson
14.00	Magni Ásgeirsson
14.50	Kristmundur Axel og Blár Ópal

Boðið verður upp á fjör og fræði á háskólasvæðinu þar sem undraveröld vísindanna verður opnuð fyrir gestum og gangandi.

PIPAR\TBWA • SÍA • 120138

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST, HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK OG LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólinn á Bifröst kynnir sitt námsframboð í Norræna húsinu. Háskólinn í Reykjavík kynnir sitt námsframboð í HR að Menntavegi 1 við Öskjuhlíð. Listaháskóli Íslands kynnir einnig sitt námsframboð í HR.

Reglulegar strætóferðir milli HÍ og HR á Háskóladaginn.



NORRÆNA HÚSIÐ
Háskólinn á Bifröst



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
HR
Listaháskóli Íslands

YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI

Í HÍ kynnir Háskóli Íslands starfsemi sína. Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands verða í HR. Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Listaháskólinn, Keilir og danskir og sænskir háskólar verða í Háskólabíói og Bifröst í Norræna húsinu.

HÁSKÓLA DAGURINN

Krossgáta

Lárétt

1. Vælir draugur á fljúgandi ferð (8)
5. Lúter stoppaði útgáfu stöðvunarseðla (11)
9. Fyndi boðung ef ég hoppaði áfram (10)
10. „Grínverji norðursins“ segir sá fyndni (9)
11. Rek haus í lóð og finn autt svæði (11)
13. Stór sambandsvefur eflir ítök (10)
15. Fantar og bús, í þessu felst lausnin (6)
17. Geri traust tugthús úr þýskri rokksveit (9)
19. Sjóker dregur línuna (6)
20. Í þessu suðurríki bera menn mat í hálfnafna forsetans (7)
22. Grandagrip fyrir gras í sveit á Héraði (10)
25. Sé þá þvælast milli bæja að selja rafsandala (10)
26. Tóku bæði tölt og skeið milli neðanjarðarmannvirkja (9)
29. Gardínugaurinn heldur himninum á jörðinni (12)
30. Full fimmtíu trufli með vísbendingu sem mætti vera styttri (9)
31. Hópferðir á alþingi (11)
34. Beislaðir orku og raskaðir (9)
36. Skal krampagrey slást eins og skepna? (12)
38. Fórnarlamb íssins birtist í leysingum (9)
39. Vélvæddir vikapiltar skutli reisuvagni og yfirmenn elta (20)

Lóðrétt

1. Halló, kemst hvergi þótt bestur sé (8)
2. Þetta er bara í nösunum á Persanum (8)
3. Rita lagabálk með tónstöfum (10)
4. Hinn vanginn er indjáninn (6)
5. Eldstæði kennt við eldstæði (7)
6. Dögg á dauða (5)
7. Farga sperru í leit að dánarorsök (8)
8. Lista-Ari var ruglaður skoskur rithöfundur (8)
12. Reikningur er bara gel (7)
14. Tauvaski flýtir samruna eða hvarfi (9)
16. Matað í miðri menntastofnun af aðstoðarmanni (9)
18. Smá en kná býr í Múmíndal (3)
19. Á stærð við karl fyrir upphafningaraðferð (13)
21. Tapaði sjó (2)
22. Bara þau draga útihús fyrir eina halarófu (11)
23. Enginn segir orð er sá þykki hættir að blaðra (11)
24. Brynna þessir fiskar sér sjálfir? (11)
25. Bjarga afkvæmi áa til að slátra því og éta (10)
27. Lita spjöldin fyrir úrslitin (9)
28. Nauðbeittur hagi gnauðar, það er rugl (7)
32. Kíki á klump, finn kjúku (6)
33. Lak í lánastofnun (3)
35. Skynsemin finnur lausnina (5)
37. Peningur gerir þetta, ekki frægð (4)





R	Ö	K	K	U	R	-
B	Ý	S	N	I	R	

Lausnarorð síðustu viku var **rökkurbýsnir**.

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafabréf fyrir tvo á sýningu að eigin vali í Borgarleikhúsinu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldóra Sveinbjörnsdóttir, Reykjavík.**

Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem allir íbúar og gestir Íslands þurfa að eiga. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. febrúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „18. febrúar“.

LINDIR KÓPAVOGI
HEILSUDAGAR

OPIÐ TIL 20:00
alla helgina í öllum verslunum!

ALLA HELGINA - FRÁBÆR HEILSUTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM!

Nýtt kortatímabil!
Tilboðin gilda aðeins í Lindum!

40% afsláttur
4.490 (fullt verð 7.990)

RÖHNISHC VIOLA PRINT RACERBACK / TEE
Stutterma- eða hlýrabolur úr léttu og teygjanlegu efni með góðri öndun. Dömustærðir.

5.490 (fullt verð 10.990)

50% afsláttur

RÖHNISCH MAJA LOOSE PANTS
Æfingabuxur úr mjúku EXHALE-efni með góðri öndun. Hægt að stilla hæð á streng og draga saman skálmar. Dömustærðir.

4.990 (fullt verð 9.990)

50% afsláttur

NIKE WMN'S STEADY
Léttir æfingaskór með sveigjanlegum sóla sem gefur gott grip. Dömustærðir.

4.890 (fullt verð 6.990)

30% afsláttur

ADIDAS ESSENTIAL TEAMBAG
Íþróttataska. Litir: Rauð, svört.
Stærð: Medium.

49% afsláttur
99 kr. kg
Verð áður 198 kr. kg
Vatnsmelóna

44% afsláttur
99 kr. kg
Verð áður 176 kr. kg
Extra safaríkar appelsínur, 3 kg í pk.

2 tvennan
30% afsláttur
898 kr. tvennan
Verð áður 1275 kr. tvennan
Krakka lýsi og Omega 3 fiskiolía

hámark 4 pk. á mann - meðan birgðir endast
1799 kr. kg
Kjúlli kjúklingabringur

Vatns-, högg- og rykvarinn
Frábær útivistar/æfingasími
3“ snertiskjár
8.000 kr afsláttur
49.995 Fullt verð 57.995

Sony Ericsson
Vatnsheldur upp að ip67 staðli, högg- og rykvarinn. 3” Led baklýstur LCD snertiskjár með 16 m litum og 320x480. multitouch input, 1GB minni (2GB koma með á minniskorti), o.fl., rafhöðuending 350 klst í bið, 5,5 í tali og tónlistarafpilun í allt að 25 klst.
SEACTIVE(BLAOR/BLAWH)

33% afsláttur
2.222 Fullt verð 3.333

AEG
Alsjálfvirkur púlsmælir á úlnliðinn. Stór skjár sýnir bæði efri og neðri mörk blóðþrýstings og hjartslátt. Einfaldur í notkun og geymir allt að 60 mælingar í minni. Þægileg geymsluaskja fylgir.
BMG4922

5.995 Fullt verð 11.995
50% afsláttur

SONY
MP3 spilari með 2GB minni sem samsvarar u.þ.b. 500 lögum. Vandaður skjár og innbyggð hleðslurafhlaða. Spilarinn er með USB tengi og heyrnartól fylgja. 2 litir í boði: rauður og svartur.
NWZB162

25% afsláttur
8.995 Fullt verð 11.995

SONY
PS3 Move Starter Pack. Taktu þátt í leikjahasarnum með því að sveifla til Move stýripinnanum, hreyfa þig og hrista. Í þessum pakka er sjálfur stýripinninn, PlayStation Eye myndavélin og diskur sem inniheldur 9 prufur af Move leikjum.
PS3MSTARTERPA

INTERSPORT
KRÓNAN
ELKO

tímamót

timamot@frettabladid.is

53 HALLGRÍMUR HELGASON rithöfundur á afmæli í dag.
„Lífið allt er löngun ein, laufið þráir aðra grein.“

80 ára afmæli

Örn Geirsson

Í tilefni dagsins tekur hann á móti vinum og vandamönnum í salnum í Gullsmára 13, í dag kl. 17.

Gestum er bent á að koma með góða skapið en blóm og gjafir afþakkaðar.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Íris Jónsdóttir

Arnartanga 35, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 11. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

Kristján Þór Valdimarsson
Hrafnhildur Gísladóttir
Ósk Kristjánsdóttir
Lúðvík Aron Kristjánsson **Lis Ruth Klörudóttir**
og barnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar, mágs og frænda,

Ingólfs Árnasonar

vélstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Markar við Suðurlandsbraut fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun.

Ingibjörg Árnadóttir

Þorbjörg Kjartansdóttir
Þuríður Árnadóttir **Júlíus Jón Daníelsson**
Sigurður Jónsson **Vibeke Jónsson**
Arnheiður Árnadóttir **Theódór Óskarsson**
Halldóra Árnadóttir **Benedikt Sveinn Kristjánsson**
og systkinabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn — Sverrir Einarsson — Kristín Ingólfsdóttir — Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

HIN TVÍTUGA STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR: HELDUR TÓNLEIKA Í HÖRPU Í DAG

Litið um öxl og leikin verk sem tengjast sögu sveitarinnar

„Þessir tónleikar endurspegla þá starfsemi sem Stórsveitin hefur staðið fyrir í tuttugu ár. Þar verður litið um öxl og meðal annars leikin músík eftir gesti sveitarinnar gegnum árin sem margir eru mjög þekktir í hinum alþjóðlega djassheimi,“ segir tónlistarmaðurinn Sigurður Flosason. Hann stjórnar afmælistónleikum Stórsveitar Reykjavíkur í Kaldalónssal Hörpu í dag klukkan 15. Sérstakir gestir á sviðinu verða söngvararnir Kristjana Stefánsdóttir og Ragnar Bjarnason.

Hlutar úr efnisskrám sem stjórnað hefur verið af félögum í sveitinni á liðnum árum verða og á dagskránni í Hörpu að sögn Sigurðar. „Svo höfum við unnið með fólki úr poppgeiranum og munum meðal annars flytja nýja útsetningu eftir Gunnar Þórðarson sem Ragnar Bjarnason syngur. Einnig tökum við lög af plötum sem við höfum gert þannig að það verður komið víða við. Þetta verður skemmtilegt og fjölbreytt prógramm.“

Stórsveit Reykjavíkur hélt sína fyrstu æfingu 17. febrúar 1992 undir stjórn Sæbjarnar Jónssonar (1938-2006), stofnanda hennar. „Það voru margir sem ólust upp undir handarjaðri Sæbjörns að einhverju leyti því hann stjórnaði stórsveitum bæði í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og innan lúðrasveitarinnar Svans. Nokkra pilta langaði að spila í alvöru „bigbandi“ og Sæbjörn greip það á lofti. Þannig varð Stórsveit Reykjavíkur til,“ lýsir Sigurður sem kveðst ekki hafa verið meðal stofnenda sveitarinnar heldur byrjað að spila með henni fáum árum seinna.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR Á ÆFINGU Sigurður Flosason stjórnar sveitinni á afmælistónleikunum í Hörpu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sex til sjö aðalverkefni hafa verið hjá Stórsveit Reykjavíkur á hverju ári, auk þess sem fleira fellur til. Nýr og nýr stjórnandi er ráðinn hverju sinni til að auka fjölbreytnina, að sögn Sigurðar. „Svo æfum við ekki reglulega heldur er tekin þétt törn fyrir hvert verkefni þannig að starfið er lotubundið,“ lýsir hann.

Sveitin hefur gefið út fimm geisladiska í eigin nafni og auk þess tekið þátt í samstarfsverkefnum með öðrum listamönnum, svo sem Bubba Morthens og Sálinni hans Jóns míns. Hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem jazzflytjandi ársins árið 2005 og var útnefnd tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2010. „Stórsveit Reykjavíkur hefur litið á sig sem nokkurs konar sinfóníuhljómsveit rytmískrar tónlistar á Íslandi,“ segir Sigurður. „Nýtt efni og gamalt, innlent og erlent hefur því verið lagt að jöfnu á hinum fjölmörgu tónleikum hennar.“

gun@frettabladid.is

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Helgi Þór Sigurðsson

bifvélavirki, Framnesvegi 17, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

Anna Lydía Helgadóttir **Ólafur Ívar Jónsson**
Theódór Helgi Helgason
og barnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Baldur G. Bjarnasen

flugvélstjóri,

lést á heimili sínu sunnudaginn 12. febrúar. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 20. febrúar klukkan 15.00.

Þórdís Baldursdóttir **Gísli Guðmundsson**
Óskar Baldursson **Sigrún Birgisdóttir**
Sigtryggur Baldursson **Sigrún Hrafnsdóttir**
Guðjón Þór Baldursson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Haukur Pálsson

húsasmíðameistari,
Sléttuvegi 15, Reykjavík,

lést á Landspítala Landakoti sunnudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 15.00.

Guðrún Helga Hauksdóttir **Jóhann Örn Guðmundsson**
Gunnar Haraldur Hauksson **Kristín Jóna Guðjónsdóttir**
Sigurjón Páll Hauksson **Sigríður Valdís Karlsdóttir**
Kristín Hulda Hauksdóttir **Gylfi Jónasson**
Haukur Hauksson **Dögg Jónsdóttir**
Unnur Erna Hauksdóttir **Ólafur Örn Valdimarsson**
Jónas Guðgeir Hauksson **Sigrún Guðmundsdóttir**
Júlíana Hauksdóttir **Loftur Ólafur Leifsson**
Guðfinna Hauksdóttir **Hafliði Halldórsson**
og fjölskyldur.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Snorra Snorrasonar

fyrrv. flugstjóra,
Smáraflöt 11, Garðabæ,

sem lést á heimili sínu í 21. janúar. Sérstakar þakkir fá hjúkrunarfræðingar Karitas fyrir framúrskarandi umönnun.

Nanna Nagtglas Snorrason

Jón Karl Snorrason **Þórey Jónsdóttir**
Snorri Snorrason **Guðrún Magnea Rannversdóttir**
Helga Guðrún Snorradóttir **Gísli Tryggvason**
Haukur Snorrason **Hadda Björk Gísladóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Konudagsvöndur
2.990kr
Kaupauki
Maskari frá Avon fylgir meðan birgðir endast

10stk túlípanar 999kr

Kaupauki
Gloss frá Clarins, Swavorski prufa eða ilmvatnprufa frá Gucci fylgir túlípanavöndum meðan birgðir endast.

Konudagur

í Blómavali

Opið á sunnudag Konudaginn um land allt!

Skútuvogi	kl. 8-19
Grafarholt	kl. 8-18
Hafnarfj.	kl. 10-17
Selfoss	kl. 9-16
Reykjanes	kl. 9-16
Akureyri	kl. 10-15
Akranes	kl. 10-14
Ísafjörður	kl. 10-16
Egilsstaðir	kl. 10-15

2 fyrir 1
út að borða fylgir öllum blómvöndum
UNO Cucina Italiana
Gildir fyrir höfuðborgarsvæðið

Kaupauki: 2 fyrir 1
í bíó fylgir öllum blómvöndum á myndina Extremely Loud - Incredibly Close
Sambíóin
Gildir fyrir höfuðborgarsvæðið

Líkamsrækt:
Vikupassi í líkamsrækt hjá Heilsuborg fylgir öllum blómvöndum
Gildir fyrir höfuðborgarsvæðið

HEILSUBORG

Ást, heilsa og uppeldi stjörnumerkjanna aðeins **2.490kr**

Felix Bergsson Þögul nóttin aðeins **2.490kr**

Kaffi Garður Skútuvogi
bolla og kaffi
99kr
opið til kl. 17 um helgar.

Ath. aðeins 2 bollur á mann

AVON · Gucci BY GUCCI · uno cucina italiana

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfirði - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

Frændi minn,

Valtýr Sigurðsson

frá Seli, A-Landeyjum,
Ljósheimum 11, Reykjavík,

lést 28. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir fær Kristín og starfsfólk á Skjóli fyrir góða umönnun.

F.h. aðstandenda,
Sverrir Kristjánsson

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Svavar Magnússon

fv. bóndi Skörðum,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni, Búðardal, hinn 15. febrúar sl.

Fyrir hönd aðstandenda,
Pálína Guðrún Gunnarsdóttir
Sigríður Jóna Svavarsdóttir — **Jóhann Eysteinn Pálmason**
Gunnar Örn Svavarsson
Guðgeir Svavarsson — **Kristín Ármannsdóttir**
Sigmar Svavarsson — **Valborg Reisenhus**
Margrét Svavarsdóttir — **Sigurður Helgason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Yndislegi eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og mágur,

Halldór Guðbjörnsson

Stórageröi 5, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram frá Landakirkju, föstudaginn 24. febrúar kl 16.00.

Helga Símonardóttir
Símon Halldórsson — **Jóna Guðlaug Þorvaldsdóttir**
Jóhann Halldórsson — **Guðný Ólafsdóttir**
Anna Halldórsdóttir — **Halldór Sölvi Haraldsson**
Helga Lind Halldórsdóttir
Bríet Eva Jóhannsdóttir
Líney Símonardóttir — **Friðþjófur Árnasson**

Okkar innilegustu þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurjóns Guðjónssonar

apótekara og lyfjafræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar og líknardeildar Landakots fyrir frábæra hjúkrun og umönnun.

Kristinn Sigurjónsson — **Kristín Aðalsteinsdóttir**
Inga Sigurjónsdóttir — **Ísak V. Jóhannsson**
Guðjón Sigurjónsson
Bjarni Sigurjónsson — **Rebekka Aðalsteinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ólafur Oddgeirsson

Stapaseli 13, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 15. febrúar.

Dóra Ingvarsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir — **Marteinn Sigurðsson**
Berglind Marteinsdóttir — **Ólafur Marteinsson**

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

Ernu Jónu Eyjólfsdóttur.

Geir Sigurðsson
Sigurður Geirsson
Erlingur Geirsson
Eyjólfur Guðmundsson — **Eygló Úlfhildur Ebenezerdóttir**
Guðbjörg Eyjólfsdóttir — **Óskar Sævarsson**
Guðmundur Eyjólfsson — **Gréta Björg Blængsdóttir**
Andri Þór Eyjólfsson — **Ragnhildur Reynisdóttir**

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Ásta Bjarnadóttir

sjúkraliði,
Strikinu 2, Garðabæ,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 12. febrúar sl., verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

Guðmundur Þorsteinsson
Bjarni Guðmundsson
Ólína Guðmundsdóttir — **Halldór Kr. Júlíusson**
Elísabet Hanna Guðmundsdóttir — **Skúli Hartmannsson**
Sigurlaug Guðmundsdóttir — **Martin Sökjer**
Sverrir Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Þökkum af alhug auðsýnda samúð, stuðning og hlýhug við fráfall elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Erlings Aðalsteinssonar

Þórunnarstræti 93,

sem varð bráðkvaddur 23. janúar sl.

Lára María Ellingsen
Óttar Gautur Erlingsson
Margrét Helgadóttir
Rakel María Óttarsdóttir
Elisabeth Eiríka Óttarsdóttir
Ólöf Hörn Erlingsdóttir
Sigurður Hólm Sæmundsson
Tumi Snær Sigurðsson
Katla Snædís Sigurðardóttir
Auður Gná Sigurðardóttir

Elskuleg systir okkar,

Steinunn Haraldsdóttir

Norðurbrún 1,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 16. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Systkini hinnar látnu.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Davíðs Þórs Guðmundssonar.

Sérstakar þakkir til Karlakórs Kjalnesinga.

Hrafnhildur S. Þorleifsdóttir
Ingibjörg M. Kristjánsdóttir
börn, barnabörn, barnabarnabarn,
systkini og aðrir aðstandendur.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína S. Einarsdóttir

Norðurbrún 1,

sem lést föstudaginn 10. febrúar verður jarðsungin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 21. febrúar klukkan 15.00.

Guðgeir Einarsson — **Sjöfn Stefánsdóttir**
Sólrún Einarsdóttir
Sigrún Einarsdóttir — **Hallur Kristvinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Hulda Jóhannesdóttir

Espigrund 9, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 2. febrúar sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðmundur Gunnarsson
Guðríður Guðmundsdóttir — **Þórir Bergmundsson**
Gunnar Guðmundsson — **Sesselja Ingimundardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Þökkum innilega hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför elskulegs sonar míns, bróður okkar, frænda og vinar,

Birgis Snæfells Elínbergssonar.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks Landspítalans.

Fjóla Unnur Halldórsdóttir
Ragnar Snæfells Elínbergsson
Lára Halla Snæfells Elínbergsdóttir
Benedikt Elínbergsson
frændsystkin og vinir.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

ALLT FYRIR BOLLUBAKSTURINN

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

NÝTT KORTATÍMABIL

Vnr. 65103210
Eldhúsvog með skál
og digital skjá.
2.490 kr.

Vnr. 41119092
Pískur.
649 kr.

Vnr. 41119093
Súpuausa.
990 kr.

Vnr. 41130418
Trésleif, 30 cm.
260 kr.

Vnr. 41120362
Ofna- og
pottahanskar.
799 kr.

Vnr. 41330910
LOOK gratínmót,
33 cm, án loks.
2.790 kr.

KAFFIHORN
BYKO BREIDD

Ljúffengar rjómabollur um helgina á aðeins

50 kr.

Laugardag og sunnudag frá kl. 11:30 - 16:00.
Ein bolla á mann á meðan birgðir endast.

ERTU KLÁR FYRIR SPRENGIDAGINN?

Vnr. 41119226
KHG pottasett,
4 stk.
14.190 kr.

Vnr. 41120040
Pottur, 9 l., fyrir allar
gerðir af eldavélum.
6.590 kr.

Vnr. 41119007
Skurðarbretti,
36x18 cm.
1.890 kr.

Vnr. 41119218
FLINT glös,
180 ml., 6 stk.
399 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KO

FYRIR BOLLUDAGINN FYRIR BOLLUDAGINN

ÓDÝRT Í BÓNUS

359
KR. 2 STK.

BÓNUS **2 STK. NÝBAKAÐAR RJÓMABOLLUR**

259
KR. 400 GR

KJARNASULTUR **JARÐARBERJA, BLÁBERJA OG BLÖNDUÐ**

398
KR. 14 STK.

BÓNUS **14 STK. VATNSDEIGSBOLLUR**

FYRIR BOLLUDAGINN FYRIR BOLLUDAGINN

ÓDÝRT Í BÓNUS

198
KR. 250 GR

EUROSHOPPER **ÞEYTIRJÓMI**

249
KR. 350 GR

KÖTLU 350 GR **BOLLUMIX**

259
KR. 400 ML

BÓNUS 400 ML **RJÓMI**

198
KR. 280 GR

BÓNUS **SÚKKULAÐI BOLLUGLASSÚR**

798
KR. KG

FERSKT **GRÍSAHAKK**

998
KR. KG

FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**

1598
KR. 10 STK.

FROSNIR **NAUTABORGARAR**

995
KR. STK

BLANDAÐ KONUDAGS **BLÓMABÚNT**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

RTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTA

SPRENGIDAGS SALTKJÖTIÐ
ÓDÝRT Í BÓNUS

998 KR.KG 1.FL

SS BLANDAÐ SALTKJÖT I .FL

1798 KR.KG

VALIÐ SS SALTKJÖT FRAMHRYGGJASNEIÐAR

1298 KR.KG

SALTAÐIR SS LAMBALEGGIR

459 KR.KG

KJARNAFÆÐI 2 FL. LAMBASALTKJÖT

SPRENGIDAGS SALTKJÖTIÐ
ÓDÝRT Í BÓNUS

1298 KR.KG

GRÍSAVEISLU BEIKON

998 KR. KG

ÍSLANDSLAMB SALTSKERT LAMBASALTKJÖT

298 KR.KG

LAMBASALTKJÖT SÍÐUBITAR

798 KR. 620 GR

O GR FROSIÐ
% NAUTAHAKK

59 KR.KG

HOLLENSKUR GULUR LAUKUR

129 KR.KG

RAUÐAR KARTÖFLUR Í LAUSU

359 KR.KG

ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR

				8		7		4
	6		4		3			8
		2		5			9	3
	5			7			2	
1								7
	9			4			3	
2	7			6		8		
4			7		9		6	
6		1		2				

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 42 ER Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



KIDS.GOV heitir bandarískur vefur sem heldur utan um vefsíður sem sérstaklega hafa verið hannaðar fyrir börn og unglinga af opinberum aðilum í Bandaríkjunum. Dæmi um efni á Kids.gov: Listgreinar, tölvur, leikir, heilsa og líkamsrækt, peningar, stærðfræði, vísindi, félagsfræði og ótalmargt fleira.

Lísaloppa og Kata í ratleik 3

Bragi Halldórsson

Næsta þraut í ratleiknum var að skjóta í mark með bolta. „Ég byrja," tilkynnti Kata ákveðin. „Boltar eru eitthvað fyrir mig." Kata þurfti þrjár atrennur áður en hún hitti í mark en Lísaloppa bara tvær. Kata horfði vonsvikin á boltann sinn og sagði, „Þetta er handónýtur bolti sem ég hef fengið." Lísaloppa brosti bara út í annað en sagði ekki neitt.

Hér eru þrjár skuggamyndir af Kötu og Lísuloppu en aðeins ein þeirra er nákvæmlega eins og fyrirmyndin.

Getur þú séð hver þeirra er alveg eins, A, B eða D?



Emilíana og Jakob eru ánægð með litlu systur sína og ætla kannski að leyfa henni að eiga herbergið þeirra með þeim, þegar hún verður aðeins stærri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞAÐ ER SKEMMTILEGT AÐ EIGNAST NÝJA SYSTUR

Í byrjun mánaðarins breyttist heldur betur lífið hjá systkinunum Emilíönu og Jakobi, og mömmu þeirra og pabba, þeim Kristjáni og Júlíu. Þá stækkaði nefnilega fjölskyldan um heila manneskju. Litla systirin, sem fæddist 3. febrúar, er bæði með dökkt hár og augu og líkist dálítið systkinum sínum tveimur, þegar þau fæddust. Hún hefur fengið nafnið Rebekka.

Rebekka litla átti reyndar að fæðast tveimur vikum fyrr, en henni leið svo vel í hlýjunni í maganum á mömmu sinni að hún lét bíða eftir sér. Systkinin voru orðin mjög spennt og segja að mamma þeirra hafi verið komin með rosalega stóran maga. En nú er maginn á mömmu þeirra ekkert stór lengur enda Rebekka komin í heiminn og systkinin orðin þrjú.

Emilíana er átta að verða níu ára og Jakob er tveggja að verða þriggja ára. Þau deila herbergi og ætla kannski að leyfa litlu systur sinni að eiga það með þeim þegar hún stækkar svolítið. Jakob kinkar líka kolli þegar hann er spurður hvort Rebekka fái að vera með honum á leikskóla þegar hún verður aðeins stærri. Hann er á Laufásborg en Emilíana er í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.

Á meðan blaðamaður er í heimsókn hjá fjölskyldunni tekur stóra systirin þá litlu í fangið og gengur með hana um gólf. Það er greinilegt að hún kann alveg að halda á litlu barni. Það er líka ekkert skrítið, því hún er búin að vera stóra systir hans Jakobs í næstum því þrjú ár og passar hann oft fyrir mömmu sína og pabba. „Hún kann ekkert að tala," útskýrir Jakob, áður en hann hleypur inn í eldhús til pabba síns og fær hjá honum bita.

Emilíönu finnst mjög gaman að hafa eignast litla systur núna, því hún átti bróður fyrir. „Það eru sko alveg fimm vinkonur mínar sem eiga enga litla systur heldur bara litla bræður," segir hún og bætir við að vinkonurnar langi dálítið til að eignast litla systur eins og hún. Samt finnst henni líka mjög gaman að eiga Jakob, að minnsta kosti oftast. „Fyrst þegar hann kom var hann svona lítill eins og hún. En svo stækkaði hann og stækkaði. Mér fannst hann alveg góður þegar hann var lítill, en ekki alltaf eftir að hann varð stór, því þá byrjaði hann að ráðast inn í herbergið mitt og rústa öllu og svoleiðis," segir Emilíana. Hún er samt alveg til í að eignast nokkur systkini í viðbót, en samt ekki eins mörg og amma hennar á. „Langamma mín eignaðist sextán börn! En hún bjó líka uppi í sveit, svo það var alveg pláss fyrir þau öll."

holmfridur@frettabladid.is

BRANDARAKISTAN

Vala var að ljúka við bænirnar sínar. „Góði Guð, blessaðu mömmu og pabba og láttu Rotterdam vera höfuðborg Hollands."
„Af hverju segir þú þetta?" spurði mamma hennar undrandi.
„Af því ég skrifaði það á prófblaðið í dag."

Pabbi, hvenær verð ég nógu gamall til að gera allt sem mig langar til?"
„Ég veit það ekki. Enn hefur enginn orðið svo gamall."

„Mamma, kennarinn spurði mig í dag hvort ég ætti nokkur yngri systkini sem ekki væru byrjuð í skóla."
„Og hvað sagði hann þegar þú sagðir að þú værir einkabarn."
„Guði sé lof!"

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

Tvíbaka, bolla, kringla, krans

Á bolludaginn eiga börn að bregða á glens og vekja heimilisfólkið með flengingu. Það er gamall og góður siður sem á sér um hundrað ára sögu hér á landi. Af þessum sökum hefur dagurinn stundum verið kallaður flengingardagur.
Áður fyrr, meðan hús voru almennt ólæst í borginni, þekktist það jafnvel að börn gengju í hús nágrannanna og flengdu þá í rúminu og sá þótti mestur sem flesta gat flengt. Að launum áttu börnin að fá eina eða tvær bollur. Sumir fullorðnir reyndu að kaupa sig frá flengingum með því að bjóða bollur gegn því að sleppa.
Sumir þylja einhverjar þulur um leið og þeir láta höggin dynja, ein er svona:
Tvíbaka, bolla, kringla krans,
þetta gefur Imba Brands.
Bolluvendirnir eru yfirleitt gerðir úr löngum prikum og litríkum pappírsræmum og þá er auðvelt að búa til.
En líka má nota litla trjágrein eða hvað sem er.

ÞÖKKUM RAFMAGNAÐAR MÓTTÖKUR

Marcos Zotes umbreytti Hallgrímskirkju í stórbrotna upplifun ljóss, lita og hreyfingar á Vetrarhátíð í Reykjavík 2012.
Við þökkum kærlega fyrir okkur. Á facebooksíðu Orkusölunnar má sjá myndir af verkinu.

Orkusalan er styrktaraðili Vetrarhátíðar 2012

orkusalan

Brandenburg

LUXOR

krossgáta



LÁRÉTT
2. sálar, **6.** málmur, **8.** skarð, **9.** blása, **11.** tveir eins, **12.** umfang, **14.** kölski, **16.** tónlistarmaður, **17.** traust, **18.** for, **20.** gangflötur, **21.** skjótur.

LÓÐRÉTT
1. hreinsiefni, **3.** númer, **4.** gjaldmiðill, **5.** styrkur, **7.** lævís, **10.** angra, **13.** stefna, **15.** ekkert, **16.** kóf, **19.** slá.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** anda, **6.** ál, **8.** rof, **9.** puða, **11.** ll, **12.** ummál, **14.** satan, **16.** kk, **17.** trú, **18.** aur, **20.** il, **21.** fjar.
LÓÐRÉTT: **1.** sápu, **3.** nr, **4.** dollari, **5.** afl, **7.** lúmskur, **10.** ama, **13.** átt, **15.** núll, **16.** kaf, **19.** rá.

Tvær góðar!

Drive ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

6.990,-

Spandy heimilisryksugan
- 1600W
- afar hljóðlát
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

5.990,-

Kletthálsi Rvk
Akureyri
Reykjanesbæ
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

HEFJUM LEIKA!

„Bókin er kraftmikil, ánetjandi og hjartnæm.“
KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR / DV

„Ég var heltekin af bókinni ... *Hungurleikarnir* eru ótrúlegir.“
STEPHENIE MEYER, HÖFUNDUR *LJÓSASKIPTA*

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Áróðursmeistari kærleikans

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Undanfarið hefur töluvert verið rætt og ritað um það hvort trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar geri menn undanþegna landslögum um hatursáróður ef þeir geta fært rök fyrir því að mannhatrið sé trúarleg afstaða. Minna hefur verið rætt um það hvaða sálarmein valdi því að kristni sumra skuli brjótast út í hatursáróðri en ekki kærleiksáróðri. Jesús frá Nasaret var jú einhver mesti áróðursmeistari kærleikans sem uppi hefur verið: „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig.“

ÞAÐ ER rétt að í Gamla testamentinu er kynlíf tveggja karlmanna sagt viðurstyggð (3M 18.22; 20.13). Á báðum þessum stöðum er líka tekið fram, nánast í næstu setningu á undan eða eftir, að fólk skuli ekki sofa hjá á meðan konan er á túr (18.19; 20.18). Af einhverjum ástæðum virðast þeir, sem mest er í nöp við hommaskap, alveg láta hjá líða að berjast með sama offorsi gegn því að fólk sé að gera dodo þegar Rósa frænka er í heimsókn – þótt Guð þeirra hafi alveg jafnmikla andstyggð á því. Þeir, sem byggja vilja hjónabandsskilning sinn á Gamla testamentinu, verða auk þess að samþykkja fjölkvæni (1Kron 3.1-9 o.fl.), kynlífsþrælkun og nauðungarstaðgöngumæðrun (1M 16.1-4) og að nauðgari geti komist hjá refsingu með því að kvænast fórnarlambi sínu og greiða föður þess skaðabætur (5M 22.28-29). Þeir, sem beita Gamla testamentinu fyrir sig í þessari umræðu, eru greinilega að velja það sem hentar fordómum þeirra úr safni fyrirmæla sem þeim dettur ekki í hug að taka önnur ákvæði úr alvarlega. Ég leyfi mér að fullyrða að erfitt sé að finna nokkra bók, sem verr er til þess fallin að byggja kristinn hjónabandsskilning á, en ritasafn Gamla testamentisins – alltjent ef lögbók hirðingjaþjóðar frá bronsöld er skilin bókstaflega og hvorki er reynt að lesa þetta ritasafn í samhengi ritunartíma síns og menningarsögulegs bakgrunns, innbyrðis samhengi sögunnar, sem þar er sögð, né að greina kjarnaboðskap hennar. Þeir, sem lesa Gamla testamentið með þessum hætti, mættu hafa hina kristilegu grundvallarafstöðu í huga: „Dæmið ekki og þér munuð eigi verða dæmd.“ (Lúk 6.37)

EN Á hverju eigum við þá að byggja „kristinn“ hjónabandsskilning? Þetta kann að hljóma langsótt en kannski væri óvitlaust að byggja hann á Kristi sjálfum: „Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars.“ (Jóh 13.35)

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

ÚTSÖLULOK UM HELGINA

30%

AUKAAFSLÁTTUR AF OUTLET VERÐI

FYRST RISAEÐLAN SEGIR ÞAÐ
ÞÁ HLÝTUR ÞAÐ AÐ VERA SATT

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

30% afsláttur

1599 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir

20% afsláttur

3358 kr. kg

Verð áður ~~4198~~ kr. kg
Lambafile með fiturönd

758 kr. kg

ÍM ferskur kjúklingur

30% afsláttur

898 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg
Grísahryggur með pöru

1498 kr. kg

Ferskt lambalæri

1198 kr. kg

Kjúklingur með lime og rósmarín

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO - www.expo.is

Saltkjöt og baunir!

1. flokkur

989 kr. kg

Krónu saltkjöt, 1. flokkur

Ódýrt!

448 kr. kg

Krónu saltkjöt

1166 kr. kg

Goða saltkjöt, blandaðir bitar

198 kr. pk.

Jack Rabbit gular baunir, 454 g

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

KONUDAGURINN
– er á sunnudaginn!

FERSK JARÐARBER

399 kr. askjan

Jarðarber í öskju, 250 g

499 kr. stk.

Milka súkkulaði, 11 tegundir, 300 g

Blómvöndur og Trumpf konfekt

1698 kr. saman

949 kr. stk.

Konudags-ostakaka með jarðarberjum

129 kr. pk.

Daim súkkulaði, 2 í pk.

Bolla, bolla, bolla, bolla...

499 kr. pk.

Myllu bollur með súkkulaði, 6 í pk.

319 kr. pk.

ÍM rjómabollur, 2 í pk.

348 kr. pk.

Krónu vatnsdeigsbollur, 12 í pk.

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

HEIMILDARMYNDIN HÖLLIN sem fjallar um Sundhöll Reykjavíkur og karakterana í húsinu verður sýnd á RÚV á sunnudag. Myndin, sem var nýverið tilnefnd í flokki heimildarkvikmynda á Norrænum kvikmyndadögum í Lübeck, vann til Edduverðlauna sem besta heimildarmyndin 2010.

Afmælisganga Birnu

Menningargöngur með Birnu Þórarinsdóttur um götur borgarinnar hafa verið við lýði í tíu ár. Því býður Birna upp á afmælisgöngu um ljúfa staði miðborgarinnar í dag klukkan 14.

Lagt verður upp frá Skólavörðuholtinu og þaðan skoppað niður á við í holt og hólablús, eins og Birna orðar það sjálf. Hún er hin leyndardómsfyllsta og segir alls óvíst um viðkomustaði en einhvers staðar verði endað - á viðeigandi stað.

BIRNA ÞÓRÐAR

Sérstakur afmælisafsláttur verður í þetta skipti á menningarfylgd Birnu þannig að þátttaka kostar 1500 krónur fyrir fullorðna en er ókeypis fyrir börn.

-gun

Fimmtíu og fimm ára og í fyrsta skipti í Hörpunni

Tímamót verða hjá Kammermúsíkklúbbnum á morgun. Þá heldur hann fyrstu tónleika sína í Hörpunni sem jafnframt eru fimmtíu og fimm ára afmælistónleikar.

FYRSTU TÓNLEIKAR Í HÖRPUNNI „Ég tel að Kammermúsíkklúbburinn hafi haft ómæld uppeldisáhrif hér á landi," segir Guðmundur sem er einn af stofnendum klúbbsins 1957. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Harpa er hús tónlistarinnar og hljómburðurinn er glæsilegur hér í Norðurljósasalnum, enda er hann hannaður sem kammermúsíksalur," segir Guðmundur W. Vilhjálmsson, stjórnarmaður í Kammermúsíkklúbbnum, staddur á æfingu fyrir afmælistónleika klúbbsins á morgun sem hefjast klukkan 19.30. Þar mun Camerarctica-hópurinn flytja sónötu eftir Zelenka, aríur eftir Händel og strengjakvartett eftir Bela Bartók. „Þetta eru b og B; barokktónlist og Bartók," segir Guðmundur. „Við höfum áður kynnt alla Beethoven-kvartettana og Sjostakovitsj-kvartettana. Nú er það Bela Bartók."

Kammermúsíkklúbburinn var stofnaður 1957 til að stuðla að flutningi kammertónlistar hér á landi, tónverka sem samin eru fyrir þrjú eða fleiri hljóðfæri. Guðmundur er einn af stofnendum klúbbsins. Spurður hvort hann sé driffjöður í honum svarar hann hæverskur. „Ég er svona meðdriffjöður með félögum mínum. Við höldum fjöruga og skemmtilega fundi þar sem við ræðum málefni klúbbsins og ég mæti á langflesta tónleika hans." Ekki kveðst hann þó sjálfur vera hljómlistarmaður. „En ég fékk snemma áhuga á tónlist. Það voru til klassískar plötur heima, sérstaklega með óperutónlist því faðir minn var í Bandaríkjunum 1917 og kom heim með góðar plötur."

Guðmundur segir Kammermúsíkklúbbinn halda fimm tónleika á ári, frá því í september fram á vor, þannig hafi það verið frá upphafi. „Þetta hefur verið einstaklega ánægjulegt starf og ég tel að klúbburinn hafi haft ómæld uppeldisáhrif hér á landi, einkum í byrjun því þá var engin starfsemi á þessum vettvangi. Tónlistarfélagið var meira með sólóista og dúó."

> Hljómburðurinn er glæsilegur hér í Norðurljósasalnum, enda er hann hannaður sem kammermúsíksalur."

Nú greiða um tvö hundruð félagsmenn árstillög í klúbbinn að sögn Guðmundar og jafnframt er seldur aðgangur að tónleikum. Klúbburinn hefur haldið sína tónleika í Bústaðakirkju undanfarin ár, skyldi hann stefna að því að flytja alfarið í Hörpu? „Við erum að prófa það núna og vissulega höfum við áhuga á að vera þar til frambúðar en það er töluvert dýrara en að vera í Bústaðakirkju."

Guðmundur sat lengi í stjórn samtaka um byggingu tónlistarhúss. „Það er löng, löng saga og henni fylgdi mikið taugastríð," rifjar hann upp. „En svo fengum við þetta stórkostlega hús."

gun@frettabladid.is

HÁDEGISTÓNLEIKAR
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 21. FEBRÚAR KL. 12.15

BOÐIÐ Í FERÐALAG
SÖNGLÖG HENRI DUPARC
ÞÓRA EINARSDÓTTIR, SÓPRAN
STEINUNN BIRNA RAGNARSDÓTTIR, PÍANÓ

AÐGANGUR ÓKEYPIS

WWW.OPERA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN

Rose Bruford College
of Theatre & Performance
London's International Drama School
ROSE BRUFORD COLLEGE DIAMOND JUBILEE 1951 60 YEARS 2011

Einn af fremstu leiklistar- og leikhússkólum í Evrópu, sem býður upp á nám á öllum hliðum leikhúss

Faglegt nám í virtum leiklistar- og leikhússkóla í London

Skólinn býður upp á nám til BA gráðu í:
Acting
Actor Musicianship
American Theatre Arts
Costume Production
Creative Lighting Control
European Theatre Arts
Lighting Design
Performance Sound
Stage Management
Scenic Arts
Theatre Design

Skólinn býður upp á nám til MA gráðu í:
Ensemble Theatre
Theatre for Young Audiences

Inntökupróf og viðtöl fyrir allar deildir fara fram í Hinu Húsinu, Reykjavík, 03. og 04. mars, fyrir inngöngu í september 2012

Image courtesy of Bjartmar Þórðarson, Graduate of Rose Bruford College

Rose Bruford College er meðlimur í The Conference of Drama Schools CDS

Nánari upplýsingar og skráning:
admissions@bruford.ac.uk
+44 (0)20 8308 2655
www.bruford.ac.uk

Í EDINBORG Gradualekór Langholtskirkju hefur víða farið með söng sinn. Þessi mynd var tekin í Edinborg í Skotlandi í fyrravor.

Friðarmessa og djass

Tvær ólíkar messur ramma inn tónleika Gradualekórs Langholtskirkju á sunnudaginn 19. febrúar klukkan 20. Þær eru samt báðar eftir Bob Chilcott. Annars vegar Friðarmessa frá árinu 1998 sem er flutt með orgelundirleik. Niðurlag hennar byggir á bæn heilags Frans frá Assisi: Drottinn, gjör mig að verkfæri friðar þíns. Hin er Litla djassmessan sem var samin 2004 og frumflutt í New Orleans sama ár. Hver kafli hennar birtir mismunandi stíltegundir djassins svo sem groove funk, rokk, ballöðu og blues og leikið er undir á píanó.

Tónleikarnir eru í Langholtskirkju og auk messanna flytur kórinn styttri tónverk og lög, bæði íslensk og erlend. Stjórnandi er Jón Stefánsson og undirleikur er í höndum Tómasar Guðna Eggertssonar.

- gun

CITROËN



Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans.
landsbankinn.is 410 4800

Verð aðeins 3.690.000 kr. eða **29.947 kr.**
í 84 mánuði miðað við grænan bílasamning og uppítöku á bíl að verðmæti 1.810.000 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar aðeins 9,35%.
Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Frítt í stæði

Citroën C4 Comfort sjálfskiptur dísilbíll

Sparneytnasti bíllinn!

Sjáðu nýjan sjálfskiptan Citroën C4 Comfort með ótrúlega sparneytinni og visthæfri dísilvél. Hann notar aðeins 3,5l/100km og losar aðeins 98g CO_2/km. Þetta þýðir að hann er sparneytnasti bíllinn í sínum flokki á Íslandi í dag. Í nýjum Citroën C4 Comfort sameinast glæsileg hönnun, áreiðanleiki, ríkulegur búnaður og hagkvæmni í rekstri. Þetta er bíll fyrir hugsandi fólk með góðan smekk.

Brimborg auðveldar þér kaupin, uppítaka og græn fjármögnun. Landsbankinn býður lægri vexti og ekkert lántökugjald fyrir græna bíla sem losa minna en 120g CO_2/km. Komdu líka með gamla bílinn og settu hann uppí nýjan Citroën. Tökum við öllum tegundum bíla. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8. Mátaðu þig í frönsku umhverfi. Sjáðu sparneytinn Citroën C4 Comfort.

Kynntu þér franskan munað í Citroën C4 Comfort.
Meðal staðalbúnaðar er tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, ESP stöðugleikastýring, hraðastillir, start/stop spartækni, hiti í sætum, vindskeið, skyggðar rúður og fullkomin aksturstölva. 5 stjörnu öryggi í árekstrarprófum EuroNCAP.

Sjáðu hönnun og gæði hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8:

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Citroën C1 SX
1,0 VTI bensín 68 hö.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 4,5 l/100 km.
Koltvísýringur CO_2 103g/km.
Sjáðu verðið: 2.090 þús. kr.
Frítt í stæði

Citroën C3 Seduction
1,6 eHDi dísil 92 hö Airdream.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km.
Koltvísýringur: CO_2 93g /km.
Sjáðu verðið: 2.890 þús. kr.
Frítt í stæði

Citroën C4 Comfort
1,6 eHDi dísil 112 hö Airdream.
5 dyra 6 gíra sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km.
Koltvísýringur: CO_2 98g /km.
Sjáðu verðið: 3.690 þús. kr.
Frítt í stæði.

Citroën Berlingo Multispace
1,6 HDi dísil 92 hö.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 5,3l/100 km.
Koltvísýringur: CO_2 139g /km
Sjáðu verðið: 3.450 þús. kr.

Citroën C5 Dynamique
2,0 HDi dísil 163 hö.
4 dyra 6 gíra sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 6,2 l/100 km.
Koltvísýringur: CO_2 163g /km.
Sjáðu verðið: 5.890 þús. kr.

Bonjour! Ráðgjafar Citroën taka vel á móti þér. Komdu í kaffi og upplifðu framúrskarandi þjónustu.
Komdu með gamla bílinn. Tökum allar tegundir uppí nýjan Citroën.

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

Öruggur staður til að vera á

*Mánaðargreiðsla miðast við óverðtryggðan bílasamning Landsbankans til 84 mánaða. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Citroën.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 18. febrúar 2012

Tónleikar

15.00 Stórsveit Reykjavíkur fagnar 20 ára afmæli sínu með tónleikum í Kaldalónssal í Hörpu. Séstakir gestir verða Kristjana Stefánsdóttir og Ragnar Bjarnason. Miðaverð er kr. 2.500, en kr. 2.000 fyrir nemendur og eldri borgara.

Sýningar

13.30 Í tilefni opnunar sýningarinnar Óróleikinn nær til Íslands mun Guðni Tómasson listsagnfræðingur halda fyrirlestur í ráðstefnusal Arion banka, Borgartúni 19. Guðni mun fjalla um umbrot í þjóðlífi og myndlist um miðja 20.öld. Sýnd verða verk úr safneign Arion banka. Allir velkomnir.

15.00 Sýningin Ásjóna verður opnuð í Listasafni Árnesinga. Ný og eldri verk úr safneigninni verða til sýnis og áhersla verður lögð á teikningu og portrait. Aðgangur er ókeypis.

Uppákomur

12.00 Háskóladagurinn er haldinn í Háskólanum í Reykjavík (HR og Listaháskóli Íslands), Norræna húsinu (Háskólinn á Bifröst), Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólabíói (Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands, HÍ, Listaháskóli Íslands, Keilir og norrænir háskólar). Á Háskóladaginn kynna nemendur, kennarar og námsráðgjafar allra háskóla landsins, auk 13 norrænna háskóla, námsframboð skólanna.

14.00 Birna Þórðardóttir býður upp á klukkutíma afmælisgöngu um ljúfa staði miðborgarinnar, í tilefni tíu ára afmælis Menningarfylgdar Birnu ehf. Upphaf göngunnar verður á Skólavörðuholtinu. Gangn verður á sérstökum afmælisafslætti og kostar kr. 1.500, frítt fyrir börn.

Umræður

11.30 Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður Landsamtaka sauðfjárbænda verður gestur á laugardagsspjalli Framsóknar í Framsóknarhúsinu að Hverfisgötu 33, Reykjavík. Sigurgeir mun ræða um stöðu greinarinnar í dag og framtíðarhorfur. Að loknu erindi og umræðum verður boðið upp á kjötsúpu. Allir velkomnir.

Tónlist

21.00 brasilísk tónlistarveisla og partý verður haldið á Faktory í tilefni af kjötkveðjuhátíðinni í Brasilíu. Allir velkomnir.

22.00 Andrea Gylfadóttir túlkar helstu perlur kvikmyndatónlistar við undirleik Bíóbandsins á Græna Hattinum, Akureyri. Þar á eftir koma Bítladrengirnir Blíðu fram og flytja hin klassísku lög The Beatles með frumlegum og áhrifaríkum hætti. Miðaverð er kr. 2.000.

23.00 Skemmtistaðurinn Spot, Kópavogi, stendur fyrir Queen tribute tónleikum í umsjá Killer Queen hópsins. Strax að tónleikunum loknum hefst svo Norðlendingakvöld þar sem Hvanndalsbræður leika fyrir dansi. Sérstakir gestir þeirra verða Raggi Sót í Skriðjöklum og Kalli Örvars í Suðkompaníinu, auk þeirra Magna ÁMS og Eyþórs Inga í Todmobile.

23.00 Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Sérstakur gestur verður Ásgeir Óskarsson trommuleikari. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Sálin hans Jóns míns stígur á stokk á skemmtistaðnum Nasa. Nasa verður fljótlega lokað, svo nú fer hver að verða síðastur að njóta tónleika þar. 20 ára aldurstakmark og miðaverð kr. 2.500.

Leiðsögn

15.00 Hulda Hlín Magnúsdóttir býður upp á leisögn í tengslum við sýningu hennar, Lit-lifun, hjá 7factory Gallerí Fiskislóð 31. Allir velkomnir.

Útivist

10.00 Hjólreiðaferð á vegum LHM verður farin frá Hlemmi. Hjólað verður í 1-2 tíma um borgina. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Nánari upplýsingar á vef LHM.is.

Sunnudagur 19. febrúar 2012

Tónleikar

15.15 Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir sellóleikari heldur einleikstónleika í 15:15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu. Miðaverð er kr. 2.000, en 1.000 fyrir öryrkja, eldri borgara og nemendur.

20.00 Karlakórinn Þrestir fagna aldarafmæli með stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Þar koma Þrestir fram ásamt dægurstveit og einsöngvurum.

Fundir

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge, Tvímenningur, verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Sýningar

12.00 Listvinafélag Hallgrímskirkju opnar sýningu með verkum Inga Hrafns Stefánssonar í fokirkju Hallgrímskirkju.

Umræður

15.00 Heimspekikennararnir Brynhildur Sigurðardóttir og Ingimar Ólafsson Waage leiða umræðusmiðju sem byggir á sýningu spænska listamannsins Santiago Sierra í Hafnarhúsi. Smiðjan er sérstaklega ætluð ungu fólki á aldrinum 16 ára og eldri, en öðrum áhugasömum er einnig velkomið að taka þátt.

GoRed – fyrir konur á konudaginn 19. febrúar í Perlunni

KLÆÐUMST RAUÐU!

Lækkum tíðni hjarta- og æðasjúkdóma hjá konum á Íslandi.

Dagskrá:

11:00 Létt ganga um Öskjuhlíðina.

11:30 Húsið opnar

Tónlist - Kristján Hrannar Pálsson

12:00 - Fundarstjóri Edda Þórarinsdóttir býður gesti velkomna.

Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, hjartalæknir og formaður GoRed á Íslandi:
GoRed - af hverju - fyrir hverja.

Jón Steinar Jónsson, heimilislæknir Garðabæ:
Hreyfing sem meðferð - af hverju og þá hvernig?

Magnús R. Jónasson, endurhæfingarlæknir Reykjalundi:
Hjartaendurhæfing - hvers vegna, hvar og hvernig?

Ingibjörg Pálmadóttir verndari GoRed á Íslandi flytur lokaorð.

Orð og söngur verða flutt á milli atriða

Gert er ráð fyrir að formlegri fræðsludagskrá ljúki klukkan 13.15

Frá 13:15 til 15:00 munu eftirtaldir kynna starfsemi sína:
Hjartavernd, Hjartaheill, Heilaheill, GoRed fyrir konur, Reykjalundur, HL-stöðin Reykjavík, Grensás, Landspítalinn - göngudeild kransæða- og taugalækninga og hjartaendurhæfing, Embætti landlæknis.

Til mikils að vinna, því markmið átaksins er að fræða konur og karla um einkenni hjarta- og æðasjúkdóma en sú þekking getur bjargað mannslífi.

www.gored.is

Heilaheill · PERLAN · LYFJA · HjartaHeill · GoRed fyrir konur · HJARTAVERND

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Kvikmyndir

22.00 Vikulegt þynnkubíó á skemmtistaðnum Prikinu. Aðgangur ókeypis og popp í boði.

MÍR sýnir rússnesku kvikmyndina Brestvirkið (Brestskaja krepost). Myndin er með enskum texta og er aðgangur ókeypis.

Uppákomur

14.00 Fjölskyldusmiðja í gerð öskupoka og bolluvanda verður haldin í Gerðubergi. Krakkar á öllum aldri, og fjölskyldur þeirra, eru velkomnir. Allt efni á staðnum og aðgangur ókeypis. Allir velkomnir. Smiðjan er í boði Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

Dansleikir

20.00 Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist á dansleik Félags eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

Leiðsögn

14.00 Ágústa Kristófersdóttir, sýningastjóri við Þjóðminjasafn Íslands, leiðir gesti um sýninguna TÍZKA - kjólar og korselett. Leiðsögnin er áhugasömum að kostnaðarlausu.

14.00 Dagný Heiðdal listfræðingur mun fjalla um sýningarnar Í afbyggingi og ÞÁ OG NÚ í Listasafni Íslands. Mun Dagný skoða sérstaklega verk sem endurspegla þjóðfélagsumrót og kvennabaráttu.

Myndlist

09.00 Ingi Hrafn Stefánsson opnar sýningu í Hallgrímskirkju á málverkum og teikningum af kirkjunni og fjöllum. Sýningarstjóri er Kristinn G. Harðarson.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Líkami, sál, andi

Konudagurinn verður hátíðlegur í Vídalínskirkju í Garðabæ eins og undanfarin ár. Þaðan verður útvarpað guðsþjónustu klukkan 11, í henni flytur Gullveig Sæmundsdóttir ritstjóri hugvekju og séra Jóna Hrönn Bolladóttir þjónar fyrir altari ásamt Kolbrúnu Sigmundsdóttur og Guðrúnu Björt Yngvadóttur sóknarnefndarmönnum. Kvennakór Garðabæjar syngur undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur og undirleikarar eru Sólveig Anna Jónsdóttir á píanó og orgel og Bryndís Björgvinsdóttir á selló.

Eftir guðsþjónustuna bera Lionsmenn í Garðabæ fram ilmandi súpu og brauð í safnaðarheimilinu og að máltíð lokinni verður vorlínan frá versluninni Ilse Jacobsen á Garðatorgi sýnd af fyrirsætum úr bæjarfélaginu.

Örmálþing verður í Vídalínskirkju klukkan 13 þar sem Jóhanna Vilhjálmsdóttir flytur erindi um heilsueflingu og mikilvæg vítamín fyrir líkamann. „Maðurinn er líkami, sál og andi og dagskráin er byggð á þeim mikilvægu sannindum," segir Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Vídalínskirkju og segir alla innilega velkomna. **-gun**

KVENNAKÓR GARÐABÆJAR Kórinn syngur undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur við guðsþjónustuna.

LEIKHÚSUPPLIFUN
FYRIR BÖRN FRÁ 4 ÁRA ALDRI

Skrímslið litla systir mín

Lau. 18. feb. kl. 12.00 uppselt
Lau. 18. feb. kl. 15.00 uppselt
Sun. 19. feb. kl. 12:00 aukas.
Sun. 19. feb. kl. 14.00 uppselt
Lau. 25. feb. kl. 12.00 aukas.
Lau. 25. feb. kl. 15.00
Sun. 26. feb. kl. 12.00 aukas.
Sun. 26. feb. kl. 15.00

★★★★★
E.B. Fréttablaðið

LEIKHÚSIÐ
10 FINGUR
Sýnt í Norræna húsinu í febrúar

Miðapantanir: midi.is og
Norræna húsið s: 551 7030
Nánari upplýsingar á tiufingur.is

Purity Herbs

Ekki gleyma
KONUNNI Á KONUDAGINN!

Dekraðu við frúna með 100% náttúrulegum hágæða snyrtivörum frá Purity Herbs

20% AFSLÁTTUR

BAÐSALT SLAKANDI
Kjarnaolíu sjávarsalt sem afstressar og mýkir húðina. Sefar og endurnærir.
Verð áður 1.372
Verð nú 1.098

ANDLITS SERUM
Andlits-serum djúpnærir húðina og gefur henni hraustlegt útlit.
Verð áður 4.408
Verð nú 3.527

UNDUR RÓSARINNAR
Sérvalin jurtablanda sem styrkir hárræðarnar og jafnar húðlit. Olíurnar í kreminu viðhalda réttu fitumagni.
Verð áður 4.721
Verð nú 3.777

Afsláttur gildir
18.–19. febrúar

Íslensk framleiðsla

Lyf & heilsa
við hlustum!

38 SINNUM, AÐ MEÐALTALI, á dag líta konur á sig í spegli. Þetta segir í nýjum rannsóknum Institute of Psychiatry í London en mikið speglagláp ku ekki hafa góð áhrif á sálarlífið samkvæmt sömu rannsókn.

Sprauta blóði í hrukkurnar

HEILSA Nýjasta æðið í lýtalækningum er að sprauta blóði úr handleggjum í andlitshrukkur. Aðgerðin kallast því kaldhæðna nafni, vampírumeðferðin og hefur verið vinsæl meðal fræga fólksins í Hollywood um hríð. Svo mikið að Fox News fjallaði um málið og blaðamaður frá norska blaðinu VG fann sig knúinn til að prufa meðferðina. Blóðið á að slétta úr hrukkum en meðferðin er ennþá það ný af nálinni að ekki er búið að sannreyna að hún virki. Aðdáendur meðferðarinnar telja hana hins vegar líf-rænni og umhverfisvænni en hina algengu Botox hrukkumeðferð.

MARGIR KOSTIR Vampírumeðferðin snýst um að endurnýta blóð úr handleggjum.

Í ROKKHERBERGINU Þráinn Árni Baldvinsson heldur á þremur útgáfum af sömu Kiss-plötunni, nema hvað að ein er frá Argentínu, önnur frá Ástralíu og sú þriðja frá Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lætur ekkert stoppa sig þegar Kiss er annars vegar

Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari Skálmaldar, er með sérstakt rokkherbergi heima hjá sér. Þar fær árátta hans tengd hljómsveitinni Kiss að njóta sín.

HASARFÍGÚRUR Uppi á hillu eru tvær hasarfígúrur af söngvaranum Paul Stanley. Ein er enn í kassanum en loftið fær að leika um hina. Einnig er þar árituð mynd af hljómsveitinni Iron Maiden.

HEIMILI Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari Skálmaldar, nýtur þeirra forréttinda að vera með rokkherbergi heima hjá sér. Í því eru geisladiskar, vínylplötur og alls kyns munir tengdir uppáhaldshljómsveitum hans Kiss, Iron Maiden og Metallica en aðallega þó Kiss.

„Við flytjum inn í þessa íbúð 2007. Ég var með svo mikið dót sem var búið að fylgja mér í gegnum tíðina að konan vissi alveg að hverju hún var að ganga þegar við byrjuðum að hittast nokkrum árum áður," segir Þráinn. „Þannig að það var allan tímann á hreinu að þetta yrði herbergi fyrir þetta drasl. Svo er konan líka mikill tónlistaráhugamaður, þótt hún sé í allt öðrum geira. Hún kemur hérna inn og setur Sinéad O´Connor á fóninn, þannig að þetta er samvinnuverkefni."

Þegar Þráinn er ekki að hlusta á tónlist í herberginu æfir hann sig á gítarinn. Spurður út í andrúmsloftið í rokkrýminu segir hann það mjög gott. „Ég er búinn að spyrja nágranna mína hvort þetta trufli þá eitthvað og einn sagði að ég ætti nú bara að hækka heldur en hitt, þannig að þetta er alveg dásamlegt."

Hann hefur alla tíð verið mikill aðdáandi Kiss og hefur safnað ýmsum munum tengdum sveitinni í gegnum árin, þar á meðal árituðum plötum, Paul Stanley-hasarfígúrum og árituðum myndum. Hann er meira að segja með Kiss-nestisbox uppi á hillu sem að sjálfsögðu verður aldrei notað.

„Ég var heilaþveginn af Kiss þegar ég var lítill og man ekki eftir mér öðruvísi. Frændi minn var mikill Kiss-aðdáandi og eftirlét mér allt sitt plakatasafn á sínum tíma," segir hinn 35 ára Þráinn, sem sá goðin sín fyrst á tónleikum þegar hann var tólf ára. „Söfnunarárátta er fyrst og fremst vínyl-„geðveiki" og þar læt ég ekkert stoppa mig þegar kemur að Kiss."

Sem dæmi á hann plötuna Lick It Up í mörgum mismunandi útgáfum, þar á meðal innsiglaðri, mexíkóskri og japanskri. Síðustu Kiss-plötu, Sonic Boom, keypti hann í tveimur vínylútgáfum, á geisladiski, á geisla- og myndiski og í japanskri útgáfu. Hann kaupir einnig allar sólóplötur meðlima Kiss, þar á meðal trommuleikarans Peters Kriss. „Þær eru allar alveg hræðilegar, hundleiðinlegt djassað rugl en ég kaupi þær samt." Samanlagt eru Kiss-titlarnir í herberginu orðnir hátt í eitt þúsund talsins.

Þrátt fyrir aðdáun hans á Kiss segist hann ekki viss um hvort hægt sé að falla fyrir hljómsveitinni á fullorðinsárum. „Þetta er svo mikill partur af því að alast upp. Allar plöturnar eru eins og tímavélar fyrir mann," segir hann og telur þetta ekki verra áhugamál til dæmis golf. Hann á einmitt erfitt með að skilja hvers vegna menn ákveða á einhverjum tímapunkti að hætta að hlusta á uppáhaldstónlistina sína. „Mér finnst það léleg afsökun að einhver haldi að hann þurfi að fullorðnast. Það er bara rugl. Menn eiga að vera heilir í sínu og hafa gaman að þessu. En ég er fyrstur til að viðurkenna að þetta er bara klikkun."

freyr@frettabladid.is

STÓR ÚTSALA

Á VETRARFATNAÐI

Verð áður kr. 39.990
Verð nú kr. 22.900

Verð áður kr. 17.990
Verð nú kr. 9.900

Verð áður kr. 29.990
Verð nú kr. 14.900

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

Mikið úrval af skíðafatnaði, útivistarfatnaði, barnafatnaði og mörgu fleiru.

OPNUNARTÍMAR

Föstudagur	17. feb	kl. 12-20
Laugardagur	18. feb	kl. 10-18
Sunnudagur	19. feb	kl. 11-18

Lagersala - Nýbýlavegi 18
(Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO·ON ICELAND
www.zo-on.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

79 ÁR fyllir Íslandsvinkonan Yoko Ono í dag. Ekki er vitað hvar daman ætlar að fagna tímamótunum en líklega verður stærra partý á næsta ári.

Orlofshús óskast

Flugvirkjafélag Íslands óskar eftir að taka á leigu orlofshús fyrir félagsmenn sína frá 1. apríl 2012 til 1. apríl 2013.
Húsið þarf að vera vel búið húsgögnum og almennum búnaði.
Áhugasamir sendi upplýsingar um staðsetningu, stærð, mögulegum fjölda gesta, aldur eignar, aðstöðu (heitir pottar og slíkt), möguleikum á afþreyingu í næsta nágrenni, o.s.frv. á netfangið flug@flug.is fyrir 1. mars nk.

FVFI

20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM TÖSKUM!
VERIÐ VELKOMNAR Í KRINGLUNA OG SMÁRALIND!

ZIKA
TÍSKUHÚS

Konudagshelgi
Frá föstudegi til sunnudagskvölds býður veitingahúsið Einar Ben upp á glæsilegan og rómantískan kvöldverð
♥♥♥♥♥♥
Reykt bleikja og blómkál.
Þorskur og hægeldað naut í Tommasi rauðvíni og seljurót.
Lamb, grasker, timian og Tommasi Spumante hollandaise.
Tommasi Perur soðnar í rauðvíni.
Heit súkkulaði kaka, kirsuber og mjólkurís.
6.100 kr. pr. mann.
Á sunnudagskvöldið bjóðum við frúnni í matinn.
ATH! eingöngu gegn borðapöntun
Einar Ben RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090
www.einarben.is

SÖNGVARI ÁRSINS Valdimar Guðmundsson, úr hljómsveitinni Valdimar, var tilnefndur sem söngvari ársins. Hér er hann ásamt gítarleikara hljómsveitarinnar, Högna Þorsteinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlustendur afhentu sjálfir tónlistarverðlaun X-ins

Söngvarinn Mugison og hljómsveitin Of Monsters and Men fóru heim með meira en helming verðlauna kvöldsins þegar Tónlistarverðlaun X-ins 977 voru veitt á fimmtudagskvöldið var. Mugison hlaut þrenn verðlaun og Of Monsters and Men tvenn. Gunnar Sigurðsson, eða Gunni samloka, var kynnir hátíðarinnar sem fór fram á skemmtistaðnum Nasa.

Veitt voru verðlaun í átta flokkum, og voru sigurvegarar valdir af hlustendum X-ins. Auk þess veitti Iceland Express sérstök útflutningsverðlaun í formi flugfara, til að auðvelda flytjendum að kynna tónlist sína erlendis. Athygli vakti að hlustendur X-ins veittu verðlaunin í stað frægðarfólks. - trs

KYNNTI HÁTÍÐINA Gunnar „samloka" Sigurðsson var kynnir kvöldsins.

VIÐBURÐUR ÁRSINS Egill Tómasson hjá Iceland Airwaves var eflaust sáttur með sitt, en Airwaves hlaut verðlaun sem viðburður ársins. Hér er hann ásamt þeim Krumma í Mínus og Adda í Sólstöfum.

ÞRJÁR TILNEFNINGAR Hljómsveitin Vicky var tilnefnd í flokkunum Plata ársins með plötuna Cast a light og Lag ársins fyrir lag sitt Feel good. Auk þess var söngkona sveitarinnar, Eygló Scheving, tilnefnd sem söngkona ársins.

MIKIL STEMNING Það var fullt út úr dyrum á hátíðinni og mikil stemning í salnum.

NÝLIÐAR ÁRSINS Helgi Kaldalón og Arnar Frosta úr hljómsveitinni Úlfur Úlfur. Hljómsveitin var valin af aðdáendum Facebook síðu Beck's á Íslandi sem Beck's nýliði ársins.

SIGURVEGARAR KVÖLDSINS

Flytjandi ársins: Mugison
Lag ársins: Little Talks með Of monsters and men
Plata ársins: Haglél með Mugison
Söngkona ársins: Nanna Bryndís Hilmarsdóttir úr Of monsters and men
Söngvari ársins: Mugison
Tónlistarmyndband ársins: Fjara með Sólstöfum
Viðburður ársins: Iceland Airwaves
Beck´s nýliði ársins: Úlfur Úlfur

Einnig veitti Iceland Express hljómsveitinni Sólstöfum sérstök útflutningsverðlaun.

Brjáluð út í pabba

Adele ætlar að hrækja í andlitið á föður sínum hitti hún hann einhvern tímann aftur.

Í viðtali við bandarísku útgáfuna af Vogue segist hún ekkert vilja með föður sinn Mark Evans hafa. Hann samþykkti að fara í viðtal hjá götublaðinu The Sun í fyrra gegn hárri greiðslu þar sem hann ræddi um áfengisfíkn sína og skilnaðinn við móður söngkonunnar.

„Í raun og veru var ég á þessum tíma tilbúin til að hitta hann á nýjan leik," sagði hún. „Hann klúðraði því. Hann mun aldrei heyra í mér aftur. Ekkert kemur mér í meira uppnám en að pabba mínum hafi verið mútað af blöðunum.

BRJÁLUÐ Söngkonan Adele er bálreið út í föður sinn.

Hann birtist allt í einu eftir tíu ár og segir: „Kannski eru karlavandræði hennar tilkomin vegna mín". Hvernig dirfist hann að tjá sig um líf mitt? Ef ég hitti hann aftur mun ég hrækja í andlitið á honum."

Þekktir blúsarar á Blúshátíð

Tveir þekktir bandarískir blústónlistarmenn koma fram á Blúshátíð í Reykjavík, eða þeir John Primer og Michael „Iron Man" Burks.

Primer hefur leikið stórt hlutverk í hljómsveitum Muddy Waters, Magic Slim og Willie Dixon. Fáir núlifandi tónlistarmenn túlka Chicago-blúsinn af jafn mikilli næmni og ákefð og Primer.

Michael Burks er frábær gítarleikari en einnig söngvari og lagahöfundur með skemmtilega sviðsframkomu. Dagblaðið The Chicago Sun-Times hélt því fram að Burks væri við það að slá rækilega í gegn.

Fjöldi íslenskra listamanna kemur fram á Blúshátíð þar sem Blúsmenn Andreu, Tregasveitin, Marel Blues Project og Vintage Caravan fara fremst í flokki.

Hátíðin hefst með blúsdegi í miðbænum laugardaginn 31. mars. Þrennir stórtónleikar verða á Reykjavík Hilton Nordica og klúbbur Blúshátíðar er starfræktur á hótelinu eftir tónleika. Miðasala er á Midi.is.

MICHAEL BURKS „Járnmaðurinn" spilar á Blúshátíð Reykjavíkur í ár.

JOHNNY CASH Cash hefði orðið áttræður 26. febrúar næstkomandi.

Tónleikar til heiðurs Cash

Minningartónleikar um tónlistarmanninn Johnny Cash verða haldnir í Lindakirkju 26. febrúar, sama dag og hann hefði orðið áttræður.

Söngvarar verða Björgvin Halldórsson, Regína Ósk, Svenni Þór, Ingó Veðurguð og Arnar Ingi Ólafsson. Auk þess syngur kór Lindakirkju á tónleikunum undir stjórn Óskars Einarssonar. Hljómsveitina skipa Óskar Einarsson á píanó, Jóhann Ásmundsson á bassa, Friðrik Karlsson á gítar, Sigurgeir Sigmundsson á gítar og Benedikt Brynleifsson á trommur. Milli atriða verða sagðar sögur af Johnny Cash og ævi hans reifuð í stórum dráttum. Miðar eru seldir í Lindakirkju og í Kirkjuhúsinu á Laugavegi.

Nasistamynd vekur athygli

Finnska vísindaskáldsögugrínmyndin Iron Sky hefur vakið mikla athygli á kvikmyndahátíðinni í Berlín. Hún fjallar um hóp nasista sem flýr til tunglsins í lok síðari heimsstyrjaldarinnar og leggur þar á ráðin um að frekari illvirki á jörðinni. Myndin gerist árið 2018 þegar hermaður nasista kemst í kynni við bandarískan geimfara. Sumir telja að með sýningu myndarinnar sýni Þjóðverjar að þeir séu meira til í en áður að horfast í augu við fortíðina. Leikstjórinn Timo Vuorensola hefur lýst myndinni sem heimskulegu gríni en síðasta mynd hans hét Star Wreck.

Háskóladagurinn 18. febrúar

Velkomin í HR

Saman látum við hjólin snúast

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Skoðaðu dagskrá Háskóladagsins á www.hr.is

Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands verða í HR. | HÍ kynnir Háskóli Íslands starfsemi sína. Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Listaháskólinn, Keilir og danskir og sænskir háskólar verða í Háskólabíói og Bifröst í Norræna húsinu.

HÁSKÓLA DAGURINN

Eltist við draumana

Drew Barrymore segir mikilvægt að eltast við draumana sína vegna þess að hlutirnir detti aldrei í fangið á manni sjálfkrafa.

„Ég er stelpa sem vil láta draumana rætast. Lífið er of stutt til að missa af einhverju. Hlutirnir gerast ekki sjálfkrafa," sagði hin 36 ára leikkona.

Barrymore er trúlofuð Will Kopelman en þau hafa verið saman í um eitt ár. Hún viðurkennir að eiga erfitt með að finna jafnvægi á milli leiklistarinnar og einkalífsins. „Það er mikil áskorun en margir aðrir glíma við sama vandamál."

Hún segist í viðtal við Belfast Telegraph vera virkilega hamingjusöm og er alveg sátt við að fara ekki eins mikið út á lífið og áður. „Ég samgleðst þeim sem dansa og skemmta sér. En í dag held ég að fólk vilji frekar vera á Facebook en að fara á skemmtistaði."

RIHANNA TEKUR LAGIÐ MEÐ KVALARA SÍNUM

Talið er að söngvarinn Chris Brown, fyrrverandi kærasti Rihönnu, komi fram í myndbandi hennar á næstunni. Það væri eðlilegt ef Brown hefði ekki gengið illa í skrokk á henni fyrir þremur árum.

Annar af upptökustjórum nýs lags Rihönnu, Birthday Cake, hefur látið hafa eftir sér að fljótlega verði gefið út myndband með laginu með mjög umdeildum og óvæntum breytingum. Upplýsingar hafa lekið út um að þessi breyting sé sú að fyrrverandi kærasti söngkonunnar, og einn umdeildasti maður heims um þessar mundir, Chris Brown komi til með að syngja lagið með henni en sögusagnir af endurupptöku sambands þeirra hafa tröllriðið öllu að undanförnu.

Flestir muna eflaust eftir dramatískum endi tæplega árs langs sambands þeirra. Það var að morgni 8. febrúar 2009 þegar parið var í bifreið Browns á leið heim úr fyrirpartýi Clives Davis fyrir Grammy-verðlaunahátíðina sem fór fram viku síðar. Brown stöðvaði bílinn utan vegar þegar rifrildi blossaði upp milli parsins vegna SMS-skeyta sem hann hafði þá fengið frá annarri konu og báru með sér að hann ætti í framhjáhaldi. Þar beitti hann söngkonuna grófu líkamlegu ofbeldi, hótaði henni líflátí, hélt um háls hennar þar til hún missti meðvitund og skildi hana svo eftir. Þegar lögreglu bar að garði var Brown horfinn á braut og Rihanna svo illa farin að færa þurfti hana á spítala, með bólgur í andliti, sprungna vör, blóðnasir og hún var mikið marin. Þar að auki var hún með bitför á öllum líkamanum, þó aðallega á höndum og fingrum.

Rihanna lagði fram kæru á hendur Brown sem var fundinn sekur um líkamsárás og í kjölfarið var sett á hann nálgunarbann. Í júlí það sama ár gaf hann út myndband á netinu þar sem hann sagðist sjá eftir gerðum sínum og bað Rihönnu og alla aðdáendur sína afsökunar á hegðun sinni.

Í lok árs 2010 óskaði söngvarinn eftir því að nálgunarbanninu yrði aflétt og þar sem Rihanna mótmælti því ekki varð honum að ósk sinni þann 22. febrúar 2011.

Margir vilja meina að sambandið hafi hafist að nýju strax þá, þó Brown hafi verið í sambandi síðustu mánuði. Það er þó greinilegt að eitthvað er í gangi á milli þessara tveggja. Nú er bara að bíða og sjá hvort myndbandið komi til með að ljóstra upp um hvað það sé. **tinnaros@frettabladid.is**

ER ÞAÐ BROWN?

Gæti verið að parið fyrrverandi væri að gefa út lag saman, aðeins þremur árum eftir líkamsárásina umtöluðu?

Alvöru karnival stemning á Faktorý

„Okkur langar til að kynna fólk fyrir þessari fallegu menningu og gefa smá sól í líkamann í öllu þessu myrkri hérna," segir Kristín Bergsdóttir, sem stendur fyrir karnival hátíð á skemmtistaðnum Faktorý á laugardagskvöld, ásamt eiginmanni sínum Samúel Jóni Sæmundssyni.

Þau hjónin fluttu til Rio de Janeiro í Brasilíu í þrjá mánuði árið 2010 til að kynna sér betur samba tónlist. „Mig hefur alltaf dreymt um að fara út, svo við slógum bara til. Við vorum svo heppin að vera þarna þegar karnival hátíðin stóð yfir og var sú upplifun alveg ógleymanleg," segir Kristín.

Hún líkir hátíðinni við hinn íslenska öskudag þar sem allir klæði sig upp í búninga, en hún standi þó yfir í fleiri daga. „Hátíðin byrjar á því að borgarstjóri Rio afhendir fígúrunni Bóbó, sem er leikinn af feitlögnum manni, lyklana að borginni. Fólkið á svo borgina í viku og hún er algjörlega undirlögð tónlist." segir Kristín.

Þetta er í annað skipti sem þau standa fyrir þessum karnival fögnuði hér á Íslandi, en þau gerðu það í fyrra líka við frábærar undirtektir þar sem fólk dansaði stanslaust langt fram á nótt.

Kristín segir mikið lagt í kvöldið. Þau hjón munu sjá um tónlistina, ásamt hljómsveitum sínum, staðurinn verður vel skreyttur og hægt verður að fá hinn vinsæla brasilíska drykk Caipirinha á barnum. „Svo er bara að láta sjá sig og hafa gaman," segir Kristín hress í bragði. **- trs**



SÓL Í LÍKAMANN Kristín og Samúel, eiginmaður hennar, standa fyrir karnival fögnuði í anda hátíðarinnar í Brasilíu á Faktorý á laugardagskvöld.

Hin eina sanna skósprengja

Opið alla helgina

90%

Lágmarks-afsláttur 50%

Allt að afsláttur

Opið

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco®
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook®

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

ÁGÆTIR SPRETTIR Extremely Loud and Incredibly Close stígur óþarflega mikið yfir vellustrikið.

Grátur og gnístran tanna

Bíó ★★☆☆☆

Extremely Loud and Incredibly Close

Leikstjórn: Stephen Daldry

Leikarar: Thomas Horn, Tom Hanks, Sandra Bullock, Max von Sydow, Viola Davis, John Goodman, Jeffrey Wright

Í New York árið 2001 býr Thomas nokkur Schell, eldklár en sérstakur piltur sem missir föður sinn í árásinni á Tvíburaturnana 11. september. Eins og gefur að skilja á drengurinn erfitt með að aðlagast föðurleysinu og sætta sig við missinn, þó að ástrík móðir hans vilji allt fyrir hann gera, og eftir að Thomas finnur dularfullan lykil í dóti föður síns leggur hann af stað í mikla leit um alla borg að lásnum sem hann gengur að.

Þó leikstjórinn sé breskur á hann í litlum vandræðum með að fylla myndina af bandarískri ofurtilfinningasemi að hætti Hollywood. Efnið býður að vísu hættunni heim, en myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Jonathan Safran Foer sem naut mikilla vinsælda vestanhafs. Það væri bæði ástæðulaust og ósmekklegt að fjalla á kaldranalegan máta um árásirnar á World Trade Center en hér er stundum stigið óþarflega mikið yfir vellustrikið. Samt keppir myndin um sjálf Óskarsverðlaunin fyrir bestu mynd.

Myndin á þó ágæta spretti inn á milli. Hinn ungi Thomas Horn stendur sig frábærlega í sínu hlutverki og Tom Hanks er traustur sem hressi pabbinn. Auðvitað er hann það, hann er holdgervingur hressa pabbans. Max Von Sydow fékk síðan tilnefningu fyrir rullu sína sem þögla gamalmennið sem hjálpar syrgjandi strákpjakknum að leita lássins, en satt best að segja skil ég ekki hvers vegna. Sydow er frábær leikari sem hefur aðeins einu sinni áður verið tilnefndur. Hér gengur hann um götur og sýnir útkrotaðar hendur sínar til skiptis á milli þess sem hann skrifar í gormabók, og uppsker aukaleikaratilnefningu fyrir það. Spes, en líklega lýsandi fyrir hið magra Óskarsár 2011.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Ekki alslæm mynd, en rembist ítrekað við að græta áhorfendur. Leikararnir halda þessu uppi.

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Fráber gamanmynd með sótsvörtum húmor — A FEW BEST MEN — Frá höfundi Death at a Funeral. ★★★★ blurb.com

TOM HANKS SANDRA BULLOCK — TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA — BESTA MYND — ★★★★ boxoffice magazine — LOUD INCREDIBLY CLOSE — ★★★★ hollywood reporter

Fríða og Dýrið 3D — Arion banki

11 ACADEMY AWARD NOMINATIONS — WINNER

SHAME

BALTASAR KORMÁKUR — CONTRABAND — ★★★★ t.v. kvikmyndir.is — FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!

the Help — 4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN

THE MUPPETS — ÍSLENSKUR TEXTI

MAN ON A LEDGE — MÖGNUÐ SPENNUMYND!

ÁLFABAKKA

A FEW BEST MEN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D 12
A FEW BEST MEN VIP	kl. 1:30- 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D VIP
EXTREMELY LOUD INCREDIBLY CLOSE	kl. 5:40 - 8 - 10:40	2D 10
BEAUTY & THE BEAST (FRÍDA OG DÝRIÐ) ísl. tal	kl. 2 - 4 - 6	3D L
HUGO Með íslenskum texta	kl. 2 - 5:20 - 8	2D 10
HUGO Ótextuð	kl. 10:40	3D 10
ONE FOR THE MONEY	kl. 8:20	2D 12
CONTRABAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D 16
PRÓÐULEIKARARNIR	kl. 1 - 3:20	2D L
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 10:40	2D 12
FJÖRFISKARNIR m/ ísl. tali	kl. 1:30	2D L
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	2D L
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ ísl. tali	kl. 3:40	2D L

AKUREYRI

FRÍDA OG DÝRID ísl tal í 3D	kl. 1:30 - 3:40	3D L
EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 8 - 10:30	2D 10
HUGO með ísl texta í 2D	kl. 5:50	2D 10
PRÓÐULEIKARARNIR enskt tal ísl textil	kl. 1:30	2D L
FJÖRFISKARNIR	kl. 3:40	2D L
WAR HORSE	kl. 5:50	2D 12
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:30	2D 12

SELFOSS

A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:20	12
BEAUTY & THE BEAST (FRÍDA OG DÝRIÐ) m/ ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
PUSS IN BOOTS m/ ísl. tali	kl. 2	L
THE HELP	kl. 5	L
CONTRABAND	kl. 8	16
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:20	12

EGILSHÖLL

FRÍDA OG DÝRID m/ ísl tali	kl. 1 - 2 - 3 - 4 - 6	3D L
HUGO	kl. 5:20 - 8	2D 10
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:40	2D 12
EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE	kl. 5 - 10:10	2D 10
ONE FOR THE MONEY	kl. 8 - 10:20	2D 12
PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D L
UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 10:10	2D 16
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ ísl tali	kl. 1 - 3:10	2D L
MAN ON A LEDGE	kl. 8	2D 12

KRINGLUNNI

EXTREMELY LOUD INCREDIBLY CLOSE	kl. 5:40 - 8 - 10:40	2D 10
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:10	2D 12
SHAME	kl. 8 - 10:10	2D 16
BEAUTY & THE BEAST (FRÍDA OG DÝRIÐ) ísl. tal	kl. 1:30 - 3:30	3D L
WAR HORSE	kl. 5	2D 12
THE HELP	kl. 2 - 5	2D L
PRÓÐULEIKARARNIR	kl. 2	2D L

KEFLAVÍK

EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 8	2D 10
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:10	2D 12
THIS MEANS WAR	kl. 10:30	2D 14
HUGO	kl. 5:30	2D 10
FRÍDA OG DÝRID ísl. tal	kl. 1:30(2D)- 3:30 (2D) - 6(3D)	L
PUSS IN BOOTS ísl. tal	kl. 2	2D L
FJÖRFISKARNIR ísl. tal	kl. 4	2D L

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMbíóklúbbinn á SAMbio.is

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%

THIS MEANS WAR 14 — SAFE HOUSE 16 — Toppmyndin á Íslandi í dag! — SKRÍMSLI Í PARÍS ÍSLENSKT TAL L — THE GREY 16 — IRON LADY ★★★★ H.S.K. - MBL — ALVIN OG ÍKORNARNIR L

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

THIS MEANS WAR	6, 8, 10
SAFE HOUSE	5.45, 8, 10.20
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	2(950 kr), 4 ISL TAL
SKRÍMSLI Í PARÍS 2D	2(750 kr), 4 ISL TAL
THE GREY	8, 10.20
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	2(750 kr), 4 ISL TAL
THE IRON LADY	5.50

Sími: 553 2075 — LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó

SÝND KL.2 — SKRÍMSLI Í PARÍS — TÖFRANDI OG LITRÍK TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA — ATH 750 KR Í 2D — 950 KR. Í 3D — ATH 750 KR. — ALVIN OG ÍKORNARNIR — SÝND KL.2

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEISTARAVERK DISNEY Í FYRSTA SKIPTI Í BÍÓ Í sýnd í takmarkaðan tíma — SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI — Fríða og Dýrið 3D

tryggðu þér miða á sambio.is — SPARBÍÓ — MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT — SAMBÍÓIN SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ — HÁSKÓLA BÍÓ — midi.is

FRÁBÆR GRÍNHASARMYND SEM ENGIN MÁ MISSA AF! THIS MEANS WAR 14 — BOXOFFICE MAGAZINE ★★★ — TOTAL FILM ★★☆ — LÚXUS

DENZEL WASHINGTON — RYAN REYNOLDS — SAFE HOUSE — TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! NO ONE IS SAFE 16

10 — STAR WARS EPISODE I 3D — SVARTHÖFÐI.IS

SKRÍMSLI Í PARÍS L

CHRONICLE 12 — FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★ — MORGUNBLAÐIÐ ★★★★

L — THE ARTIST — N.Y.A. FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★★ — FT/SVARTHÖFÐI.IS ★★★★★ — 7 BAFTA VERÐLAUN — 3 GOLDEN GLOBE — 10 ÓSKARS-TILNEFNINGAR — N.R.P. BÍÓFILMAN.IS ★★★★★★★★★★ — A.E.T. MORGUNBLAÐIÐ

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

THIS MEANS WAR	KL. 5.45 - 8 - 10.15	14
THIS MEANS WAR LÚXUS	KL. 5.45 - 8 - 10.15	14
STAR WARS EPISODE 1 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 5	10
STAR WARS EPISODE 1 3D LÚXUS	KL. 2	10
SAFE HOUSE	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20	L
CHRONICLE	KL. 1 (TILBOÐ) - 6 - 8 - 10	12
CONTRABAND	KL. 8 - 10.30	16
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20	L

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS — 5%

THIS MEANS WAR KL. 3.30 (TILBOÐ SUN)	- 5.45 - 8 - 10.15	14
STAR WARS EPISODE 1 3D	KL. 3 (TILBOÐ SUN) - 6 - 9	10
SAFE HOUSE	KL. 8 - 10.30	16
THE DESCENDANTS	KL. 3 (TILBOÐ SUN) - 5.30	L
LISTAMAÐURINN	KL. 6 - 8 - 10	L
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 4 (TILBOÐ SUN)	L

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS

THIS MEANS WAR	KL. 8 - 10	14
SAFE HOUSE	KL. 8 - 10.10	16
STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5.40	10
LISTAMAÐURINN KL. 6 (LAU) L / STRÍÐSYFIRLÝSING KL. 6 (SUN)		L
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 2 (TILBOÐ) - 3.50	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 2 (TILBOÐ)	L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

TILBOÐSBÍÓ



LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ — midi.is

ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 1	L
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 1	L
STAR WARS EP1 3D	KL. 1	10
CHRONICLE	KL. 1	12

HÁSKÓLA BÍÓ AÐEINS SUNNUDAG

SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 4	L
STAR WARS EP1 3D	KL. 3	10
THE DESCENDANTS	KL. 3	L
THIS MEANS WAR	KL. 3.30	14

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

LAUGARDAGUR: A DANGEROUS METHOD 20:00, 22:00 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 20:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** STRÍÐSYFIRLÝSING 18:00, 20:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *HADEWIJCH* 22:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *ÞRAUKI EINN FYLGJA HINIR* 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:15 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00, 20:00 ■ ELDFJALL 18:00 **SUNNUDAGUR:** A DANGEROUS METHOD 20:00, 22:00 ■ THE DESCENDANTS 20:00, 22:15 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** STRÍÐSYFIRLÝSING 20:00, 22:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *BARNSFAÐIRINN* 18:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *SAMAN ER EINUM OF* 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 20:00, 22:00 ■ ELDFJALL 18:00

Tilboðin gilda 18. - 20. febrúar

BERLÍNARBOLLA
BAKAÐ Á STAÐNUM*
VERÐ NÚ
99 KR/STK
VAR ÁÐUR 198 KR/STK
50% AFSLÁTTUR

*gildir ekki um Nettó Salavegi

SVEITASULTUR
FRÁBÆRAR Á BOLLUNA - 400 G
JARÐARB./BLÁBERJA/BERJASULTA
VERÐ NÚ
299 KR/STK

VATNSDEIGSBOLLUR
Í MIKLU ÚRVALI
FRÁBÆRT VERÐ!

BOLLA, BOLLA

BERJASULTA
400 G
VERÐ NÚ
299 KR/STK
SPARAÐU 99 KR

BLÁBERJASULTA
400 G
VERÐ NÚ
299 KR/STK
SPARAÐU 60 KR

JARÐARBERJA SULTA
400 G
VERÐ NÚ
299 KR/STK
SPARAÐU 80 KR

JURTARJÓMI
250 ML
VERÐ NÚ
259 KR/STK

VATNSDEIGSMIX
350 G
259 KR/PK

RJÓMI
1/4 LTR.
214 KR/STK

KONSUM SÚKKULAÐI
NÓA - 200 G
298 KR/STK

BOLLA

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir | Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

netto KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

STÝRISSLEÐI
FUN RACER
XQ MAX

8.998kr
Betra verð!

ÞAÐ ER SLEÐAFÆRI Í NETTÓ

KRISTINN ÓSKARSSON dæmir sinn tólfta bikarúrslitaleik í dag þegar hann flautar bikarúrslitaleik kvenna með Georgi Andersen (annar bikarúrslitaleikur). Kristinn hefur dæmt níu karlaleiki og tvo kvennaleiki. Sigmundur Már Herbertsson dæmir karlaleikinn ásamt Rögnvaldi Hreiðarssyni og Einari Þór Skarphéðinssyni en þetta er níundi bikarúrslitaleikur Sigmundar (sex karlaleikir) og sá áttundi hjá Rögnvaldi (fjórir karlaleikir). Einar er að dæma sinn fyrsta bikarúrslitaleik hjá körlunum.

FERSKIR VINDAR UM HÖLLINA

Þrjú af fjórum félögum í bikarúrslitaleikjunum í ár hafa ekki unnið bikarinn og karalið Tindastóls og kvennalið Snæfells spila bæði sinn fyrsta bikarúrslitaleik í Höllinni í dag. Spámenn og konur úr Iceland Express deildunum eru á því að Tindastóll og Njarðvík fagni sigri í úrslitaleikjum Poweradebikarsins.

KÖRFUBOLTI Karlalið Keflavíkur sker sig svo sannarlega úr meðal þeirra fjögurra liða sem spila til úrslita um Poweradebikarinn í Laugardalshöllinni í dag. Keflvíkingar hafa unnið bikarinn fimm sinnum en þá tilfinningu þekkja hin lið þrjú hins vegar ekki. Þetta verður jafnframt fyrsti bikarúrslitadagurinn í 18 ár sem höfuðborgarsvæðið á engan fulltrúa. Leikur Njarðvíkur og Snæfells í kvennaflokki hefst klukkan 13.30 en karlaleikur Keflavíkur og Tindastóls hefst síðan klukkan 16.00.

Keflvíkingar eru mun ofar í töflunni og sigurstranglegri í karlaleiknum í dag. Stólarnir geta horft til Stjörnumanna sem fóru í Höllina í fyrsta sinn fyrir þremur árum og urðu þá bikarmeistarar eftir mjög óvæntan sigur á afar vel mönnuðu KR-liði.

Sigurganga Sigurðar

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, á nú frábæran möguleika á því að bæta enn einum titlinum í verðlaunasafnið hjá sér en Keflavík varð bikarmeistari undir hans stjórn 1997 og 2003.

Bárður Eyþórsson, þjálfari Tindastóls, er mættur með þriðja félagið í Höllina en þangað fóru einnig á sínum tíma Snæfellingar (2003) og Fjölnismenn (2008) undir hans stjórn. Bárður á enn eftir að vinna stóran titil (Íslands- eða bikarmeistaratitil) sem þjálfari en tvö af fjórum silfrum hans hafa komið eftir töp á móti liðum undir stjórn Sigurðar Ingimundarsonar.

Endurtekning frá 1999?

Tindastóll hefur aldrei komist í bikarúrslitaleikinn áður en Stólarnir unnu sinn eina titil í nóvember 1999 þegar þeir unnu Keflavík í úrslitaleik Eggjabikarsins. Svavar Birgisson og Helgi Freyr Margeirsson eru einu leikmenn Tindastóls í dag sem spiluðu þennan leik í Smáranum fyrir rúmum tólf árum.

Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur, er reynslumesti leikmaðurinn í dag en hann er að fara spila sinn fjórða bikarúrslitaleik. Halldór Örn Halldórsson og Gunnar H. Stefánsson voru einnig með þegar Keflavík vann bikarinn síðast fyrir átta árum. Þröstur Leó Jóhannsson, leikmaður Tindastóls, var með Keflavík í síðasta bikarúrslitaleik félagsins sem tapaðist árið 2006. Enginn Tindastólsmaður hefur unnið bikarinn en Friðrik Hreinsson tapaði bikarúrslitaleiknum með Hamar/Selfoss árið 2007.

Nýtt nafn á bikarinn

Njarðvík og Snæfell keppa um það í dag að verða áttunda félagið sem vinnur bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki en Njarðvík er sigurstranglegra enda mun ofar í töflunni og þegar búið að slá út bæði Keflavík og Hauka. Njarðvík hefur tapað fyrstu þremur bikarúrslitaleikjum sínum en Snæfell er komið í Höllina í fyrsta sinn. Aðeins 3 af 8 liðum hafa unnið bikarinn í fyrstu tilraun en það gerðist síðast þegar Haukar unnu í bikarúrslitaleiknum 1984. Hinir gullnu nýliðarnir eru ÍS (1978) og Þór (fyrsti leikurinn 1975).

Njarðvík lék síðast til úrslita fyrir tíu árum en tapaði þá fyrir KR í framlengdum leik. Hildur Sigurðardóttir, núverandi leikmaður Snæfells, varð þá bikarmeistari í fyrsta sinn á ferlinum en hún lyfti einnig bikarnum sem fyrirliði KR fyrir þremur árum.

Njarðvíkingarnir Ólöf Helga Pálsdóttir og Petrúnella Skúladóttir urðu bikarmeistarar saman með Grindavík fyrir fjórum árum og eru einu leikmenn Njarðvíkurliðsins sem þekkja það að fara í Höllina. Hildur og Alda Leif Jónsdóttir hafa eina reynslu af bikarúrslitaleikjum í Snæfellsliðinu en Alda Leif á möguleika að verða bikarmeistari með þriðja félaginu.

Ef litið er á innbyrðisleiki vetrarins er ekki hægt að sjá fyrir annað en að karlalið Keflavíkur og kvennalið Njarðvíkur tryggi sér bikarmeistaratitilinn í dag. Keflavík hefur unnið báða leikina við Tindastól (með 9 og 19 stigum) og Njarðvíkurkonur hafa unnið alla þrjá leiki sína við Snæfell þar af þann síðasta með 24 stigum.

Tindastóll og Njarðvík

Fréttablaðið fékk fimm leikmenn úr deildunum til að spá fyrir um úrslit leikjanna í dag. Atkvæðin skiptust meira í karlaleiknum því aðeins einn af fimm spámönnum kvennamegin er á því að Snæfellskonur vinni í fyrstu tilraun. Tindastóll fékk þrjú atkvæði gegn tveimur karlamegin. Það er hægt að sjá spárnar hér til hliðar.

